


skoðun 20

**Fræðimenn uggandi**

*Prófessorar vara við niðurskurði á fjárframlögum til rannsóknarstarfa.*

föstudagsviðtalið 18



**2 SÉRBLÖÐ**

í Fréttablaðinu

Allt

Föstudagur





# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
12. nóvember 2010
266. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Hagaborg er 50 ára**

*Með elstu leikskólum.*

tímamót 30

**Allt í rugli**

*Tracey Cox og Tobba kryfja íslensk stefnumót.*

fólk 38

**HK og Akureyri á skriði**

*Sigurganga liða Akureyrar og HK hélt áfram í gær.*



sport 46






**veðrið í dag**




**SNJÓKOMA** norðanlands en bjartviðri sunnanlands. Strekkingur víða með ströndum og hvessir norðvestanlands síðdegis. Frost á bilinu 0 til 7 stig.

VEÐUR 4

# Svigrúm til afskrifta fullnýtt

**Húsnæðislán gömlu bankanna voru færð yfir í þá nýju með 90 milljarða afföllum. Svigrúmið til afskrifta sem þar myndaðist er að mestu horfið með þeim aðgerðum sem stjórnvöld og bankarnir hafa þegar ráðist í.**

**SKULDAMÁL** Ekki er frekara svigrúm til afskrifta húsnæðisskulda að mati forsvarsmanna bankanna. Það svigrúm sem skapaðist þegar lánin voru færð úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju með afföllum sé nánast fullnýtt með þeim úrræðum sem þegar hefur verið gripið til, og verði það örugglega þegar gengistryggðu lánin verða leiðrétt í samræmi við það sem segir í nýframlögðu frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra.

Nýju bankarnir keyptu húsnæðislánin að meðaltali á 72 prósent af kröfuvirði af gömlu bönkunum samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur sent efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Afföllin voru samtals 90 milljarðar.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir að þar á bæ hafi menn verið að bæta í þá sjóði sem ætlað er að standa straum af niðurfærslum húsnæðislána vegna svokallaðrar 110 prósenta leiðar, lækkunar höfuðstóls gengistryggðra lána, og svo þeirra aðgerða sem væntanlegar eru eftir að frumvarpið um uppgjör gengistryggðra og erlendra lánasamninga verður að lögum. Það þýði í raun að svigrúmið sem myndaðist sé horfið, eða að bankinn sjái fram á að það hverfi á næstunni.

Helstu hagsmunaaðilar komu saman í Þjóðmenningarhúsinu í gær á tveggja klukkustunda fundi til að ræða niðurstöður reiknimeistara ríkisstjórnarinnar.

Engin niðurstaða varð af fundinum. Fulltrúar Hagsmunasamtaka heimilanna, Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar halda enn fast í þá skoðun sína að fara eigi í flata niðurfærslu skulda, en aðrir telja þá leið ófæra.

Helst er rætt um blandaða leið sértækrar skuldaaðlögunar og hækkunar vaxtabóta. Í sértækri skuldaaðlögun fælist lækkun greiðslubyrði fólks í vanda og enn frekari lenging á lánstíma, en ekki beinar afskriftir.

Önnur hugmynd er lækkun vaxta í þrjú prósent. Hrafni Magnússyni, framkvæmdastjóra Samtaka lífeyrissjóða, sem fjármagna Íbúðalánasjóð, hugnast ekki sú leið. „Vaxtalækkanir þýða skerðing á réttindum sjóðsfélaga og það er ekki til mikils að vinna ef við lækkum vexti og skerðum um leið réttindin, þá erum við komin í hring.“

- sh, bþs

**Vildu vinna málið frekar í smærri hóp**

Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara, og Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, stungu bæði upp á því á fundinum í gær að settur yrði á fót fjögurra til fimm manna hópur sem ætti að ná niðurstöðu í málinu. Í honum yrðu fulltrúar ríkisstjórnarinnar, stjórnarandstöðu, lánveitenda og skuldara, og þá vildi Gísli auk þess hafa í hópnum fulltrúa úr Hæstarétti. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mun ekki hafa tekið vel í hugmyndina og talið að nú væri tímabært að stjórnmálamenn leiddu málið til lykta.



**HVÍT JÖRÐ** Það var engu líkara en að allt væri á kafi í snjó í bænum Dukun á eyjunni Jövu í gær. Svo var hins vegar ekki því aska úr fjallinu Merapi lagðist yfir bæinn eftir eldgos síðustu daga. Merapi er virkast eldfjalla á Jövu, hefur gosið 68 sinnum síðan 1568. Nafnið Merapi þýðir í eldfjall. NORDICPHOTOS/AFP

Öll hross sluppu úr bruna:

# Eldur í hesthúsi í Mosfellsbæ

**BRUNI Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað í hesthúsahverfið í Mosfellsbæ á ellefta tímanum í gærkvöldi eftir að eldur kom upp í einu húsanna. Hestamenn og fólk úr nágrenninu kom hestunum strax í öruggt skjól og ekki er vitað til að þá hafi sakað.**

**„Það virðist vera sem eldurinn komi upp úr þakinu, slökkviliðið er nýkomið,“ sagði Jóhannes Ingi Kolbeinsson, íbúi í Dvergholti, við Fréttablaðið í gærkvöldi, en hann þá var hann að bjarga hestum úr brennandi húsinu. Jóhannes Ingi dreif sig á staðinn þegar hann varð eldsins var en hann býr í næsta nágrenni.**

**Mikinn reyk lagði frá hesthúsunum og yfir Mosfellsbæ. Skyggni var lítið sem ekkert í grennd við hesthúsabyggðina.**

**Slökkvilið var enn að störfum þegar Fréttablaðið fór í prentun á tólfta tímanum.**

- sh, kh

Enginn vissi hvernig átti að nota lista yfir viljugar þjóðir fyrir innrásina í Írak 2003:

# Birting lista kom öllum á óvart

**UTANRÍKISMÁL** Hvorki ráðherrar né sérfræðingar utanríkisráðuneytisins vissu hver tilgangurinn var með því að safna stuðningsríkjum á lista fyrir innrás Bandaríkjanna og Breta í Írak í mars 2008. Birting listans kom íslenskum stjórnvöldum í opna skjöldu.

Þetta kemur fram í skjölum um aðdraganda þess að Ísland var sett á lista stuðningsríkja við innrásina, sem utanríkisráðuneytið gerði opinber í gær. Þar er staðfest að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, og Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, ákváðu hinn 18. mars 2003 að Ísland skyldi á listann.

Trúnaður ríkir enn um hluta gagna ráðuneytisins. Heimildir Fréttablaðsins herma að ekki þyki rétt að birta skjölin, meðal annars vegna þess að hugsanlegt sé að Alþingi skipi rannsóknarnefnd til að fjalla um málið. Þau skjöl sem ekki voru birt eru vinnuskjöl og gögn um samskipti við önnur ríki.

Hvorki Davíð né Halldór vildu veita viðtal vegna málsins í gær. Í tölvupósti frá Davíð segir aðeins: „Ekkert bitastætt í þessu.“

- bj / sjá síðu 16










**SPURNING DAGSINS**



*Guðrún, er þetta ekki óþarflega mikið fjaðrafok?*

„Nei, er lífið ekki eitt fjaðrafok?. Ég vona að þær fari ekki hænufet.“

Guðrún Þura Kristjánsdóttir þarf að berjast fyrir því við borgarráð Reykjavíkur að fá að halda fjórar landnámshænur í garðinum sínum.

Trúgjarna tónskáldið Roger Davidson tjáir sig um svikamylluna í fyrsta sinn:

# Helga og Bedi fái makleg málagjöld

**LÖGREGLUMÁL** Meint fórnarlamb svikamyllu Helgu Ingvarsdóttur og Vickrams Bedi segist hafa orðið fyrir barðinu á „margbrotnu ráðabruggi svikahrappa af verstu sort“. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem hinn svikni sendi frá sér í gær. Hann hafði fram að því verið þögull og ekki látið fjölmiðla ná í sig.

Fórnarlambið heitir Roger Davidson og er vellauðugur djasspíanisti og erfingi olíurisa. Hann mun hafa greitt parinu um 20 milljónir dollara á sex ára tímabili fyrir að vernda tónlist hans fyrir hondúrískum tölvuvírus og líf hans fyrir valdasjúkum pólskum prestum úr Opus Dei-reglunni.



ROGER DAVIDSON

Parið er grunað um að hafa kokkað upp söguna til að féfletta Davidson en Bedi hefur þvertekið fyrir það og sagt Davidson ofsóknaróðan.

Davidson segir í yfirlýsingu sinni að Bedi og Helga séu ekki hefðbundnir tölvuviðgerðarmenn, heldur hafi þau vingast náið við hann í því skyni að svíkja af honum stórfé. Hann kveðst vera samvinnuþýður við saksóknaraembættið í Westchester í von um að fólkið fái makleg málagjöld og hann endurheimti hugsanlega hluta fjárins. Að lokum biður Davidson um frið á erfiðum tímum.

Helga og Bedi sitja í fangelsi ytra. Réttarhöld í málinu hefjast 2. desember. - sh

Rannsókn á manndrápi lokið:

# Gögnin til ríkissaksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur lokið að fullu rannsókn vegna manndráps í Hafnarfirði í ágúst síðastliðnum. Rannsóknargögn vegna voðaverksins sem átti sér stað í Háabergi 23 í Hafnarfirði þann 15. ágúst, þar sem Hannesi Þór Helgasyni var ráðinn bani, hafa verið send ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um framhald málsins. Íslenskur karlmaður á þrítugsaldri, Gunnar Rúnar Sigurþórsson, hefur játað sök í málinu. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 27. ágúst. -jss

Þingmenn Hreyfingarinnar:

# Vilja rannsókn á ráðuneytum

**ALÞINGI** Hreyfingin hefur lagt fram tillögu á þingi um að gerð verði rannsókn á starfsháttum í forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti í aðdraganda bankahrunsins og langt fram á þetta ár.

Rannsóknin taki til samskipta við önnur ráðuneyti, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið og ákvarðana og atburða sem tengjast falli bankanna.

Segir Hreyfingarfólk ljóst að í aðdraganda hrunsins hafi mikilvægar ákvarðanir verið teknar án umræðu í ríkisstjórn. Því sé brýnt að nefnd rannsókn fari fram. - bþs

Samþykkti að lána sjálfri sér:

# Hannes bendir á ítök Katrínar



KATRÍN PÉTURSDÓTTIR

**DÓMSMÁL** Hannes Smárason segir að samningur sem slitastjórn Glitnis komst nýverið yfir sýni alls ekki að hann hafi haft óeðlileg ítök í Glitni og getað tryggt félögum sínum lán. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem birt var á vef dómstólsins í New York í fyrradag.

Samningurinn er um kaup FL Group á bréfum í Tryggingamiðstöðinni af Hnotskurn hf. Hannes undirritar samninginn, og þar segir að FL Group muni „hlutast til um“ að Glitnir láni FL 250 milljónir. Hannes segir þetta ekki sýna fram á nein ítök hans í bankanum.

Þá bendir hann á að Katrínu Pétursdóttur hafi ekki verið stefnt í málinu, þótt hún hafi setið í stjórn Glitnis og skrifað upp á lánveitingu til eigin félags, Hnotskurnar. - sh

# Þetta er bara kjaftæði

**Forstjóri verktakafyrirtækis gefur lítið fyrir yfirlýsingar um að stutt sé í stórframkvæmdir í vegagerð. Sá söngur hafi heyrst of oft. Hann segir ríkið stuðla að gjaldþrotum verktaka með því að taka tilboðum langt undir kostnaði.**

**FRAMKVÆMDIR** „Þetta er bara kjaftæði. Það er búið að segja þetta svo oft.“

Þetta eru viðbrögð Hilmars Konráðssonar, forstjóra Magna verktaka, við tíðindum um að vegagerð fyrir tugi milljarða sé í sjónmáli.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag var greint frá góðum gangi í viðræðum lífeyrissjóðanna og ríkisins um fjármögnun vegaframkvæmda.

Hilmar segir ráðamenn hvað eftir annað hafa gefið mönnum í verktöku vonir um að eitthvað kynni að vera að fara af stað en aldrei hafi neitt gerst.

Meðal þeirra stórframkvæmda sem áformað er að ráðast í, gangi allt eftir, eru göng undir Vaðlaheiði. Hilmar telur þær ráðagerðir vitlausar við núverandi aðstæður. „Sú framkvæmd kostar mjög mikið en skapar fá störf, kannski fimmtíu. Það væri miklu nær að fara í fleiri smærri verkefni sem sköpuðu fleirum, segjum tvö þúsund manns, atvinnu.“



FORSTJÓRINN Hilmar Konráðsson, forstjóri Magna verktaka, segir stjórnvöld hvað eftir annað hafa gefið verktökum vonir um að eitthvað kynni að vera að fara af stað en aldrei hafi neitt gerst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Vegagerð fyrir tugi milljarða í sjónmáli

**Vel hefur miðað í viðræðum ríkisins og lífeyrissjóðanna um fjármögnun á tugmilljarða vegaframkvæmdum. Meginforsendur liggja fyrir en ósamið er um vexti. Vaxtalækkun Seðlabankans í síðustu viku liðkaði fyrir viðræðunum.**

**FRAMKVÆMDIR** Mjög hefur dregið saman með kröfum ríkisins og lífeyrissjóðanna um vexti í viðræðum um fjármögnun sjóðanna á vegaframkvæmdum fyrir á fjórða tug milljarða króna.

ARNAR SIGURMUNDSSON

Formlegar viðræður hafa staðið frá því í júlí. Talsvert er um liðið síðan aðilar náðu saman um allar meginforsendur og í nokkurn tíma hafa viðræðurnar einskorðast við vexti. Viðræðunefndirnar funda í dag.

„Það er eðlilegt að mikið hafi borið í milli en menn hafa verið að þétta netið og töluvert hefur áunnist,“ segir Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða.

**Verkefnin**

Verkefnin sem um ræðir eru tvöföldun Suðurlandsvegar austur fyrir Selfoss, tvöföldun Reykjanesbrautar suður fyrir Straum, lagning 2+1 vegar á Vesturlandsvegi að Hvalfjarðargöngum og göng gegnum Vaðlaheiði.

Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, sem stýrir viðræðunum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, tekur í sama streng. Að hans sögn fékk verkefnið byr undir báða vængi í síðustu viku.

„Það er engin launung á því að við biðum eftir síðustu vaxtaákvörðun og funduðum ekki í tvær vikur fram að henni. Ákvörðunin varð svo til þess að liðka fyrir málum.“ Seðlabankinn lækkaði vexti um 0,75 prósentustig á miðvikudag sem varð til þess að samkomulag náðist við lífeyrissjóðina um vaxtakjör á lánum til framkvæmdanna.

Heildarkostnaður er metinn rúmir 30 milljarðar króna og rúmir 38 milljarðar með virðisaukaskatti.

Samhliða viðræðum um fjármögnun hefur Vegagerðin unnið að undirbúningi þriggja afmarkaðra verka. Áætlanir miða að því að hægt verði að leita eftir verktökum stuttu eftir að samningar um verkefnið í heild hafa náðst. Þá verði hægt að efna til útboðs vegna tveggja kafla á Suðurlandsvegi og forvals vegna Vaðlaheiðarganga.

Gangi allt eftir geta framkvæmdir hafist snemma á næsta ári og er reiknað með að þeim ljúki um mitt ár 2015. Hyggst ríkið endurgreiða lífeyrissjóðunum lánið, sem ekki nýtur ríkisábyrgðar, með innheimtu veggjalda. - bþs

Í byrjun árs sagði Hilmar í samtali við Fréttablaðið að ástandið í verktakabransanum væri skelfilegt. „Það er búið að ákveða að taka greinina af lífi,“ sagði hann þá. Nú, rúmum tíu mánuðum síðar, segir hann orð sín hafa staðist. „Flest þeirra fyrirtækja sem enn starfa væru komin í þrot ef ekki væri biðstaða í dómskerfinu um lögmæti fjármögnunar- og kaupleigusamninga. Lýsing og þessi fyrirtæki geta ekki rukkað okkur. Þess vegna er ekki meira hrun í þessum geira en raun ber vitni. En allir nema Ístak og ÍAV sem eru í eigu útlendinga eru komnir með neikvætt eigið fé.“

Hilmar segir ástandið á markaðnum óheilbrigt; í þau örfáu verk sem boðin hafi verið út að undanförnu hafi tilboðum allt að 50 prósent af kostnaðaráætlunum verið tekið. Það segi sig sjálft að slíkt gangi ekki. „Ríkið er í fararbroddi þeirra sem taka lægstu tilboðunum. Með því gersamlega stútar ríkið fyrirtækjum sem hugsanlega gætu lifað.“ Veikburða fyrirtæki bjóði í örvæntingu mjög lágt í verk en skynsamlega rekin fyrirtæki fari ekki jafn lágt. Fyrir vikið verði þau af verkefnum og lognist á endanum út af.

Sjálfur horfir Hilmar fram á endalok eigin rekstrar. „Ég var með sextíu manns í vinnu en nú eru sex eftir og þeir hætta eftir áramót. Þrjátíu ára starf er ónýtt en ég græt það ekkert, það kemur dagur eftir þennan dag.“

bjorn@frettabladid.is

Breytingar á vegakerfinu:

# Vegtollar til og frá Reykjavík

**SAMGÖNGUR Vegtollar, 100 til 200 krónur, verða lagðir á allar umferðaræðar til og frá höfuðborginni innan nokkurra ára. Fyrirhugað er að taka upp vegtolla í öllu vegakerfinu. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Skammt er frá því að Alþingi samþykkti lög um að stofna opinber hlutafélög um vegagerð. Annað er félag um breikkun vega til og frá höfuðborgarsvæðinu; Reykjanesbrautar, Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar. Einnig stendur til að stofna félag um Vaðlaheiðargöng. Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi samgönguráðherra, ræðir nú við lífeyrissjóði um fjármögnun þessarar vegagerðar fyrir hönd ríkisins.**

**Heimildir fréttastofu Stöðvar 2 herma að hámarksveggjald fyrir norðan verði 800 krónur, en rætt sé um að veggjöldin á vegunum til og frá höfuðborginni, verði 100 til 200 krónur.**

Fræðigrein í Skírni:

# Landnám hófst löngu fyrir 870

**VÍSINDI** Eðlisfræðingurinn Páll Theodórsson telur sannað að fyrstu landnámsmennirnir hafi sest að á Íslandi löngu fyrir árið 870, eins og almennt er gengið út frá. Þetta kemur fram í grein Páls í nýjasta tölublaði Skírnis, sem kom út í gær.

Þessi kenning hefur, að sögn Páls, mætt andstöðu fræðimanna. Hann telur þó að með nýrri rannsóknaraðferð, ørkolagreiningu, sé hægt að sanna að landnám hófst í Kvosinni löngu fyrir 870, og rannsóknir víðar í Reykjavík og í túngarði í Krýsuvík styðji það. Frekari rannsókna sé þó þörf til að ákvarða upphaf búsetu með meiri nákvæmni. - þj






Forsætisráðherra sakaður um hótanir vegna aðildarviðræðna við ESB:

# Niðurstaðan fengin með hótunum

**STJÓRNMÁL** Einar K. Guðfinsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, hafi varpað nýju ljósi á atkvæðagreiðsluna á Alþingi í júlí 2009 þegar samþykkt var að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Ásmundur Einar sagði í umræðum á Alþingi í gær að Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra, hefði verið hótað við atkvæðagreiðsluna. Ef hann myndi ekki styðja tillögu utanríkisráðherra yrði hann ekki lengi ráðherra.

Ásmundur sagði enn fremur: „Daginn sem atkvæðagreiðslan var í þinginu þá var enginn annar en hæstvirtur forsætisráðherra sem sat hér og kallaði hvern þingmann Vinstri grænna á fætur öðrum inn á teppið til sín og sagði þeim hinum sömu að ef þeir samþykktu að fram færi tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla og það væri samþykkt væri fyrsta vinstristjórnin sprungin.“

Einar segir málið afar alvarlegt þar sem atkvæðagreiðslan hafi farið fram með ólýðræðislegum hætti. „Það sem blasir við er að það var í raun og veru meirihluti þingmanna á móti því að samþykkja aðildarumsókina að Evrópusambandinu,“ sagði Einar. „Niðurstaðan var fengin með hótunum og kúgunum.“



JÓN BJARNASON



ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON



EINAR K. GUÐFINNSSON

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra stunda hótunarstjórnmál. Hún segir grafalvarlegt að þjóðþingið skuli hafa verið þvingað til að taka afdrifaríka ákvörðun í atkvæðagreiðslunni um aðildarumsókn að Evrópusambandinu í júlí á síðasta ári

Hvorki náðist í Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra né Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í gær. - mmg / þj

# EJS | HLUTI AF SKÝRR

**EJS og rekstrarlausnir Skýrr hafa verið sameinuð. EJS verður eftirleiðis rekið sem eitt af þremur tekjusviðum Skýrr.**

Við sameininguna verður til öflugasta eining landsins í þjónustu og sölu á tölvubúnaði, hýsingu og rekstrarþjónustu.

Starfsfólk sameinaðs fyrirtækis verður um 470 talsins og sinnir þörfum þúsunda viðskiptavina.

Samþætt vöruframboð EJS og Skýrr mótast meðal annars af fjölbreyttum eigin lausnum og þjónustu, en ekki síst samstarfi við alþjóðleg fyrirtæki á borð við Cisco, Dell, EMC, Microsoft, NCR, Oracle, SAP BusinessObjects og VeriSign.

Velkomin.



**GENGIÐ 11.11.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,38 | 111,92 |
| Sterlingspund | 179,78 | 180,66 |
| Evra | 153,02 | 153,88 |
| Dönsk króna | 20,527 | 20,647 |
| Norsk króna | 18,917 | 19,029 |
| Sænsk króna | 16,446 | 16,542 |
| Japanskt jen | 1,3532 | 1,3612 |
| SDR | 174,20 | 175,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,2081

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Saksóknari í Malmö gagnrýnir fjölmiðla fyrir myndbirtingu af byssumanninum:

# Grunaður um fleiri morð

**SVÍÞJÓÐ** Peter Mangs, 38 ára Svíi sem handtekinn var um síðustu helgi grunaður um eitt morð og nokkrar skotárásir í Malmö undanfarið ár, er einnig talinn sekur um fleiri óupplýst morð frá fyrri árum.

Þar á meðal er hann grunaður um morð á tveimur mönnum í Malmö árið 2003, en þeir voru báðir af erlendum uppruna rétt eins og fólkið sem hann hefur skotið á undanfarið.

Saksóknaraembættið í Malmö hefur gagnrýnt fjölmiðla fyrir að birta myndir af manninum. Það með verði tilgangslítið að biðja vitni um að bera kennsl á manninn.

Hann neitar enn allri sök þannig að málatilbúnaður gegn honum þarf að byggja á öðrum sönnunargögnum. Samkvæmt sænskum fjölmiðlum hefur lögreglu tekist að tengja að minnsta kosti aðra af tveimur byssum, sem hald var lagt á á heimili mannsins, við eina eða fleiri af þeim skotárásum, sem hann er grunaður um.

Maðurinn, sem er 38 ára, hefur verið úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald og mun einnig gangast undir geðrannsókn. **- gb**



**HINN GRUNAÐI** Peter Mangs kom fyrir dómara í vikunni og var úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald. NORDICPHOTOS/AFP

Tveir þjófar áfram inni:

# Afrit náðust af fótsporunum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum náði afritum af fótsporum þjófa sem grunaðir eru um allmörg innbrot í umdæminu. Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um gæsluvarðhald mannanna.

Um er að ræða tvo menn sem eru grunaðir um að hafa stolið umtalsverðum verðmætum með því að brjótast inn í íbúðarhúsnæði. Þeir eru báðir af erlendum uppruna. Lögreglan segir rökstuddan grun um að þeir séu viðriðnir umfangsmikla og skipulagða þjófnaðarstarfsemi. **- jss**

Verður við kalli lögreglustjóra:

# Björgvin aftur yfir kynferðisbrotadeildinni

**LÖGREGLUMÁL** Björgvin Björgvinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur tekið aftur við stjórn kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Björgvin óskaði eftir flutningi í starfi eftir að haft var eftir honum í DV að fórnarlömb nauðgana ættu að líta í eigin barm. Þau ummæli vöktu hörð viðbrögð. Lögreglustjóri hefur nú óskað eftir því að hann endurskoði þá ákvörðun sína. Björgvin hefur ásamt samstarfsfólki sínu byggt upp starfsemi deildarinnar „með afar góðum árangri“, segir í tilkynningu frá LRH. „Björgvin nýtur og hefur ætíð notið fyllsta trausts yfirstjórnar lögreglu.“ **- jss**

Sakfelld fyrir rangar sakargiftir:

# Dómur þyngdur yfir Sophiu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Sophiu Guðrúnu Hansen í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa komið því til leiðar að rannsókn hófst gegn Sigurði Pétri Harðarsyni hjá lögreglu. Málið varðaði undirskrift á þremur viðskiptabréfum að upphæð um 42 milljónir króna sem Sophia taldi nafn sitt falsað á og kvaðst gruna Sigurð Pétur um það. Málið var kært til lögreglu árið 2007. Rannsókn sænskra rithandarsérfræðinga leiddi í ljós að sennilega skrifaði Sophia sjálf undir viðskiptabréfin. **- jss**



**SOPHIA HANSEN**

# Flugfélagið er sátt og ætlar að byggja sjálft

**Framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands er ánægður með að áralöngum vangaveltum um samgöngumiðstöð í Vatnsmýri sé lokið. Félagið hyggst bæta húsakost sinn við Reykjavíkurflugvöll og býður aðra flugrekendur velkomna.**

**FRAMKVÆMDIR** „Það er ánægjuefni að niðurstaða sé komin,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.

Borgarstjóri og samgönguráðherra hafa ákveðið að samgöngumiðstöð rísi ekki í Vatnsmýri. Rætt hefur verið um slíka framkvæmd í áratug og undirbúningur staðið í sex ár.

Á meðan hefur Flugfélagið setið og beðið og farþegar þess mátt gera sér lúinn og þröngan húsakostinn við Reykjavíkurflugvöll að góðu.

Sem dæmi um ástand mála var hluti af starfsemi félagsins rekinn í gámum síðastliðið sumar.

Árni segir að þar sem yfirvöld hafi áformað byggingu samgöngumiðstöðvarinnar hafi ekki verið ráðist í kostnaðarsamar endurbætur á húsakynnum félagsins og þaðan af síður í nýbyggingu. Nú sé ný staða uppi. „Nú förum við í gegnum málið og ég sé fyrir mér bæði endurbætur á núverandi húsnæði og viðbyggingu,“ segir Árni. Einnig verði hugað að öðrum þáttum, líkt og malbikun bílastæðis sem ekki þótti borga sig að ráðast í vegna yfirvofandi flutninga í samgöngumiðstöðina.

„Já, já, alveg hiklaust,“ svarar Árni spurður hvort aðrir flugrekendur fái inni í stærri og endurbættum húsakynnum Flugfélagsins.

Í hönd fara viðræður við skipulagsyfirvöld um mögulegar framkvæmdir.

bjorn@frettabladid.is

## Samgöngumiðstöð í skoðun frá 1955

Árið **1955** stóð til að reisa nýja flugstöð þar sem Hótel Loftleiðir stendur. Ekki fékkst fjárveiting til framkvæmda.

Árið **1962** réðust Loftleiðir í byggingu skrifstofa og flugstöðvar þar sem Hótel Loftleiðir stendur. Skömmu síðar fluttist millilandaflugið til Keflavíkurflugvallar og byggingin var endurhönnuð sem hótel.

**1973** var lagt til að ný 4.000 fermetra flugstöð yrði reist á suðausturhluta flugvallarsvæðisins. Fjárskortur kom í veg fyrir framkvæmdir.

**1974** var lögð fram tillaga um að breyta hluta Hótels Loftleiða í flugstöð með tæplega 5.000 fermetra viðbótarbyggingu. Ekki varð af framkvæmdum.

**1985** var lagt til að ný 3.400 fermetra flugstöð yrði byggð fyrir vestan og sunnan flugturn og skrifstofur Flugmálastjórnar. Ekki náðist samstaða um málið. Sama ár var lagt til að 4.000 fermetra flugstöð risi á suðausturhluta flugvallarsvæðisins.

**2001** voru kynntar tillögur um flugstöð/samgöngumiðstöð í eða tengt Hótel Lofleiðum.

**2005** eru lagðir til tveir kostir; nýbygging, 5.100 fermetrar að grunnfleti, á norðausturhorni flugvallarsvæðisins (skammt frá Hótel Loftleiðum og íþróttasvæði Vals) og breyting neðstu hæðar Hótels Loftleiða í samgöngumiðstöð.

**2006** leggur vinnuhópur til að samgöngumiðstöð rísi á norðausturhorni flugvallarsvæðisins.

**2008** ákveður samráðshópur að miðstöðin rísi á norðausturhorninu. Ráðgert er að byggingin verði 3.200 fermetrar í fyrsta áfanga.

**2009** er samkomulag gert um bygginguna.

**2010** er samgöngumiðstöð slegin út af borðinu.



**FLUGSTÖÐ TIL FRAMTÍÐAR** Flugfélag Íslands hyggst ráðast í endurbætur á húsakosti sínum við Reykjavíkurflugvöll í ljósi ákvörðunar yfirvalda um að ekkert verði af nýrri samgöngumiðstöð.

Atferli ökumanna í Reykjavík:

# Um tíu prósent nota ekki belti

**UMFERÐ** Nær tíundi hver ökumaður í Reykjavík talar í síma undir stýri án handfrjáls búnaðar. Álíka margir nota ekki bílbelti. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem tryggingafélagið VÍS gerði í október. Kannaðir voru 26.186 bílar.

Fylgst var með umferðinni tvisvar sinnum á fyrirfram ákveðnum stöðum við stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu. Einungis voru þeir bílar taldir þar sem sjá mátti með vissu hvort notað væri bílbelti og hvort ökumaður var að tala í farsíma án handfrjáls búnaðar.

Sigrún A. Þorsteinsdóttir, forvarnafulltrúi VÍS, segir niðurstöðurnar koma á óvart. „Það er undarlegt að allir skuli ekki framkvæma eins einfalda athöfn og að spenna á sig beltið þegar þeir setjast undir stýri,“ segir Sigrún. **- sv**

Önnum kafnir bæjarfulltrúar:

# Deilt um byrði aukastarfanna

**SVEITARSTJÓRNIR** Gunnar Ingi Birgisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í Kópavogi, segir Guðríði Arnardóttur, fulltrúa Samfylkingar og formann bæjarráðs, hafa „látið kjósa sig í urmul af nefndum“ á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Því sé ljóst að formennska í bæjarráði Kópavogs teljist ekki tímafrekt starf. Þetta bókaði Gunnar á bæjarstjórnarfundi.

„Undirritið bendir á að Gunnar Ingi Birgisson sat á Alþingi á sama tíma og hann gegndi formennsku í bæjarráði,“ svaraði Guðríður. Gunnar sagði það aldrei hafa komið niður á starfi sínu sem formanni bæjarráðs. „Bendi einnig á að Guðríður Arnardóttir er í fullu starfi sem framhaldsskólakennari með öðrum störfum sínum,“ sagði Gunnar. **- gar**






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**KULDALEG HELGI**
Það má búast við vaxandi frosti á landinu nú um helgina og á sunnudag nær frostið væntanlega tveggja stafa tölu inn til landsins en verður minna með ströndum. Það snjóar norðan til í dag og austanlands á morgun en á sunnudag verður víða bjart veður.



**Á MORGUN**
Sums staðar strekkingsvindur.

**SUNNUDAGUR**
Hægur eða fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 14° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 15° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 1° |
| París | 15° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



VIKING™
# KULDASKÓR



**Amazing Flower kuldaskór**
st. 22-30
**11.990.-**



**Play kuldaskór**
st. 22-30
**11.990.-**



**Hemsedal kuldaskór**
st. 28-39
**13.990.-**

**Thermo Viking stígvél**
- 100% vatnsheldni
- Létt á fæti
- Halda fótum hlýjum og þurrum í allt að -30° frosti
- Má þvo á 30° hita
- Úr umhverfisvænu efni, innihalda ekki PVC



**Icefighter/Thermo**
loðfóðruð stígvél
st. 38-48
**9.990.-**



**Thermo**
loðfóðruð stígvél
st. 21-39
**7.490.-**



**Classic Winter**
loðfóðruð stígvél
st. 21-39
**6.990.-**



**Hearts**
loðfóðruð stígvél
st. 21-35
**6.990.-**

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við niðurstöður sérfræðingahóps um skuldir heimilanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 30,4% |
| Nei | 69,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hugnast þér vegatollar á þjóðvegum að höfuðborgarsvæðinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Nýbygging Háskólans í Reykjavík var vígð við hátíðlega viðhöfn í gær:

# Loftsteinn lagður sem hornsteinn HR

**SKÓLAR** Nýbygging Háskólans í Reykjavík (HR) við Nauthólsvík var vígð við hátíðlega athöfn í gær þar sem Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Magnús Júlíusson, formaður Stúdentafélags HR, lögðu hornstein að byggingunni. Steinn þessi er ansi merkilegur því um er að ræða fimm kílóa loftstein sem lenti á jörðinni fyrir um 4.000 árum. Forsvarsmenn skólans ákváðu að þar sem meginhugsunin í hönnun hússins sé jörðin og himingeimurinn, væri vel við hæfi að hafa loftstein sem hornstein skólans. Því réðust bakhjarlar HR í það verkefni að festa kaup á steininum og nutu til þess aðstoðar Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

Vígsla hússins markar tímamót hjá HR þar sem nú er öll starfsemi skólans komin undir eitt þak. Byggingin er sem stendur um 30.000 fermetrar, en byggingu tveggja smærri álma, hefur verið skotið á frest sökum efnahagsástandsins. Um 3.000 nemendur eru nú við skólann og við hann starfa um 270 manns.

Við athöfnina í gær hélt forseti Íslands tölu og Jón Gnarr borgarstjóri kynnti samstarf HR, Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Íslands um uppbyggingu útivistarsvæðisins í Öskjuhlíð. - þj



**LÖGÐU LOFTSTEIN** Menntamálaráðherra og formaður nemendafélags HR lögðu hornstein að nýbyggingu skólans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þín verslun
Seljabraut
25 ára!

Við erum í sannkölluðu hátíðarskapi, frábær afmælistilboð og 25% afsláttur í hverri hillu!

Kíktu í heimsókn, við tökum vel á móti þér.

Þín verslun | Seljabraut 54 | sími 557 1780
Opnunartími: Mán.–fös. 9–21 / lau.–sun. 10–21

# Óeirðaseggir gætu skaðað málstaðinn

**Íslenskur námsmaður í London segir mikla reiði enn ríkja vegna fyrirhugaðra hækkana á skólagjöldum í háskóla. Fámennur hópur hleypti upp friðsömum mótmælum. Námsmenn óttast að skilaboð þeirra hafi ekki komist til skila.**

**LONDON, AP** Margir námsmenn í Bretlandi telja að ólætin sem settu svip sinn á mótmælin í Lundúnum á miðvikudag, gætu skaðað málstað námsmanna og varpað skugga á kröfur þeirra. Þetta segir íslenskur leiklistarnemi, Sigurbjörg Alma Ingólfsdóttir, að einkenni umræðuna í hennar kunningjahópi, en hún nemur við Rose Bruford Acting College.

Sigurbjörg tók ekki sjálf þátt í mótmælunum, en segir í samtali við Fréttablaðið að fjölmargir vina hennar hafi verið í hópi þeirra 50.000 mótmælenda sem gagnrýndu fyrirhugaða hækkun námsgjalda í háskóla landsins. Hámarksgjöld fyrir Breta eru 3.000 pund eins og er, en áætlað er að hækka gjöldin upp í 9.000 pund.



**SIGURBJÖRG ALMA INGÓLFSDÓTTIR**

„Það var þarna hópur sem skapaði mestu vandræðin og kynti undir öðrum með því að rétta þeim steina og hvetja þá til að grýta lögregluna eða rúður í nærliggjandi húsum.“

Í fréttaskeyti AP kemur fram að þessi fámenni hópur hafi brotist inn í höfuðstöðvar Íhaldsflokksins og valdið þar miklum skemmdum. Mótmælendur komust upp á þak byggingarinnar og köstuðu þaðan rusli, vatni og jafnvel slökkvitækjum og má mildi þykja að enginn hafi slasast illa.

„Langsamlega flestir mættu þarna til að láta í sér heyra,“ segir Sigurbjörg. „En það voru því miður einhverjir sem komu á staðinn bara til að valda uppþotum. Margir í þeim hópi voru ekki einu sinni námsmenn.“




**LÆTI Í LONDON** Námsmenn fjölmenntu til að mótmæla fyrirhuguðum hækkunum á skólagjöldum í breska háskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigurbjörg segir að stemningin meðal námsmanna í London sé þannig að þó að vissulega hafi ólætin dregið athygli að kröfum námsmanna þá voru skemmdirnar svo miklar að það gerði málið neikvæðara.

„Þannig að það eru margir ósáttir við það hvernig það fór. Þetta gekk of langt og fólki finnst ekki sem rétt skilaboð hafi komist til skila.“

Aðspurð segir Sigurbjörg að enn sé reiði í námsfólki og mögulega stemning fyrir því að stofna aftur til mótmælaaðgerða. „En menn eru hræddir um að ólætin gætu endurtekið sig.“

Miklar deilur ríkja enn um málið sem kemur sérstaklega illa út fyrir flokk Frjálslyndra demókrata sem lofaði fyrir kosningarnar fyrr á árinu að afturkalla skólagjöldin, sem fyrst voru sett á af stjórn Tony Blair fyrir um áratug.

thorgils@frettabladid.is

Lexus notaðir bílar



Lexus LS-460 President I
Nýskr. 21.12.2006 / Ekinn aðeins 9.900 km.
Vél: 4,6L bensín / Sjálfsk. 8 þrepa.
Verð: 9.730.000 kr.
Hlaðinn aukabúnaði

LEXUS

Nýbýlavegi 2 | sími 570 5400 | www.lexus.is
Afgreiðslutími: mán. - föst. kl. 9 - 18. Lau. kl. 12-16.
lexus@lexus.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is

Ríkissaksóknari ákærir þrjá unga menn fyrir íkveikju í Vestmannaeyjum:

# Brenndu rútu til kaldra kola

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært þrjá unga menn, á aldrinum átján ára til rúmlega tvítugs, fyrir að kveikja í rútu í Vestmannaeyjum og brenna hana til kaldra kola. Piltarnir eru ákærðir fyrir að hafa valdið almannahættu með þessu tiltæki sínu.

Atvikið átti sér stað aðfaranótt 1. apríl á síðasta ári. Rútan stóð mannlaus og án skráningarmerkja. Svo mikill hiti var af eldinum að klæðning og gluggarúður í nálægu húsi skemmdust, og við lá að eldur blossaði upp í því. Þar voru geymdir flugeldar, svo og tæki og búnaður björgunarsveitar.

Í ákæru er tveim piltanna gefið að sök að hafa í tvígang sótt eldfiman vökva úr geymsluhúsnæði til að nota við íkveikjuna. Allir komu þeir við sögu við íkveikjuna sem mistókst í fyrra sinnið en hafðist loks þegar þeir helltu vökvanum í rútuna, fleygðu vökvabrúsanum inn í hana og báru eld að. Í millitíðinni höfðu piltarnir ekið um götur Vestmannaeyjabæjar til að njósna um ferðir lögreglunnar.

Vestmannaeyjabær krefur piltana um skaðabætur að fjárhæð rúmlega 180 þúsund krónur. Ferðaþjónusta Vestmannaeyja krefur þá um rúmar 3,3 milljónir. - jss



**VESTMANNAEYJAR** Rútubruninn átti sér stað í Vestmannaeyjum.

# 90,5%

# VIÐSKIPTAVINA ÁNÆGÐIR

### DÆMI UM UMMÆLI ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI

★★★★★

„Fólkið er frábært og yndislegt. Halda því áfram."

„Mæli með ykkur og veit að sumir af mínu fólki og vinum hafa komið til ykkar."

„Æðisleg þjónusta."

„Er nýlega flutt yfir til MP banka. Mjög ánægð og hef engu við það að bæta. Takk fyrir mig og mína."

„MP er frábær banki. Takk fyrir mig."

„Keep up the good work!"

„Starfsfólk bankans á mikið hrós skilið."

„Svona eiga bankar að vera!"

**Samkvæmt nýrri þjónustukönnun Capacent eru meira en 90% viðskiptavina okkar ánægðir með þjónustuna.**

Við erum stolt af þessum frábæra árangri enda eru viðskiptavinir okkar kröfuharður hópur sem hefur reynslu og samanburð af viðskiptum við stóru bankana.

**Komdu við í útibúum okkar eða hringdu og kannaðu hvers vegna viðskiptavinir okkar eru svona ánægðir.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is




Fiton/SIA

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver var markahæstur í N1-deild karla í handbolta eftir sex umferðir?*

**2** *Hversu háa sekt geta fyrirtæki fengið fyrir að skila ekki reikningum til Ársreikningaskrár?*

**3** *Hvað heita landnámshænurnar sem mega ekki búa á Hjallavegi í Reykjavík?*

**SVÖR**

*1. Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK. 2. 250 þúsund krónur. 3. Lukka, Gríma, Bíbí og Gæfa.*

Alþjóðleg athafnavika verður sett í annað sinn hér á landi á mánudag í Nauthóli:

# Stærsta átak í heimi á sviði nýsköpunar

**NÝSKÖPUN** Alþjóðlega athafnavikan á Íslandi hefst á mánudaginn næstkomandi. Að vikunni koma um 100 lönd og er þetta í annað sinn sem vikan er haldin á Íslandi og í þriðja sinn á heimsvísu.

Árið 2009 voru um fimmtíu samstarfsaðilar sem tóku þátt hér á landi, yfir 5.000 gestir og um 120 viðburðir. Ísland fékk viðurkenningu fyrir að vera með flesta viðburði miðað við höfðatölu og lenti í 14. sæti yfir flesta viðburði yfir allt.

Þórhildur Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Athafnavikunnar á Íslandi, segir allt stefna í að þátttakan verði jafn góð og jafnvel betri en í fyrra.

„Þetta er stærsta hvatningarátak í heimi á sviði nýsköpunar," segir Þórhildur. „Við viljum hvetja fólk til þess að láta hugmyndir sínar verða að veruleika og minna á gildi athafnasemi."

Hver sem er getur haldið viðburð í vikunni, einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Margir af helstu leiðtogum heims eru talsmenn vikunnar, meðal annars Hillary Clinton og Nicholas Sarkozy. Hér á landi eru þær Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, meðal talsmanna. Iðnaðarráðherra setur hátíðina í Nauthóli á mánudaginn klukkan 17.

Dagskrá og skráningu er að finna á heimasíðu Athafnaviku, www.athafnavika.is. **- sv**



**ÞÓRHILDUR BIRGISDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Athafnaviku segir vikuna vera hvatningu til fólks til að láta hugmyndir sínar verða að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjórir settir í farbann:

## Meintum dópsölum sleppt

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 25. nóvember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Maðurinn, sem er erlendur ríkisborgari og var handtekinn um miðja síðustu viku, er grunaður um aðild að máli sem er til rannsóknar hjá lögreglu og snýr að framleiðslu fíkniefna, sölu þeirra og dreifingu. Fjórir karlmenn til viðbótar, sem sátu í gæsluvarðhaldi frá 21. október vegna sama máls, hafa verið úrskurðaðir í farbann til 8. desember. Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir þeim rann út í gær en ekki var farið fram á framlengingu. Fjórmenningarnir, sem voru handteknir í Reykjavík og Grímsnesi í síðasta mánuði, eru sömuleiðis allir erlendir ríkisborgarar. Mennirnir eru á þrítugs- og fertugsaldri. **- jss**



**FJÖLMENNING Í FYRIRRÚMI** Fjölmenningarráð var skipað í fyrsta sinn um síðustu helgi. Hér eru fjórir úr ráðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm í fjölmenningarráð:

## Innflytjendur fá rödd í borgarmálunum

**SAMFÉLAGSMÁL** Fimm fulltrúar voru kjörnir í fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar á Fjölmenningarþingi sem haldið var í Borgarleikhúsinu um síðustu helgi. Þetta er í fyrsta sinn sem skipað er í ráðið, en því er ætlað að vera mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og stofnunum borgarinnar innanhandar í málefnum innflytjenda. Um 200 gestir mættu á þingið, þar sem fram fóru líflegar umræður og kynning á þjónustu borgarinnar. **- þj**

# Aðild að ESB og upptaka evru leysir myntvandann

**Aðild að ESB er óviss og í besta falli langt í land, segir seðlabankastjóri. Hann talar fyrir nýrri nálgun í peningamálastjórn. Illugi Gunnarsson, alþingismaður í leyfi, segir krónu annaðhvort fylgja sveiflur eða höft.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er alveg klárt að aðild að Evrópusambandinu og evrusvæðinu myndi leysa myntvandann sem birtist í fjármálakreppunni hér, bæði frá sjónarhóli verðstöðugleika og frá sjónarhóli fjármálastöðugleika," sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri á hádegisfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga (FVH) um peningamál í gær. Um leið áréttaði hann að landið gæti samt komið sér í vandamál varðandi fjármálastöðugleika eftir öðrum leiðum.

„En auðvitað er það þannig að þessi aðild er óviss og á í besta falli langt í land. Þess vegna þarf að móta peningastefnu sem getur dugað þangað til og til frambúðar ef á þarf að halda," sagði Már. Stefnuna sem seðlabankastjóri talar fyrir kallar hann „verðbólgumarkmið plús", en aðrir valkostir í stjórn peningamála segir hann vera einhliða fastgengi, annaðhvort hefðbundið eða með myntráði, og svo einhliða upptöku annarrar myntar. Fastgengi segir Már annaðhvort kalla á viðvarandi gjaldeyrishöft eða öflugan gjaldeyrisforða svo hægt sé að verja gengið. Báðar leiðir séu afar kostnaðarsamar. Þá fylgi myntráði líka vandamál sem lýsi sér í hættunni á alvarlegu gengisfalli þegar að því kemur og benti á fordæmi Argentínu. Þá sé einhliða upptaka evru líka hættuleg. „Þá er engin trygging fyrir neinni lánsfjár- eða lausafjártryggingu í þeirri mynt," sagði hann og kvað peningastefnukerfi þurfa að þola sveiflu í báðar áttir. „Sveiflan niður á við kemur alltaf líka," sagði hann og benti um leið á að ekkert vit væri heldur í að eyða gjaldeyrisforðanum í að kaupa evrur, ef hægt væri með samningum að skipta honum út fyrir evrur.

> „Það varð að verða verulegur afturkippur, jafnvel hrun, í íslensku hagkerfi jafnvel þótt ekkert hefði gerst erlendis.
>
> **RAGNAR ÁRNASON** HAGFRÆÐIPRÓFESSOR

Leiðin sem Má hugnast best er verðbólgumarkmið sem tengt yrði almennum hagtölum á betri hátt en áður. Stuðningur frá ríkisfjármálum yrði að vera betri en áður, varúðarreglur yrðu að vera góðar og sterkt fjármálaeftirlit. Þá þyrfti hömlur á alþjóðlega bankastarfsemi, svo lengi sem þjóðin væri utan stærra myntsvæðis, auk fleiri þátta.

Már sagði að þótt lítil fjármálalega samþætt hagkerfi á borð við Ísland, Nýja-Sjáland og fleiri lönd, gætu fræðilega haft fljótandi mynt án áhættu fyrir fjármálastöðugleika, sýndu rannsóknir að gengi gjaldmiðla þeirra hefði tilhneigingu til óþekktar, að minnsta kosti til skemmri tíma. „Dæmi um það er auðvitað vaxtamunarviðskiptin," sagði hann.

Illugi Gunnarsson, þingmaður í leyfi, var einnig með framsögu á fundinum. Hann fjallaði líka um vaxtamunarviðskipti og benti á að þau kæmu tæpast til með að hverfa. Spákaupmenn á gjaldeyrismarkaði störfuðu samkvæmt Svartaskólaheilkenninu sem fólk þekkir úr þjóðsögum Jóns Árnasonar af Sæmundi fróða. Skrattinn hirti nefnilega bara þann nemanda sem síðastur var út. Gjaldeyrisbraskarar veðja allir á að þeir nái að forða sér, en einhver annar tapi. Reynslan sýndi að hér væri ekki hægt í opnu hagkerfi að hækka vexti mikið umfram það sem gerðist í viðskiptalöndum okkar.

Niðurstaða Illuga var að horfast yrði í augu við kostnaðinn af því að halda hér úti krónu, en hann endurspeglaðist annaðhvort í gengissveiflum eða einhvers slags hömlum, og kostnaði sem þær hefðu í för með sér.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, sem sat í pallborði á fundi FVH, benti á að þær hafi verið fáar raddirnar á árunum fyrir hrun, 2005, 2006 og 2007, sem haft hafi uppi gagnrýni á stjórn peningamála og lítið á þær hlustað. „Við erum núna meira og minna sammála um mistökin sem voru gerð," sagði hann, en kvaðst í stórum dráttum sammála greiningu Illuga og Más á þeim vandamálum sem nú væri staðið frammi fyrir við stjórn peningamála. Ýmislegt væri hægt að gera strax til að forða líkum á öðru hruni, svo sem að sveitarfélög skuldsetji sig innan einhverra marka og taki ekki erlend lán, fremur en almenningur með tekjur í krónum. **olikr@frettabladid.is**



**PALLBORÐ FVH** Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Illugi Gunnarsson þingmaður, Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri Gamma, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Ragnar Árnason prófessor, ræddu stjórn peningamála á Hótel Loftleiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Íslenska hrunið var óumflýjanlegt



„Þegar menn búa við stórt alþjóðlegt bankakerfi og smámynt eins og íslensku myntina þá þurfa menn að fara varlega," áréttaði **Ragnar Árnason** prófessor í máli sínu í pallborði á fundi FVH í gær. Þessu hafi menn flaskað á í stjórn peningamála fyrir hrun, þegar vextir voru hækkaðir stig af stigi, með þeim afleiðingum að gjaldeyrir streymdi inn í landið.

„Ég fullyrði að með þessum aðgerðum var hluta af verðbólgunni í raun og veru sópað undir teppið í skjóli gengishækkunar, með þeim afleiðingum að landið varð stórlega skuldsett út á við. Og leiðrétting á þeirri skuldastöðu og þeirri þungu vaxtabyrði sem henni fylgdi var óhjákvæmileg. Þannig að það varð að verða verulegur afturkippur, jafnvel hrun, í íslenskum hagkerfi jafnvel þótt ekkert hefði gerst erlendis," sagði Ragnar og kvað Seðlabankann fyrir hrun hafa fylgt algjörlega ósjálfbærri stefnu.


LYFJA – Lifið heil

www.lyfja.is



**Hjúkrunarþjónusta í Lyfju Lágmúla**

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu, m.a. aðstoð við léttar sáraskiptingar og við að fjarlægja sauma.

**Þjónustan er opin virka daga frá kl. 8 -17.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 51969 10/10





**MÓTMÆLA NIÐURSKURÐI** Listi með undirskriftum rúmlega 10.000 Sunnlendinga, þar sem mótmælt var niðurskurði á fjárframlögum til heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu, var afhentur heilbrigðisráðherra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**43%** AFSLÁTTUR

**199**kr/pk.
Áður 349 kr/pk.

**BASIL**
NÁTTÚRA



**30%** AFSLÁTTUR

**HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ SÚKKULAÐITÓMATA?**

TOMMY SANTA
279 KR/PK.
ÁÐUR **398** KR/PK.

ERLENDIR Í LAUSU
265 KR/KG
ÁÐUR **379** KR/KG

ÍSLENSKIR Í BAKKA
298 KR/PK.
ÁÐUR **425** KR/PK.

KIRSUBERJA ÍSL.
244 KR/PK.
ÁÐUR **349** KR/PK.

KONFEKT
244 KR/PK.
ÁÐUR **349** KR/PK.

# TÓMATADAGAR!
## GLÆSILEGT ÚRVAL

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*



FRÁBÆRT VERÐ

**2.995**kr/kg

**LAMBAFILLE**
FERSKT M/FITU



**31%** AFSLÁTTUR

**1.597**kr/kg
Áður 2.298 kr/kg

**OFNSTEIK**
M/DÖNSKUM BLÆ



**29%** AFSLÁTTUR

**590**kr/kg
Áður 831 kr/kg

**KJÚKLINGALEGGIR**
BBQ



**999**kr/kg

**BAYONNESKINKA**



**995**kr/kg

**GRÍSASNITSEL**
Í RASPI, FROSIÐ



FRÁBÆRT VERÐ

**298**kr/pk.

**ÍS Í BOXI**
VANILLU, SÚKKULAÐI EÐA JARÐARBERJA



**30%** AFSLÁTTUR

**69**kr/pk.
Áður 99 kr/pk

**NÚÐLUSÚPUR**
ÝMSAR TEG.



**229**kr/pk.

**TOFFYPOPS**
300 G

100% HREINN SAFI
ÁN LITAR- EÐA
GERVIEFNA



**49**kr/stk.

**APPELSÍNUSAFI**
200 ML



**30%** AFSLÁTTUR

**69**kr/stk.
Áður 99 kr/stk.

**EMERGE ORKUDRYKKUR**
250 ML



**69**kr/stk.

**PEPSI**
33 CL



**5.799**kr/stk.

**PARTÝ ALIAS**
SLÁÐU Í GEGN Í NÆSTA PARTÝI!

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!**

Verið velkomin í Nettó

**GILDIR 11. - 14. NÓV.**

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

**FRÉTTASKÝRING:** Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum

# Ætla að draga úr mengun um tuttugu prósent á áratug

**Ríkisstjórnin hefur samþykkt aðgerðaáætlun til næstu tíu ára sem draga á úr losun gróðurhúsalofttegunda. Áætlunin nær til allra samgangna á Íslandi og landgræðslu. Flýta á fyrir metanvæðingu bílaflotans. Vonir standa til að nota lífefnaeldsneyti á fiskiskipaflotann.**

### Þróun á losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2020




*Gg er gígagrömm sem samsvarar 1.000 tonnum.

Ríkisstjórnin hefur stigið fyrstu skrefin í aðgerðaáætlun umhverfisráðuneytis í loftslagsmálum sem draga á úr losun gróðurhúsalofttegunda um allt að 38 prósent á næstu tíu árum að teknu tilliti til bindingar kolefnis í andrúmsloftinu með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.

Svandís Svavarsdóttur umhverfisráðherra segir í samtali við Fréttablaðið áætlunina, sem samþykkt var í ríkisstjórn á föstudag, sýna vilja stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í verki. Hvorki sé um innantóm loforð né yfirlýsingar að ræða, aðgerðaáætlunin sé til þess gerð að fara eigi eftir henni.

Svandís bendir jafnframt á að áætlunin sé víðtæk, hún nái jafnt til samgangna, bæði bíla, flugvéla og fiskiskipaflotans, auk bindingar sem fæst með skógrækt og landgræðslu.

Auk aðgerðaáætlunarinnar samþykkti ríkisstjórnin frumvarp um breytingu á vörugjaldi á bílum sem hvetja á fólk til að kaupa sparneytnari bíla en áður. Þessu til viðbótar samþykkti ríkisstjórnin á mánudag að endurgreiða allt að hundrað þúsund krónur af vörugjaldi bíla sem ganga fyrir bensíni eða dísilolíu en er breytt til að ganga fyrir metani. Tillögunni er ætlað að flýta fyrir þeirri þróun að metan verði notað í daglegum samgöngum hér á landi á næstu árum.

### Mikilvægt að breyta um gír

Fulltrúar frá fjármála- og utanríkisráðuneytunum kynntu aðgerðaáætlunina í Tjarnarbíói í gær og var þar ítarlega farið yfir þá þætti sem áætlunin á að ná til. Þar kom fram að mörg ríki vinni að aðgerðum í loftslagsmálum, sem muni taka við af Kyoto-bókuninni frá 1997 eftir tvö ár.

Svandís var fjarstödd af persónulegum ástæðum. Í hennar stað las Hafdís Gísladóttir, aðstoðarkona hennar, ávarp umhverfisráðherra.

Í ávarpinu var vitnað til þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að efnahagskreppur og bankaþrot séu ekki helsta ógn við velsæld jarðarbúa heldur loftslagsbreytingar. Á sumum stöðum muni þurrkar valda umfangsmiklum breytingum á búsetu manna. Flóð af sömu völdum hafi sömu áhrif. Því sé fyrirhyggja nauðsynleg í samstarfi ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings.

Á meðal aðgerðanna eru vistvænni samgöngur en áður, lagning hjólreiðastíga og annað í þeim dúr.

„Við erum ekki að byggja á sandi, heldur vinnum að því að minnka losun verulega fram á miðja öldina," sagði Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, í erindi sínu. Hann benti á að drög að áætluninni hefðu legið lengi fyrir og voru lögð fram fyrir Kaupmannahafnarfundinn í desember í fyrra þar sem unnið var að samkomulagi um framhaldsaðgerðir við Kyoto-bókunina.

„Markmið okkar er að Ísland verði á meðal metnaðarfyllstu ríkja heims í viðleitni sinni við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda," sagði hann.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
jab@frettabladid.is



### Tíu lykilatriði aðgerðaáætlunarinnar

Í aðgerðaáætlun stjórnvalda eru tíu lykilatriði sett í forgang. Tvær þeirra eru almenns eðlis: Uppsetning viðskiptakerfis með losunarheimildir og skattur á losun kolefnis. Þrjár eru á sviði samgangna og tvær á sviði sjávarútvegs. Þá á að stuðla að bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu og hefja markvisst átak til endurheimtar á votlendi auk þess að efla rannsóknir og nýsköpun í loftslagsvænni tækni.

1. Innleiðing viðskiptakerfis með losunarheimildir.
2. Kolefnisgjald.
3. Breytt kerfi skatta og gjalda á bíla og eldsneyti.
4. Notkun ríkis og sveitarfélaga á sparneytnum og vistvænum ökutækjum.
5. Efling göngu, hjólreiða og almenningssamgangna sem valkosts í samgöngum.
6. Notkun lífeldsneytis á fiskiskipaflotann.
7. Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja.
8. Aukin skógrækt og landgræðsla.
9. Endurheimt votlendis.
10. Efldar rannsóknir og nýsköpun í loftslagsmálum.

### Hvað felst í Kyoto-bókuninni?

Kyoto-bókunin er bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem samþykkt var í Kyoto í Japan í lok árs 1997. Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, tryggja að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta. Ísland varð fullgildur aðili að bókuninni í maí árið 2002. Bandaríkin, sem bera ábyrgð á rúmlega 35 prósentum af heildarlosun koltvíoxíðs hafa ekki staðfest bókunina. **(Byggt á umfjöllun Vísindavefsins)**

### Hvað er losunin mikil?

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi nam 4881 gígagrammi (gígagramm = 1.000 tonn. Það jafngildir 15,6 tonnum af CO2-ígildum á hvern íbúa) árið 2008. Það er 43 prósentum meira en losað var árið 1990. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda kemur fram að sé binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu tekin með í reikninginn hafi nettólosun numið 4.510 Gg (14,4 tonnum á hvern íbúa) árið 2008. Það jafngildir 32 prósenta aukningu frá 1990.



# SAUMAVÉLAVEISLA

## laugardaginn 13. nóvember



**ÚTSAUMSVÉLAR FRÁ HUSQVARNA!**

Lena Kantis frá Svíþjóð sýnir á útsaumsvélar og nýja 5D útsaumsforritið

**Husqvarna Designer Ruby**
Verð 590.000 kr.
**Kynningarverð 490.000 kr.**



Hinar geysivinsælu
**SINGER**
saumavélarnar
fást í Pfaff



**Singer Quantum 9960**
Verð 119.900 kr.
**Kynningarverð**
**99.900 kr.**



**Singer Curvy 8763**
Verð 59.900 kr.
**Kynningarverð**
**49.900 kr.**



**Singer Overlock 14SH754**
Verð 59.900 kr.
**Kynningarverð**
**44.900 kr.**



**Singer Tradition 2273**
Verð 39.900 kr.
**Kynningarverð**
**29.900 kr.**



**Singer pressa**
Verð 39.900 kr.
**Kynningarverð**
**34.900 kr.**

**25% afsláttur** af fylgihlutum

**Opið á laugardaginn kl. 10-17**

**PFAFF**

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is



**LOKUÐU DYRUM RÁÐUNEYTIS** Liðsmenn Greenpeace-samtakanna lokuðu aðgangi að dyrum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis Frakklands í París með því að leggja þar litlum bíl með eftirlíkingu af bláum túnfiski ofan á, til að mótmæla afstöðu Frakka til túnfiskveiða. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkissaksóknari ákærir stúlku og ungan mann fyrir brot gegn lögreglu:

# Hótuðu ítrekað ofbeldi og lífláti

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært nítján ára stúlku fyrir ofbeldi og hótanir gegn lögreglu.

Í ákæru segir að aðfaranótt sunnudagsins 30. maí síðastliðins hafi stúlkan ráðist með ofbeldi að tveimur lögreglumönnum sem voru við skyldustörf, sparkað í hægri sköflung annars þeirra og í hægra læri hins. Atvikið átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn Manhattan í Reykjanesbæ.

Jafnframt er stúlkunni gefið að sök að hafa í lögreglubifreið á leið á lögreglustöð með ógnandi hætti hótað öðrum lögreglumannanna líkamsmeiðingum og ofbeldi með því að láta þau orð falla að hún ætlaði að drepa fjölskyldu hans.



**LÖGREGLAN** Fólkið hótaði lögreglumönnum ítrekað á leið á lögreglustöð.

Þá hefur ríkissaksóknari ákært tvítugan mann fyrir að hafa á sama stað í apríl síðastliðnum ráðist með ofbeldi á lögreglumann, sem þar var við skyldustörf og sparkað í hægri fótlegg hans með þeim afleiðingum að lögreglumaðurinn hlaut bólgu og eymsli í hægri ökkla. Einnig hafi hann, í lögreglubíl á leið á lögreglustöð, með ógnandi framkomu ítrekað hótað tveimur lögreglumönnum, sem þá voru við skyldustörf, lífláti.

Bæði málin eru rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness. **- jss**

Tillögur verkalýðshreyfinga:

# Kalla eftir öflugri þjónustu

**VERKALÝÐSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra tók nýverið við yfirlýsingu frá Alþjóðaverkalýðshreyfingunni (Global Unions) í höfuðstöðvum BSRB.

Þessi sama yfirlýsing verður lögð fyrir fund G20-ríkjanna sem hófst í Seúl í gær en þar er kallað eftir sanngjarnara skattkerfi, því að fjárfest sé í menntun og að haldið verði úti öflugri almannaþjónustu. Skrifstofu BSRB barst yfirlýsingin en óskað var eftir því að henni yrði komið á framfæri við ríkisstjórnina. **- mþl**



**MAHMOUD BARZANI** Leiðtogi Kúrda verður áfram forseti Íraks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erfiði fæðingu að ljúka:

# Íraksstjórn fær að tóra áfram

**ÍRAK, AP** Með bráðabirgðasamkomulagi um framhaldslíf stjórnar Nouri Al-Malikis í Írak er komið í veg fyrir að súnnímúslimar fái meiri ítök í stjórninni, þrátt fyrir að bandalag þeirra hafi unnið sigur í þingkosningunum í mars.

Bandaríkjastjórn hefur lýst áhyggjum af því að fái súnnímúslimar ekki meiri ítök geti uppreisnarhreyfing þeirra gegn stjórnvöldum styrkst.

Samkvæmt samkomulaginu verður Ayad Allawi, leiðtogi bandalags súnnía, yfirmaður nýs öryggisráðs, en hlutverk þess er enn óljóst. **- gb**

# Bush undirbjó árás á Íran og íhugaði að ráðast á Sýrland

**Gerhard Schröder og David Cameron bera brigður á fullyrðingar í nýútkominni ævisögu George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseta. Bush viðurkennir stöku mistök en stendur samt við flest það umdeildasta.**

**BANDARÍKIN** Gerhard Schröder, fyrrverandi Þýskalandskanslari, segir að George W. Bush segi ekki rétt frá samskiptum þeirra í ævisögu sinni, sem kom út í vikunni.

Schröder hafnar því að hafa lofað stuðningi Þýskalands við innrás í Írak, en Bush segir í bókinni að Schröder hafi svikið það loforð. Schröder segist hins vegar eingöngu hafa lofað stuðningi ef í ljós kæmi að Írakar hefðu skotið skjólshúsi yfir þá sem báru ábyrgð á árásunum 11. september 2001.

Þá hefur David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sagt að ekkert sé hæft í þeirri fullyrðingu Bush að Bandaríkjamönnum hafi tekist að bjarga mannslífum í Bretlandi með því að ná mikilvægum upplýsingum með pyntingum út úr föngum í Guantanamo-búðunum.

Bush viðurkennir í bókinni að hafa gefið samþykki sitt fyrir því að þrír fangar yrðu beittir vatnspyntingum. Hann segist reyndar ekki líta svo á að vatnspyntingar séu pyntingar, þótt Bandaríkin hafi til þessa jafnan kallað það pyntingar þegar bandarískir stríðsfangar hafa orðið fyrir þessari meðferð.

„Enginn vafi leikur á því að þetta var harkaleg aðferð, en læknar fullvissuðu leyniþjónustuna um að hún ylli engum varanlegum skaða,“ segir hann í bókinni.

Í ævisögu sinni viðurkennir Bush einnig að hafa látið skipuleggja árás á Íran og verið við því búinn að hrinda þeirri áætlun í framkvæmd.

Þá viðurkennir hann einnig að hafa íhugað hvort gera ætti árás á Sýrland að beiðni Ísraelsstjórnar, sem óttaðist að Sýrlendingar væru með kjarnorkuver í smíðum.

„Við skoðuðum hugmyndina ítarlega en leyniþjónustan CIA og herinn komust að þeirri niðurstöðu að það væri of mikil áhætta fólgin í því að lauma árásarsveit inn í Sýrland og út aftur,“ segir Bush í ævisögunni.

Bush viðurkennir margvísleg mistök í ævisögu sinni, sem kom út í gær og nefnist Decision Points. Meðal annars segir hann ýmis mistök hafa verið gerð í stríðsrekstri Bandaríkjanna í Írak. Hins vegar segist hann enn þeirrar skoðunar að rétt hafi verið að ráðast á Írak.




**MISHEPPNUÐ SVIÐSETNING** Bush segir það hafa verið „slæma sviðsetningu“ að stilla sér upp fyrir framan áletrunina „Mission Accomplished“ eða „Verkefni lokið“ þegar hann lýsti því yfir að meiriháttar hernaði í Írak væri lokið strax í byrjun maí árið 2003. NORDICPHOTOS/AFP

Bush segist jafnan hafa reynt að taka vel á móti allri gagnrýni á sig, en einhverra hluta vegna situr í honum mótmælaskilti sem blasti við þegar hann hitti Tony Blair, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, árið 2003 á pöbbnum Dun Cow í smábænum Sedgefield í Englandi: „Mad Cowboy Disease“ stóð á skiltinu. **gudsteinn@frettabladid.is**






**NÝTUR VIRÐINGAR** Þurrkað af ljósmynd af Suu Kyi í höfuðstöðvum flokks hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suu Kyi tapar dómsmáli:

# Verður líklega samt látin laus

**BÚRMA, AP** Talið er að herforingjastjórnin í Búrma muni fljótlega láta Aung San Suu Kyi lausa innan skamms, nú þegar umdeildum þingkosningum er lokið.

Í gær tapaði Suu Kyi dómsmáli, en hún hafði áfrýjað því að stofufangelsi hennar var lengt um átján mánuði eftir að bandarískur maður komst inn á heimili hennar, þar sem hún hefur verið höfð í stofufangelsi meira og minna í nærri tvo áratugi.

Þrátt fyrir að Aung San Suu Kyi sé enn þekktasti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma gat hún ekki tekið þátt í kosningunum og stuðningsmenn hennar hvöttu fólk til að greiða ekki atkvæði. **- gb**




# Tæki ársins í sjónvarpsflokki!

## Tækjablaðið What HiFi útnefndi Sony BRAVIA KDL40EX500 „TV Product of the Year 2010“








**KDL32EX500 32" 100hz**
Verð: 179.900
Tilboðsverð: 149.990

**KDL37EX500 37" 100hz**
Verð: 199.900
Tilboðsverð: 179.990

**KDL40EX500 40" 100hz**
Verð: 249.900
Tilboðsverð: 189.990

Upplifðu Full HD 1080p myndgæði, hæstu mögulegu upplausn í heimahúsi, og fullnýttu háskerpuefni eins og Blu-ray diska eða PlayStation3 leiki. Mjúkar hreyfingar og enginn skerpumissir með Motionflow 100Hz tækninni. Motionflow 100Hz tvöfaldar rammafjöldann úr 50 römmum á sekúndu í 100 og meðhöndlar hvern ramma til að auka myndgæði. Njóttu nýjustu myndmeðhöndlunartækni Sony fyrir yfirburða myndgæði, sér-lega litríka og líflega mynd, minna suð (noise) og aukna skerpu og dýpt með BRAVIA Engine 3. Ljósnemi stillir myndina sjálfvirkt fyrir kvikmyndir á kvöldin eða leiki á daginn. Leiktu tónlist, ljósmyndir eða kvikmyndir af USB minnislykli með USB Media Player. Notaðu sjónvarpið sem myndaramma með Picture Frame Mode og fylltu svarta flötinn í stofunni með þínum eigin myndum. Engar flóknar valmyndir með XMB (Xross Media Bar) viðmótinu úr PS3 og notendahandbok innbyggð í tækið. Möguleiki á þráðlausu neti og BRAVIA Internet Video.

WHAT HI-FI?
SOUND AND VISION
★★★★★

**Sony Center**
Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

# ÍSLANDS NAUT

*Stolt kjötmeistarans*

FLEIRI UPPSKRIFTIR ER AÐ FINNA Á

WWW.ISLANDSNAUT.IS

HAMBORGARAR
2 STK. X 175gr
**509** kr/pk.
Merkt verð 679.-

HAMBORGARAR
2 STK. X 120gr
**374** kr/pk.
Merkt verð 498.-

# VINNINGS BORGARINN

## SIGURUPPSKRIFT HAMBORGARALEIKS ÍSLANDSNAUTS OG BYLGJUNNAR



HAMBORGARASÓSA
BERNAISESÓSA



FYRIR 4
- 4 stk 120 gr Íslandsnaut hamborgarar
- McCormick hamborgarakrydd
- 4 sneiðar parmaskinka
- 4 sneiðar camenbert-ostur
- 4 stk hamborgarabrauð
- Íslandsnaut Bernaise-sósa
- Klettasalat
- 4 sneiðar rauðlaukur
- 4 stk hvítlauksgeiri, fínt saxaður

Léttkryddið hamborgara með McCormick hamborgarakryddi og grillið hann þar til safinn kemur upp, snúið honum þá við og leggið parmaskinku og Camembert-ost ofan á, grillið í u.þ.b. 2 mín. Hitið hamborgarabrauð aðeins á grillinu. Setjið bernaise-sósu á botnbrauðið og hyljið hana með klettasalati, nokkrum laukhringjum og fínt söxuðum hvítlauk. Leggið hamborgarann ofan á og toppið með brauði ef þið viljið nota það. Með þessu er best að hafa nýuppteknar, rauðar kartöflur, skornar í báta og grillaðar í ofni með íslenskri smjörklípu þar til þær eru bakaðar í gegn. Alveg frábært, prófið ef þið þorið!

*Jólaklementínurnar eru komnar!*




**Klementínur**
2,3 kg í kassa

*Rauðu jólaeplin eru komin!*



**Rauð epli**
ný uppskera

*Rík af A-, B- og C-vítamíni*



TILBOÐ
GUL MELÓNA
**239** kr/kg.

**Gul melóna**

*Rautt sinnepssalat*



*Kletta- og Radicchiosalat*

SALATBLÖNDUR
**259** kr/pk.

**Salatblöndur**



*Margrét bakari*

## Bakað á staðnum

Bakararnir okkar byrja daginn snemma til að baka brauð og bakkelsi frameftir degi. Þannig tryggjum við að þú fáir nýbakaðar vörur alla daga, allan daginn.

Bjóðum upp á gæða vörur og tilboð í hverri viku.

NÝBAKAÐ

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
SPELTBRAUÐ
**299** kr/stk

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
SVEITABRAUÐ
**259** kr/stk

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
OSTASLAUFA
**199** kr/stk

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
AMERÍSKIR KLEINUHRINGIR
**129** kr/stk




NÝTT
BAHLSEN KÖKUR




NÝTT
HAMLET KONFEKT



TILBOÐ
KRYDDKAKA
**299** kr/stk

Gildir til 14. nóvember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær




# KARRÝ OG KÓKOSKJÚKLINGALUNDIR

*fyrir 4 að hætti Rikku*

600 g kjúklingalundir
Safi og rifinn börkur af 1 1/2 límónu
2 tsk karrý
1 tsk chilli krydd
70 g gróft kókosmjöl

Hitið ofninn í 200°C. Setjið límónusafann og börkinn í skál ásamt kryddunum og kókosmjölinu. Veltið kjúklingalundunum upp úr blöndunni, raðið á pappírsklædda ofnplötu og bakið í 25 mínútur. Gott er að bera kjúklinginn fram með hrísgrjónum og mangó chutney.

Kcal: 374/ 19% LDS*
Prótein: 37.7 g/ 75% LDS
Fita: 23 g/ 36 % LDS
Kolvetni: 1 g/ 0% LDS
Níasín: 9.6 mg/ 48% LDS
Sínk: 3.6 mg/ 24% LDS

*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 Kcal orkuþörf.




**Bayonne skinka**




**Nautahakk**




**Lambafile**
frosið




**Lambalæri**
rifsberjalegið






















**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**FRÉTTASKÝRING:** Aðdragandi stuðningsyfirlýsingar við innrás í Írak

# Vissu ekki til hvers átti að nota listann

**Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson vissu ekki í hvaða tilgangi átti að nota listann yfir viljugar þjóðir. Þeir ákváðu að Ísland skyldi vera á listanum tveimur dögum fyrir innrás Bandaríkjanna og bandalagsríkja í Írak. Þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins taldi innrásina ólöglega og lét ráðherra vita af því sama dag og innrásin hófst.**



**ÁKVÁÐU STUÐNING** Skjöl utanríkisráðuneytisins sýna að hvorki Davíð Oddsson né Halldór Ásgrímsson vissu hvernig bandarísk stjórnvöld ætluðu að nota lista yfir ríki sem studdu innrás þeirra í Írak fyrr en listinn var birtur opinberlega. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Skjöl sem utanríkisráðuneytið birti í gær bregða nýju ljósi á aðdraganda þess að Ísland komst á lista yfir viljuga bandamenn Bandaríkjanna tveimur dögum fyrir innrásina í Írak árið 2003.

Þar er staðfest að það var ákvörðun tveggja manna að setja Ísland á listann, þeirra Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, og Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra.

Í skjölunum kemur enn fremur fram að afar stuttur fyrirvari var að því að Ísland var sett á listann, og þegar það var gert vissu þeir Davíð og Halldór ekki til hvers listinn yrði notaður.

Davíð vildi ekki veita Fréttablaðinu viðtal vegna málsins. Í svari hans, sem barst með tölvupósti, segir aðeins: „Ekkert bitastætt í þessu.“ Ekki náðist í Halldór.

Utanríkisráðuneytið birti í gær tæplega 300 síðna skjalabunka um aðdraganda stríðsins. Þar eru samtals 67 aðgreind skjöl úr skjalasafni ráðuneytisins.

Ráðuneytið ákvað að birta ekki 25 vinnuskjöl eða skjöl sem varða samskipti við önnur ríki. Þau eru samtals um 100 síður á lengd. Heimilt er samkvæmt upplýsingalögum að hafna því að veita aðgang að þess konar gögnum og ákvað ráðuneytið að nýta þá heimild.

Hér má sjá feril málsins:

**17. mars 2003**

Bandaríkin, Bretland og Spánn hættu við að leggja fram tillögu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þar sem lagt var til að ráðið veitti heimild til innrásar í Írak. Ríkjunum hafði mistekist að afla tillögunni stuðnings.

Þjóðirnar þrjár lýstu því yfir að þær væru tilbúnar til að beita vopnavaldi til að koma Saddam Hussein frá völdum í Írak. George W. Bush Bandaríkjaforseti veitti Hussein tveggja sólarhringa frest til að gefast upp og yfirgefa Írak. Þá hvatti hann Íraka til að snúast gegn Hussein, og íraska herinn til að leggja niður vopn.

Fram kemur í minnisskjali um Íraksmálið, sem aðeins er auðkennt sem „Skjal nr. 35“, að fulltrúi bandarískra stjórnvalda hafi óskað eftir því að Ísland bættist á lista yfir ríki sem styddi „aðgerðir“ Bandaríkjanna og Bretlands.

**18. mars 2003**

Ríkisstjórn Íslands fundaði, eins og venjulega á þriðjudögum. Á dagskrá fundarins var liðurinn „ófriðarhorfur“ sem utanríkisráðherra er skrifaður fyrir. Ekki kemur fram hvað var rætt á fundinum, og því ekki ljóst af gögnunum hvort sú ákvörðun að setja Ísland á listann var rædd þar eða ekki.

Í áðurnefndu „Skjali nr. 35“ kemur fram að fulltrúi bandaríska sendiráðsins á Íslandi hafi afhent starfsmönnum utanríkisráðuneytisins lista yfir 23 ríki sem studdu hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna og Bretlands í Írak.

Í skjalinu segir: „Listinn hafði verið afhentur forsætisráðuneyti í morgun og fulltrúi forsætisráðherra segist hafa borið hann undir utanríkisráðherra. Samkvæmt því hafi verið samþykkt að Ísland bætist í hóp þeirra 23 ríkja sem þegar voru á listanum.“

Þar segir að listinn sé „algjört trúnaðarmál“, en vakin er athygli á því að þar vanti dygga stuðningsmenn Bandaríkjanna í málinu fram að þeim tíma, til dæmis Ástralíu, Japan og Portúgal.

Í „Skjali nr. 35“ kemur fram að sendiráð Bandaríkjanna hér á landi muni láta vita með hvaða hætti væri ætlunin að nota listann, og hvort fleiri ríki myndu bætast á listann.

„Þá var og rætt hvað það þýddi fyrir ríki að vera á listanum, og fulltrúa sendiráðsins gert ljóst að hér væri um pólitískan stuðning að ræða eingöngu. Ísland sem herlaust ríki gæti ekki stutt hernaðaraðgerðir,“ segir í skjalinu.

Strax sama dag var blaðamönnum í Washington tilkynnt um 30 ríki sem hefðu lýst sig fylgjandi fyrirhugaðri árás á Írak á blaðamannafundi í utanríkisráðuneytinu. Þar var lesinn upp listi með ríkjunum 30, og var hann birtur í fjölmiðlum.

„Hvert ríki mun leggja sitt af mörkum eins og þeim þykir viðeigandi. Sum þessara ríkja, eða öll þeirra reikna ég með, hafa rætt opinberlega um það sem þau eru að gera,“ sagði talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins við fjölmiðlamenn, eftir að hann hafði lesið upp lista yfir ríkin 30.

**19. mars 2003**

Alþjóðaskrifstofa utanríkisráðuneytisins sendi utanríkisráðherra minnisblað þar sem farið var yfir stöðu mála og mögulega réttlætingu fyrir því að gera árás á Írak.

Í skjalinu kemur fram að listi yfir 30 ríki sem styðji aðgerðirnar hafi verið „lesinn upp í fréttum á CNN-sjónvarpsstöðinni“ kvöldið áður. „Þá höfðu, þrátt fyrir beiðni íslenskra stjórnvalda, ekki borist upplýsingar frá bandarískum stjórnvöldum um það hvernig þau hygðust nota listann eða hvenær og með hvaða hætti hann yrði gerður opinber,“ segir þar.

„Enn vantar upplýsingar um það frá bandarískum stjórnvöldum hvað felist í því að vera á þessum 30 ríkja lista. Fátt hefur verið um svör í þeim efnum og virðist sem það sé bandarískum stjórnvöldum ekki fullljóst sjálfum,“ segir þar enn fremur.

Af þessu má ráða að þeir Davíð og Halldór hafi ekki haft möguleika á að vita í hvaða tilgangi ætti að nota lista yfir þjóðirnar, hvort á annað borð ætti að gera hann opinberan og þá hvenær.

Sú ákvörðun bandarískra stjórnvalda að gera listann opinberan strax, án þess að ræða það frekar við íslensk stjórnvöld virðist hafa komið utanríkisþjónustunni í opna skjöldu, og má gera ráð fyrir því að það sama hafi þá átt við um ráðherrana tvo.

Í minnisblaðinu er farið yfir stöðu málsins í sögulegu og þjóðréttarlegu samhengi. Þar kemur meðal annars fram að ekki liggi fyrir afdráttarlaus ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem heimili innrás í Írak. Því sé ljóst að deilt verði um lögmæti aðgerðanna. Færa megi sterk rök fyrir því að fyrri ályktanir öryggisráðsins feli í sér víðtækar heimildir til að fylgja eftir kröfum alþjóðasamfélagsins um afvopnun Íraks.

**20. mars 2003**

Innrás Bandaríkjamanna og Breta hófst. Loftárásir og flugskeytaárásir voru gerðar samhliða innrás frá Kúvæt.

Þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins sendi utanríkisráðherra og fleirum minnisblað þar sem farið var yfir lagalegan grundvöll innrásarinnar í Írak.

Í minnisblaðinu, sem merkt er sem trúnaðarmál, er rakið að meginregla þjóðréttar sé sú að ríki megi ekki beita önnur ríki vopnavaldi. Undantekningar á þessu séu aðeins tvær. Sú fyrri sé þegar um sjálfsvörn ríkis að ræða eða hernaður bandalagsríkja til að verja ríki sem ráðist er á. Síðari undantekningin gildir aðeins ef öryggisráð Sameinuðu þjóðanna heimili beitingu vopnavalds.

Þjóðréttarfræðingurinn segir í minnisblaðinu að vafasamt hljóti að teljast að þær ályktanir sem öryggisráðið hafi samþykkt fram að þeim tíma gefi innrás lögmæti.

Þar er þó vísað í rökstuðning breska ríkisins fyrir innrás, þar sem byggt er á því að ályktun öryggisráðsins frá árinu 1990, sem heimilaði fyrra Persaflóastríðið, hafi í raun aldrei fallið úr gildi, heldur aðeins verið frestað.

„Framangreindur lagalegur grundvöllur breska utanríkisráðuneytisins verður [...] að teljast tæpur,“ segir í minnisblaðinu.

Þar er mælt með því að ráðamenn forðist eins og framast sé kostur að fullyrða að fyrir hendi sé ótvíræður lagalegur grundvöllur til beitingar vopnavalds gegn Írak.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



## Aðdragandi stuðningsins í hnotskurn

- Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, og Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, tóku einir ákvörðun um stuðning Íslands við innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak 18. mars 2003.
- Ekkert samráð var haft við Alþingi eða utanríkismálanefnd Alþingis áður en ákvörðun um stuðning var tekin.
- Það kom íslenskum stjórnvöldum í opna skjöldu þegar listi yfir ríki sem studdu innrásina var birtur opinberlega seinna sama dag og Davíð og Halldór ákváðu að Ísland myndi styðja innrásina.
- Þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins taldi innrásina brot á alþjóðalögum. Hann ráðlagði stjórnvöldum að tala ekki um að fyrir hendi væri „ótvíræður lagalegur grundvöllur“ fyrir beitingu vopnavalds í Írak.

## Viljugar þjóðir

Alls voru 30 þjóðir á lista yfir bandalag viljugra þjóða þegar hann var gerður opinber á blaðamannafundi í bandaríska utanríkisráðuneytinu 18. mars 2003. Eftirtaldar þjóðir voru á listanum:

- Afganistan
- Albanía
- Aserbaídsjan
- Ástralía
- Bretland
- Danmörk
- Eistland
- El Salvador
- Erítrea
- Eþíópía
- Filippseyjar
- Georgía
- Holland
- **Ísland**
- Ítalía
- Japan
- Kólumbía
- Kórea
- Lettland
- Litháen
- Makedónía
- Níkaragva
- Pólland
- Rúmenía
- Slóvakía
- Spánn
- Tékkland
- Tyrkland
- Ungverjaland
- Úsbekistan

SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ



Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!

# HÖRKUTÓL

DEWALT



DC743KB

## RAFMAGNSBORVÉL

Nett 2ja gíra 12 V borvél
Innbyggt LED ljós
Hersla 35 Nm
2x2,6 Ah rafhlöður
13 mm patróna
1 klst. hleðslutæki
Þyngd: 2 kg

**39.900** m/vsk



DW087K

## LÍNULASER

Sjálfstillandi línulaser (pendúll)
Gefur lárétta og lóðrétta línu
Nákvæmni: +/- 0,3 mm/m
Innbyggður segull til að hægt sé að festa hann á járn
Veggfesting

**49.900** m/vsk



DW743

## VELTISÖG

**124.900** m/vsk

| | |
|---|---|
| Mótor: | 2.000 W |
| Blaðstærð: | 250 mm |
| Skurðarlengd: | 140x68 mm |
| Ristidýpt: | 0–70 mm |
| Gráður (h/v): | 45/45° |
| Halli: | 45° |
| Þyngd: | 37 kg |



DC019

## VINNULJÓS

Pera: 38 W
Gengur fyrir 230 V
eða 12/18 V rafhlöðum

**26.900** m/vsk



D27900

## RYK-/VATNSSUGA

| | |
|---|---|
| Afl: | 1.200 W |
| Loftflæði: | 4.020 l/mín. |
| Stærð tanks: | 27 l |
| Tengill fyrir vélar: | < 1.500 W |
| Þyngd: | 7,5 kg |

**59.900** m/vsk

## RAFHLÖÐUR




| | | |
|---|---|---|
| 12 V | 2,6 Ah NiMh | **15.500** |
| 14,4 V | 2,6 Ah NiMh | **19.600** |
| 18 V | 2,6 Ah NiMh | **21.900** |



DWTRADEKIT1

## HÖRKU ÞRENNA

3 vélar saman í pakka:
- SDS + borvél með meitlun
- 125 mm slípirokkur
- sverðsög

Taska á hjólum, borar, skífur og blöð fylgja.

**89.900** m/vsk

PIPAR\TBWA • SÍA • 102509

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

**FRÉTTAVIÐTAL:** Eiríkur Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon, prófessorar við HÍ.

# Nýsköpun er leiðin úr kreppu

Nokkur uggur er í fræðasamfélaginu hér á landi þar sem vísindamenn hafa margir áhyggjur af stöðu rannsókna á háskólastigi eins og Þorgils Jónsson komst að. Á tímum niðurskurðar óttast þeir **Eiríkur Steingrímsson** og **Magnús Karl Magnússon,** prófessorar við læknadeild HÍ, að verði seglin dregin saman í rannsóknum og nýsköpun verði það þjóð og fræðasamfélagi til skaða.



**PRÓFESSORARNIR** Eiríkur Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon, prófessorar við læknadeild HÍ, eru í hópi fræðimanna sem eru uggandi um framtíð doktorsnáms á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eiríkur Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon segja að laustengdur hópur fræðafólks úr Háskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur og Landspítala vilji breyta vísindaumhverfinu hér á landi til hins betra, og hefur hann meðal annars kallað eftir því að opinberum fjárframlögum til rannsókna verði í auknum mæli beint í gegnum svokallaða samkeppnissjóði, enda sé það virk og öflug leið til að verja fjármunum á sem bestan hátt.

Magnús segir að það sem tengi hópinn helst sé áhersla þeirra á að vilja auka veg rannsókna í háskólum landsins.

„Varðandi fjármögnun rannsókna viljum við öll sjá þá aðferðafræði sem notuð er í þeim löndum þar sem við höfum starfað og lært, bæði fyrir vestan hafs og austan. En við rekum okkur á það hér heima að þau úrræði og sjóðir sem eiga að styrkja vísindin og rekstur vísinda, standa ekki undir sér.“

## Bylting í rannsóknastarfi

Þeir Magnús og Eiríkur segja að mikil bylting hafi átt sér stað í háskólasamfélaginu hér á landi fyrir um tíu til fimmtán árum. Í áratugi hafði áherslan í HÍ verið á grunnnám en síður á rannsóknir.

„Þá kom fram almenn krafa um nýsköpun,“ segir Magnús. „Það kallaði svo á breytingar innan háskólanna þar sem áherslan fór að beinast að meistaranámi og svo doktorsnámi.“

Við það breyttust allar forsendur fyrir fjárveitingum, en tvímenningarnir segja lítið hafa breyst að því leyti.

„Við svona breytingar breytist líka eðli námsins þar sem ekki skiptir lengur meginmáli hversu margir nemendur séu útskrifaðir eða á hve mörgum sviðum, heldur númer eitt, tvö og þrjú að nemar fái að spreyta sig í bestu mögulegu vísindum.“

Þó að framboð og ásókn í doktorsnám hafi aukist gífurlega segja þeir Magnús og Eiríkur að fjárframlög hins opinbera hafi ekki fylgt þeirri þróun eftir, og það viti ekki á gott. Meðal annars hafi samkeppnissjóðir staðið í stað og í raun rýrnað þegar litið er til gengisþróunar, sem skipti miklu fyrir tilraunavísindi sem fela í sér mikil kaup á efni frá útlöndum.

„Það sem við sjáum núna, er fjölgun doktorsnema frá 36 árið 1999 upp í 190 árið 2006 og svo 487 í júní á þessu ári. En þar sem fjárveitingar hafa ekki fylgt því, þá sjáum við fram á hugsanlegt hrun í grunnvísindum í t.d. líf- og læknisfræði í doktorsnáminu því að útlit er fyrir að með miklum niðurskurði munu sterkustu doktorsnámssviðin verða verst úti.“

## Nýsköpun er leiðin út úr kreppu

Fjárlagafrumvarp næsta árs gerir ráð fyrir gríðarlegum niðurskurði á ríkisútgjöldum og eru menntamál þar engin undantekning. Útlit er fyrir að um 1.200 milljóna króna niðurskurður verði á framlögum ríkisins til rannsókna og þróunar, eða um átta prósent. Þykir Eiríki og Magnúsi það afar misráðið, enda er það þvert á viðbrögð annarra vestrænna ríkja sem líta á rannsóknir og nýsköpun sem leið út úr kreppu.

„Í Bandaríkjunum hafa menn aukið framlag til vísinda og líka í Þýskalandi og Frakklandi þrátt fyrir kreppu og í Bretlandi þar sem er verið að fara í mesta niðurskurð hins opinbera í áratugi, er eitt af því örfáa sem ákveðið var að skera ekki niður einmitt framlag til vísinda. Það þykir einfaldlega ekki vera góð pólitík og ekki skynsamlegt að í samdrætti skuli maður minnka fjármagnið til þess sem á að skapa verðmæti framtíðarinnar.“

Eiríkur segir að nær væri að fylgja fordæmi Finna sem stóðu vörð um nýsköpun.

„Þeir efldu vísindastarfsemi í sinni kreppu og það er að skila sér núna, 15-20 árum síðar, með því að þeir eru komnir mjög hátt upp á nýsköpunarlistum og mjög mikill fjöldi lítilla nýsköpunarfyrirtækja að fara þar í gang. Þetta skilar sér þannig allt þó að það geti tekið langan tíma.“

Þeir Magnús og Eiríkur líta þannig á að nú sé búið að sverfa háskólastarf inn að beini, og hafði það í raun verið í fjársvelti fyrir. Þegar byrji að rofa til í efnahagslífinu hérlendis og svigrúm ríkisins til fjárveitinga verði meira, ætti að sjá til þess að rétt verði staðið að málunum og fá erlenda fagaðila til að leggja mat á kerfið.

„Þá þurfum við virkilega að endurskipuleggja fjármögnun í nýsköpun hér á Íslandi. Það blasir við að núverandi styrkjakerfi er alltof veikt og þegar peningar fara að koma á ný inn í kerfið verðum við að fá erlenda aðila inn til að gefa okkur góð ráð.“

Rannsóknatengd nýsköpun er að mati þeirra Magnúsar og Eiríks einn af meginþáttunum hvað varðar nýsköpun í víðara samhengi, og þar af leiðandi í endurreisn íslensks samfélags. Þeim finnst þó vanta upp á skilning stjórnvalda. „Maður hefur ekki heyrt frá ríkisstjórnarstiginu að rannsóknartengd nýsköpun eigi að vera ein af leiðunum út úr kreppunni. Það virðist vera skilningur á þessu víða, en ekki pólitískur vilji til að gera rannsóknartengda nýsköpun að einni af okkar leiðum út úr kreppunni.“

> Ungt fólk í dag fer þangað sem það vill vera, þannig að ef við getum ekki boðið því upp á metnaðarfullt háskólanám eða leiðir til að svala sköpunarþörfinni í vísindum, mun það fara annað og ekki koma aftur nema réttu tækifærin séu til staðar.
>
> **MAGNÚS KARL MAGNÚSSON**

## Ótvíræðir kostir samkeppnissjóða

Samkeppnissjóðir fela í sér ákveðið faglegt verklag við úthlutun opinberra fjármuna til rannsóknarstarfa og hafa Magnús, Eiríkur og félagar þeirra talað mjög fyrir kostum þess fyrirkomulags. Í því felst að vísindamenn sækja um styrk úr sjóði, umsóknin er metin af hlutlausri nefnd fagmanna og niðurstöður svo metnar í jafningjamati svokölluðu.

Magnús segir að jafningjamat sé eitt grundvallaratriðið í vísindastörfum. „Það hefur tryggt vísindalegar framfarir um aldir, og ef við nýtum okkur það ekki til að deila út fjármunum þá erum við að klikka á fyrsta skrefinu og jafnvel að veita peninga til aðila sem hafa ekki sýnt fram á að þeir séu þess verðugir.“

Þessi áhersla á samkeppnissjóði er einnig í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs, sem markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Undir ráðinu eru ýmsir sjóðir en þeirra stærstir eru Rannsóknarsjóður og Tækniþróunarsjóður sem Eiríkur segir að sýni hvernig eigi að gera hlutina rétt. „Þeir gera hlutina á réttum forsendum og það sem ríkið og þjóðin fær út úr því er gott rannsóknastarf.“

Þess vegna eru þeir ákafir talsmenn þess að samkeppnissjóðirnir verði efldir til muna og hærra hlutfall ríkisframlaga til rannsókna fari í gegnum slíka sjóði. Þess háttar áherslubreyting frá beinum framlögum til háskólanna þurfi þó alls ekki að skaða hagsmuni skólanna.

„Um 70 prósent framlaga úr rannsóknarsjóði skila sér í háskólana þannig að við lítum á það sem hagsmunamál skólanna að stækka samkeppnissjóðina frekar en að fá hærri bein framlög til skólanna sjálfra, því fé sem fer í gegnum sjóðina skilar sér beint í rannsóknir vísindamannanna og doktorsnema.“

Þó að menntamálaráðherra hafi mælt með þessari sömu stefnu í ræðu og riti virðist ekki hafa verið einhugur innan ríkisstjórnar varðandi hvaða leið ætti að fara. Sum ráðuneyti virðast tregari til að sleppa hendi sinni af sínum rannsóknarsjóðum sem þau geta úthlutað eftir pólitískum forsendum og nefnir Magnús sjávarútvegsráðuneytið helst til sögu.

„Það eru þrýstihópar innan atvinnuveganna sem þrýsta á og hafa sterk tengsl inn í ráðuneytin, sérstaklega hvað varðar sjávarútvegsráðuneytið,“ segir hann, og bætir við að vísindamenn á sjávarútvegssviði ættu ekki að óttast. „Ef sjávarútvegurinn er eins sterkur og við er að búast, ætti hann ekki að hræðast að fé yrði falið sterkum samkeppnissjóðum.“

Þeir Magnús og Eiríkur segja augljóst að einhver hræðsla sé í ríkisstjórn um að fara þá leið, en það tjái ekki neitt. Enginn eigi að fá að hafa óeðlilegt forskot á annan í þessum efnum og samkeppnissjóðir tryggi frekar gæðaeftirlit, endurnýjun og sé því besta fyrirkomulagið sem í boði er.

## Miklir möguleikar í framtíðinni

Hvað varðar framtíðina velkjast þeir Eiríkur og Magnús ekki í vafa um hvert svarið er.

„Það fer eftir því hvers konar samfélag við viljum hafa. Ungt fólk í dag fer þangað sem það vill vera þannig að ef við getum ekki boðið því upp á metnaðarfullt háskólanám eða leiðir til að svala sköpunarþörfinni í vísindum, mun það fara annað og ekki koma aftur nema réttu tækifærin séu til staðar.“

Þar eru rannsóknir og nýsköpun eitt lykilatriðið að framtíðarvonum landsins.

„Það hefur líka meiri áhrif til framtíðar við atvinnusköpun,“ segir Eiríkur. „Pólitíkusar segjast ætla að redda 20 þúsund störfum, bara rétt sisvona, en ég held að það sé erfitt. Menn eiga frekar að horfa til lengri tíma.“

Magnús klykkir svo út með því að ef vandað nám verði í boði hér á landi sé tvímælalaust hægt að byggja til framtíðar.

„Enginn heldur að Ísland verði nafli alheimsins, en við höfum tækifæri á ýmsum fræðasviðum. Við verðum hins vegar að vinna málin á réttan hátt og á réttum forsendum.“

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



## Hvað eru samkeppnissjóðir?

Samkeppnissjóðir eru þeir rannsóknarsjóðir þar sem áhersla er lögð á faglegt jafningjamat og gæðaeftirlit við úthlutanir.

Umsækjendur þurfa að sannfæra stjórnir sjóða og fagráð þeirra um ágæti og notagildi væntanlegra rannsókna sinna.

Allir sjóðir sem eru undir Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) lúta þessum reglum, þar á meðal Rannsóknarsjóður og Tækniþróunarsjóður.

Hlutfallið af framlögum ríkisins til rannsókna, sem fara í gegnum samkeppnissjóði er um 15% en samsvarandi hlutfall á Norðurlöndum er 25-33% og í Bandaríkjunum er hlutfallið um 85%.


www.ellingsen.is
KULDAFATNAÐUR FYRIR VETURINN
Mikið úrval af kuldagöllum og öðrum vetrarflíkum á tilboðsverði. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Búðu þig vel fyrir veturinn í Ellingsen.
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM BARNAFATNAÐI
LOKADAGUR KRAKKADAGA Á MORGUN 13. NÓV.
KRAKKADAGAR
Í ELLINGSEN
DIDRIKSONS 1913 Grundsund SWEDEN
Columbia Sportswear Company
DEVOLD
VIKING
DIDRIKSONS
Fairmont samfestingur, hlýr, sterkur og vatnsheldur með límdum saumum.
Verð 10.392 kr. Verð áður 12.990
DIDRIKSONS
Tignes samfestingur, hlýr, vatns- og vindheldur með límdum saumum.
Verð 13.592 kr. Verð áður 16.990
DIDRIKSONS
Boardman útigalli, vatns- og vindheldur með límdum saumum og stillanlegu mitti.
Verð 8.792 kr. Verð áður 10.990
DEVOLD
nærföt, nauðsynleg fyrir alla krakka í vetur.
CONWAY
Kuldaskór, léttir og fóðraðir.
Verð 5.439 kr. Verð áður 6.799
VIKING
Play kuldaskór, hlýir og þægilegir GORE-TEX kuldaskór með gúmmísóla.
Verð 9.990 kr. Verð áður 13.490
VIKING
Termo kuldastígvél, loðfóðruð og góð bæði í vætu og frosti.
Verð 6.600 kr. Verð áður 8.250
HÚFUR OG VETTLINGAR
Mikið úrval af hlýjum barnahúfum og vettlingum.
20% AFSLÁTTUR
Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16
Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
PIPAR\TBWA • SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nú liggur fyrir hverjar eru hagkvæmustu leiðirnar til að fást við skuldavanda heimila.

## Ákvarðanir fljótt

Skýrsla sérfræðingahóps ríkisstjórnarinnar, sem reiknaði út kostnað og gagnsemi ýmissa leiða til að koma til móts við fólk í skuldavanda, er góður grunnur fyrir ákvarðanir í málinu. Meira liggur nú fyrir en áður, jafnt um umfang alvarlegs skuldavanda og um kostnað við að mæta honum.

Hópurinn telur að um 10.700 heimili af tæplega 100.000 séu í greiðsluvanda. Það eru tæplega 15% þeirra heimila, sem skulda fé vegna fasteignakaupa. Yfir 80% af þeim, sem eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum, keyptu fasteign á bóluárunum, 2004-2008.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Þetta segir okkur að vandamálið er tiltölulega afmarkað. Þegar af þeirri ástæðu ætti að vera hægt að útiloka hugmyndir Framsóknarflokksins, Hreyfingarinnar, Hagsmunasamtaka heimilanna og fleiri sem vilja almenna niðurfellingu skulda. Starfshópurinn miðar raunar ekki við 20% flata skuldaniðurfellingu, eins og upphaflega var rætt um, heldur reiknar út áhrif af 15,5% niðurfellingu. Niðurstaðan er að sú aðgerð gæti kostað um 185 milljarða, en myndi eingöngu fækka heimilum í vanda um fimmtung. Það er engin furða að talsmenn hugmyndarinnar séu súrir, nú þegar svo rækilega hefur verið sýnt fram á galla hennar.

Allar aðrar leiðir sem fela í sér niðurfærslu skulda á breiðum grundvelli eru einnig afar dýrar, en nýtast takmörkuðum hópi. Sértæk skuldaaðlögun og hækkun vaxtabóta eru hins vegar þær leiðir, sem eru hlutfallslega hagkvæmastar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur eðlilega útilokað flata niðurfærslu skulda eftir að niðurstöður starfshópsins lágu fyrir. Raunar er lítt skiljanlegt af hverju ríkisstjórnin var yfirleitt til í að skoða þá leið á ný, eftir að hún hafði fyrir löngu verið slegin út af borðinu. Forsætisráðherra talaði hins vegar óvarlega í fjölmiðlum í gær um möguleika á lækkun vaxta. Hún ætti að vita vel, að sambærileg vaxtakjör og í nágrannalöndunum munu ekki nást hér á landi nema skipt verði um gjaldmiðil, sem er ekki í augsýn næstu árin.

Það er ekkert vit í því að fara leiðir við skuldaaðlögun sem kosta fjármálakerfið gífurlegar fjárhæðir. Orðagjálfrið um að bankarnir hafi verið búnir að gera ráð fyrir afskriftum er innantómt. Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag er svigrúm bankanna nú þegar nánast upp urið. Verði farin leið skuldaniðurfellingar, mun það bitna á skattgreiðendum og eigendum lífeyrissjóðanna, almenningi í landinu.

Ríkisstjórnin þarf að fara hagkvæmustu leiðirnar, sem kosta minnsta peninga og hjálpa sem flestum. Hún verður að horfast í augu við að sumum verður ekki bjargað frá því að missa húsnæði sitt og mæta verður þeim með öðrum úrræðum í húsnæðismálum. Síðast en ekki sízt þarf ríkisstjórnin nú að taka ákvarðanir fljótt og þær verða að vera endanlegar ákvarðanir. Stjórnvöld hafa alltof lengi gefið fólki falskar vonir og fyrir vikið tafið fyrir því að það geti farið að vinna sig út úr vandanum á raunhæfum forsendum.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



SAMTÖK FISKFRAMLEIÐENDA OG ÚTFLYTJENDA SFÚ

**Opinn fundur um sjávarútvegsmál.**

**Aðalfundur Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ**
**Haldinn á Grand Hótel, laugardaginn 13. nóvember, kl 16-18.**

**Dagskrá fundarins:**
Setning fundarins. Elín Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri SFÚ.
Ávarp. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
Erindi. Jóhann Sigurjónsson, forstjóri, Hafrannsóknarstofnun.
Erindi. Finnbogi Vikar.
Erindi. Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.
Erindi. Bjarni Áskelsson, Reiknistofu Fiskmarkaða.

**Fundarstjóri:**
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Á eftir hverju erindi verða stuttar fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kvörtunin hennar Helgu



Innan tíðar mun Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, velja sér nýjan ráðuneytisstjóra. Meðal umsækjenda sem hljóta að koma vel til álita er Helga Jónsdóttir, fyrrverandi borgarritari og bæjarstjóri í Fjarðabyggð. Af því tilefni er rétt að rifja upp að Helga hefur áður sótt um ráðuneytisstjórastöðu. Árið 2004 sóttist hún eftir því að fá að stýra félagsmálaráðuneyti Árna Magnússonar. Hún laut þá í lægra haldi fyrir Ragnhildi Arnljótsdóttur, sem nú stýrir forsætisráðuneytinu. Helga var ósátt við niðurstöðuna og kvartaði til umboðsmanns Alþingis.

### Gallaður rökstuðningur

Umboðsmaður óskaði eftir skýringum frá ráðherranum, sem lét góðan og gegnan lögfræðing vinna fyrir sig rökstuðning fyrir ráðningu Ragnhildar. Í stuttu máli taldi umboðsmaður rökstuðninginn ekki halda vatni – ekki hefði verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að rétt hefði verið að velja Ragnhildi fram yfir Helgu. Höfundur hins gallaða rökstuðnings hefur vonandi lært eitthvað af ferlinu. Hann heitir Árni Páll Árnason.

### Rosalega erfitt



Mikill meirihluti forstöðumanna ríkisstofnana telur of erfitt að reka opinbera starfsmenn, samkvæmt nýrri könnun. Það má vera. En hvað ætli forstöðumönnum ríkisstofnana finnist um það hversu erfitt er að reka forstöðumenn ríkisstofnana? Það er eiginlega ómögulegt.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Pólitísk málaferli


Mál níumenninganna



Einar Steingrímsson
stærðfræðingur


Níu manneskjur eru ákærðar fyrir brot á 100. grein hegningarlaga, fyrir að hafa ráðist „á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess [væri] hætta búin“. Af fréttaflutningi, lögregluskýrslum og málatilbúnaði saksóknara er ljóst að sakborningar beittu enga ofbeldi; þeir gengu inn í þinghúsið, og einn hrópaði af þingpöllum.

Þessi „atlaga“ að Alþingi er ekki einsdæmi; svipaðir atburðir hafa orðið á síðustu áratugum. Aldrei áður hafa slík mótmæli leitt til ákæru, hvað þá svona alvarlegrar. Lágmarksrefsing fyrir brot á 100. greininni er árs fangelsi, en hámark ævilangt. Umrædd grein á við mjög alvarleg brot, nefnilega valdaránstilraunir, og ljóst er að sakfelling hefði afdrifaríkar afleiðingar fyrir líf sakborninga, þótt fjarstæðukennt sé að þeir hafi ógnað „sjálfræði“ Alþingis.

Níumenningarnir eru ákærðir fyrir að rjúfa „friðhelgi Alþingis og starfsfrið auk þess sem öryggi Alþingis var hætta búin“. Þetta mætti afgreiða sem ýkjur, ef ekki væri annað og meira í húfi, nefnilega frelsið til mótmæla. Sú hugmynd að ríkisvaldið megi „verja“ sig með svo heiftarlegum hætti gegn hættulausum mótmælum vekur óhug. Þótt litlar líkur virðist á sakfellingu á grundvelli 100. greinarinnar þá er ákæran ógnun við tjáningarfrelsið, því hún neyðir friðsama mótmælendur til að verja sig gegn ríkisvaldi sem fer offari, og það er ólíðandi í réttarríki að fólk sé ákært á fölskum forsendum eins og hér er gert.

Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, er æðsti yfirmaður skrifstofu Alþingis, sem fór fram á að kært yrði fyrir brot á 100. greininni, en lögreglan, sem rannsakaði málið, hafnaði því. Samt ákvað settur saksóknari, Lára V. Júlíusdóttir, að ákæra fyrir brot á þeirri grein, og hún ber því einnig ábyrgð á þessum pólitísku ofsóknum.

Þau ofsafengnu viðbrögð gegn hættulausum mótmælendum sem felast í umræddri ákæru verður að stöðva. Alþingi ætti að þvo af sér smánina með því að setja Ástu af. Lára ætti að draga ákæruna til baka. Að öðrum kosti ætti dómsmálaráðherra að frelsa Láru úr ógöngunum með því að fella niður saksóknina með vísan í 29. grein stjórnarskrárinnar. Eingöngu þannig er hægt að koma í veg fyrir að þetta verði ævarandi smánarblettur á íslensku réttarfari.

# Sjálfstæði þjóðkirkjunnar fer vaxandi

Þjóðkirkjan

Kristján Björnsson
sóknarprestur og fulltrúi í kirkjuráði



Sjálfstæði þjóðkirkjunnar hefur farið vaxandi síðasta hálfan annan áratug, sem sést á ýmsan hátt í starfi kirkjunnar og stjórnun hennar. Það er einna skýrast í stöðu kirkjuþings gagnvart stofnunum ríkisins. Stærsta skref í átt til aukins sjálfstæðis var án efa rammalöggjöf Alþingis um stöðu og starfshætti hennar árið 1998. Með þeim lögum minnkuðu afskipti Alþingis til muna og hefur það reynst farsælt fyrir ríki, kirkju og þjóð. Haldið hefur verið áfram á þessari braut og hafa seinni breytingar leitt til enn aukins sjálfstæðis þjóðkirkjunnar. Einnig hafa verið lögfestir samningar milli ríkis og kirkju sem byggja á eignum og réttindum. Kirkjan er sjálfstæð gagnvart ríkisvaldinu, en í miklum tengslum við þjóðina.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum kirkjunnar. Það er að meirihluta skipað leikmönnum úr kirkjulegu starfi. Vægi þess hefur aukist mikið síðustu ár. Þingið hefst 13. nóvember og þar koma saman 29 kjörnir fulltrúar úr níu kjördæmum til að taka mikilvægar ákvarðanir um starf og starfshætti, fjármál og eignamál og um stefnumörkun fyrir kirkjuna og þjónustu hennar. Þingið á sér fyrirmynd í löggjafarsamkomu landsins og hefur vald til að setja allri starfsemi kirkjunnar starfsreglur. Það hefur endanlegt áhrifavald með samþykktum sínum. Þegar þingið ræður málum til lykta, sem ekki eru ákvörðuð með starfsreglum, er það oftast með þingsályktunum eða öðrum samþykktum. Yfirleitt felur kirkjuþing kirkjuráði að framkvæma það sem felst í þingsályktunum en einnig getur þingið ákveðið að skipa nefnd eða starfshóp til að annast ákveðin mál. Dæmi um þetta má sjá í skipan þjóðmálanefndar kirkjunnar, sem heyrir beint undir kirkjuþing og er ráðgefandi nefnd. Annað dæmi er væntanleg rannsóknarnefnd um viðbrögð kirkjunnar við ásökunum á hendur fyrrverandi biskupi Íslands. Slíkar nefndir eru eins óháðar kirkjustjórninni og hugsast getur og felst í þessari skipan að þær skila niðurstöðu sinni eða áliti til kirkjuþings en ekki til stjórnar þjóðkirkjunnar, þ.e. kirkjuráðs, eða biskups Íslands. Þessi dæmi sýna að kirkjan leitast við að festa sjálfstæði sitt í sessi með því að ráða málum til lykta með lýðræðislegum og skipulögðum starfsháttum sínum í samræmi við lög og reglu í landinu.

> Fyrsta málið er lagt fram af forsætisnefnd, sem eingöngu er skipuð leikmönnum. Það varðar rannsóknarnefndina og er það án efa bæði tímamótaverk og mikið réttlætismál.

Starfsreglum kirkjuþings er best lýst með því að þær hafa gildi fyrir alla sem starfa innan kirkjunnar. Stofnunum kirkjunnar, embættum og starfsfólki er því skylt að fara eftir þeim.

Vegna þess að ákvörðunarvald kirkjuþings er afgerandi er nauðsynlegt að kirkjuþingsmál hljóti ákveðna þinglega meðferð og ítarlega umræðu. Málum er ráðið þannig til lykta að þau fara oftast í gegnum fyrri umræðu og þarf þingið að samþykkja hvort þau fari til nefndar og síðari umræðu. Þingið starfar því annars vegar á þingfundum og hins vegar í þremur nefndum, allsherjarnefnd, löggjafarnefnd og fjárhagsnefnd. Viðkomandi nefnd leggur málið síðan fram með breytingum til seinni umræðu og þar með hlýtur það afgreiðslu ef það er ekki fellt eða dregið til baka.

Nokkur mikilvæg mál liggja fyrir kirkjuþingi 2010, sem hefst á laugardag. Fyrsta málið er lagt fram af forsætisnefnd, sem eingöngu er skipuð leikmönnum. Það varðar rannsóknarnefndina, sem áður er getið, og er það án efa bæði tímamótaverk og mikið réttlætismál. Meðal annarra mikilvægra mála er frumvarp að nýjum þjóðkirkjulögum sem gengur enn lengra í átt til sjálfstæðis kirkjunnar. Einnig mál er varðar heildarstefnu í grunnþjónustu kirkjunnar um allt land og aukið samstarf. Fjöldi mála snýst um breytingar á fyrri starfsreglum og stefnumörkun kirkjunnar, s.s. í jafnréttismálum og meðferð kynferðisbrota, innri samþykktum kirkjunnar, skipulagi prófastsdæma og samstarfssvæða.

Að þessu sinni eru óvenju mörg mál á málaskrá en auk þess má búast við krefjandi vinnu í þeim málum sem lúta að niðurskurði í samræmi við kröfur ríkisvaldsins og erfiðar aðstæður í peningamálum þjóðarinnar.

## AF NETINU

### Ekki já og nei-fylkingar

Það er engin deila um að aðild að ESB eigi að bera undir þjóðaratkvæði. Fari svo að hún verði samþykkt, sem er hóflega líklegt eins og sakir standa, er eðlilegt að gera þær lágmarksbreytingar á stjórnarskránni sem nauðsynlegar eru, til dæmis með því að setja inn sértæk ákvæði líkt og þau sem sett hafa verið á Írlandi sem heimila aðildina. Þær breytingar þyrftu þá að fara í gegnum tvö þing með kosningum á milli, og sama þyrfti að gilda um allar breytingar á stofnsáttmálum ESB sem kynnu að vera gerðar í framtíðinni. Þetta er hófsöm leið og varfærin, og raunar ekki líkleg til að baka okkur vinsældir syðra.

Ekkert annað á sjóndeildarhringnum kallar á heimildir til að framselja vald til útlanda. Það þarf ekki að breyta stjórnarskránni til frambúðar vegna deilna sem sér brátt fyrir á endann á. Látum ekki kljúfa okkur í já og nei-fylkingar í kosningum sem snúast ekki um Brussel, heldur um okkur sjálf.

Vísir.is

Pawel Bartoszek





Ég verð með vinnustofu mína opna almenningi hvern föstudag frá kl. 14-18 fram að jólum.

Allir velkomnir.




Tolli vinnustofa, Héðinsgötu 2, 104 Reykjavík


# Öflugt íþróttastarf ungmenna

Íþróttir

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Á dögunum var haldin alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík undir yfirskriftinni Æskan – Rödd framtíðar. Meginefni hennar var kynning á rannsókn á öllum Norðurlöndunum, þ.m.t. sjálfstjórnarlöndunum þremur, á meðal 16-19 ára ungmenna. Þar eru m.a. könnuð viðhorf ungmenna til samfélagsins, netnotkun ungmenna, viðhorf til kynjajafnréttis, menntakerfis og svo mætti lengi telja. Ennfremur er spurst fyrir um líðan og svo daglega hegðun. Margt í þessari könnun hefur vakið verðskuldaða athygli en mig langar hér að nefna sérstaklega eitt atriði.

Ef bornar eru saman niðurstöður frá öllum löndunum kemur fram að íslensk ungmenni taka mestan þátt í íþróttastarfi utan skóla. Þetta á bæði við um hreyfingu utan skipulagðra íþróttafélaga og þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi á vegum íþróttafélaganna. Þetta sýnir glöggt hversu víðtæk þátttaka í íþróttastarfi er hér á landi og hversu miklu skiptir að halda vel utan um íþróttaiðkun ungmenna.

Eftir að kreppan skall á haustið 2008 hafa íþróttamál ekki farið varhluta af þeim mikla niðurskurði sem orðið hefur á öllum sviðum opinbers rekstrar. Í fjárlögum í fyrra var niðurskurður í þessum geira í kringum 10% og gerist það á sama tíma og sveitarfélög skera niður, fyrirtæki halda að sér höndum við styrkveitingar og líklega hefur aldrei verið erfiðara fyrir fjölskyldurnar í landinu að greiða félagsgjöld. Íþróttahreyfingin hefur reitt sig á öflugt net sjálfboðaliða sem hafa haldið uppi starfinu í mörgum félögum og sérsamböndum en stundum gleymist þeirra þáttur þegar rætt er um rekstur íþróttahreyfingarinnar.

Í ljósi þess að það þrengir mjög að hjá íþróttahreyfingunni var ákveðið að leggja til í fjárlögum ársins 2011 að niðurskurður verði um 5% á næsta ári. Ætlunin með því er meðal annars að hlífa öðrum fremur þeirri starfsemi sem snýr að börnum og unglingum og reyna að taka höndum saman með íþróttahreyfingunni um að verja þann góða árangur sem hefur náðst í þátttöku íslenskra ungmenna í íþróttastarfi. Af honum getum við Íslendingar verið stolt.


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

vísir.is









FRÁBÆR VÍN Í ÚRVALI

Hátíðarmatseðill
3ja rétta: 4.900 kr.
5 rétta: 6.900 kr.

Hlaðborð: 5.900 kr.
(fyrir hópa, samkv. pöntun)



JÓLIN KOMA TIL ÞÍN

Í hjarta miðborgarinnar býður veitingastaðurinn 1919 upp á girnilega þriggja og fimm rétta jólamatseðla og jólahlaðborð fyrir hópa. Flauelsmjúkir forréttir, safaríkar jólasteikur og gómsætir eftirréttir koma þér í sannkallað jólaskap. Pantaðu borð núna og njóttu þess að taka forskot á jólasæluna.

1919
RESTAURANT AND LOUNGE

Radisson Blu 1919 Hótel Pósthússtræti 2 102 Reykjavík **Sími: 599 1000**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL í BÓNUS




**TOLLI LANDSLAG HUGANS** GLÆSILEG LISTAVERKABÓK 250 BLS.
Í VERSLUNUM BÓNUS **kr. 4990.-**




**Gestgjafinn**
KÖKUBLAÐIÐ
**998 kr.**
blaðið um helgina
Almennt verð !
1395 kr.




**598**
KR.600g
NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR 600G




Heimilisostur með
**25% afslætti**
*Merkt verð 1186 kr.kg*
**890 kr./kg.**




**498** KR.200g KÓKOSOLÍA 200g

**359** KR. 1 kg SPELTHVEIT FÍNT -GRÓFT 1 kg

**598** KR. 425ml AGAVE SÝRÓP 425ml

## SOLLU LÍFRÆNAR VÖRUR

## ÓDÝRUSTU *PIZZUNA* GERIR ÞÚ SJÁLFUR HEIMA !




FERSKT PIZZADEIG 400g **259 kr.**
PIZZU SKINKA 125g **98 kr.**

## Robin klementínur 2,3 KG
Toppurinn í klementínunum




**759** KR. 2.3 kg

## PRÓFAÐU AÐ MATBÚA ÓSVIKIÐ ÍTALSKT
**SPAGHETTI BOLOGNESE** www.bonus.is/uppskriftir




**798** KR. kg FERSKT BLANDAÐ HAKK

**159** KR.1 kg ES SPAGHETTI 1 KG.

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL í BÓNUS
1298
KR.kg
K.S FERSKT LAMBLÆRI
798
KR.kg
FROSINN LAMBABÓGUR
898
KR.kg
BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR
ALGJÖRT SÆLGÆTI
298
KR.500g
2598
KR.kg
NAUTA Veisla
FERSK NAUTASTEIK
RIBEY
268
KR.kg
KS HAUSTSLÁTRUN 2010
LAMBASVIÐ FROSIN
GRÍSA Veisla
898
KR.kg
GRÍSVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
58 KRÓNA VERÐLÆKKUN
229
KR.kg
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g
BÓNUS GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.
4FYRIR3
759
KR.4x2 ltr
4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX
695
KR.4x2 ltr
BÓNUS APPELSÍN
169
KR.2 ltr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Tillaga mannréttindaráðs um skóla fyrir alla

Mannréttindi

Elín Sigurðardóttir
fulltrúi VG í mannréttindaráði Reykjavíkur



Í tilefni af grein sr. Báru Friðriksdóttur sem birtist í fréttablaðinu 6. nóvember er nauðsynlegt að koma með eftirfarandi leiðréttingar á ýmsum rangfærslum sem þar koma fram vegna tillögu Besta flokksins, Samfylkingar og Vinstri-grænna um samstarf skóla og trúfélaga. Þar skrifar hún m.a. að í tillögum ráðsins sé því haldið fram að „alfarið ætti að hætta með kirkjuferðir á skólatíma“. Sú staðhæfing stenst ekki þar sem áfram er gert ráð fyrir vettvangsheimsóknum í kirkjur sem og húsnæði annarra trúfélaga sem hluta af kennslu í trúarbragðafræði samkvæmt gildandi aðalnámskrá. Varðandi aðkomu presta að sálrænum áföllum og sorgarviðbrögðum kemur fram í tillögunni að ef kalla eigi til fagaðila frá trúar- og lífsskoðunarfélögum (t.d. presta) vegna áfalla í skólum, þá skuli það aðeins gert að höfðu samráði skólastjóra við foreldra allra hluteigandi barna. Því er ekki verið að loka á aðkomu presta sem fagaðila að sálrænum áföllum eins og fram kemur í greininni.

Einnig er tekið fram í grein sr. Báru að ekki þurfi að borga prestinum sérstaklega fyrir áfallahjálp í skólum en þess þurfi hins vegar ef aðrir fagaðilar eru kallaðir til. Samkvæmt mínum upplýsingum eru prestar þjóðkirkjunnar opinberir starfsmenn og laun þeirra borguð úr samfélagslegum sjóðum. Hins vegar er það ríkið sem greiðir laun þeirra en ekki sveitarfélögin sem reka leik- og grunnskólanna.

Í greininni er talað um að 90% foreldra barna í reykvískum skólum séu kristin. Það er hins vegar þannig skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands að um 70% foreldra reykvískra barna á grunnskólaaldri tilheyra þjóðkirkjunni eða öðrum kristnum söfnuðum. Sú staðreynd að meirihluti skólabarna sé kristinn réttlætir hins vegar ekki að mínu mati að brjóta megi á réttindum minnihluta barna í grunnskólum Reykjavíkur. Það er hlutverk opinberra skóla að koma til móts við öll börn óháð trúar- og lífsskoðunum þeirra eða foreldra þeirra. Það er því ekki þannig að réttindi meirihlutans vegi þyngra en réttindi minnihlutans þegar unnið er að ýmis konar mannréttindamálum. Fram kemur í lögfræðiáliti sem unnið var fyrir menntamálaráðuneytið um trúarbragðafræðslu í leik- og grunnskólum á árinu að taka þurfi mið af og tryggja sjónarmið þeirra sem ekki aðhyllast sjónarmið meirihlutans í þessum efnum.

Einnig er tekið fram í tillögunni að sígildir söngvar, dansar og leikir sem tengjast rótgrónum hátíðum s.s. jólum haldi sessi í leik- og grunnskólum borgarinnar. Það er því ekki verið að stela jólunum frá reykvískum börnum eða hrófla við hefðbundnum jólaundirbúningi í skólum borgarinnar. Ekki er verið að „banna“ kirkjuheimsóknir t.d. fyrir jól í þeim tilgangi að taka þátt í helgihaldi heldur gengur tillagan út á það að slíkar heimsóknir fari fram utan skólatíma. Þannig er það í öðrum sveitarfélögum, til að mynda Garðabæ, og hefur samkvæmt minni bestu vitund gefið góða raun.

> Tillaga mannréttindaráðs er í öllum meginatriðum samstíga þeim leiðbeinandi reglum sem þjóðkirkjan setti sér

Þau rök að þau börn sem ekki fari í kirkjuheimsóknir „fái önnur verkefni á meðan“ eru umdeilanleg. Í skýrslu starfshóps menntasviðs Reykjavíkurborgar um samstarf kirkju og skóla frá árinu 2007 er t.d. tekið fram að forðast skuli aðstæður þar sem börn eru tekin út úr hópnum. Einnig kemur fram í lögfræðiáliti menntamálaráðuneytisins um trúarbragðafræðslu í leik- og grunnskólum að við kennslu ungra barna beri að varast aðstæður þar sem börn eru tekin út úr hópnum. Þar kemur einnig fram að ef ekki væri verið að kenna trúarbrögð heldur kenna um trúarbrögð væri minna tilefni til að útiloka börn frá hópnum vegna trúar- og lífsskoðana þeirra eða foreldra þeirra. Þess má einnig geta að tillaga mannréttindaráðs er í öllum meginatriðum samstíga þeim leiðbeinandi reglum sem þjóðkirkjan setti sér um samskipti sín við leik- og grunnskóla frá árinu 2008. Það hlýtur að vera „besta þjónustan við börnin“ í skólum borgarinnar að skapa skólasamfélag þar sem allir tilheyra og eru þátttakendur í starfinu sem hluti af heildinni, óháð trúarbrögðum.

# Hvað er stjórnmálamenning?

Stjórnmál

Haukur Sigurðsson
sagnfræðingur



Hvað er stjórnmálamenning? Menning í stjórnmálum er fyrsta svarið og myndu margir segja það útúrsnúning. Þetta getur verið framkoma, hefðir, samstaða, ábyrgð, beiting hugmynda og hugtaka, uppeldi og ýmislegt annað. Okkur virðist skorta flest af þessu. Í stjórnmálum koma fram hagsmunir stjórnmálamanna og þeirra sem þeim hafa fengið atkvæði sitt. Stjórnmál eiga að snúast um hugmyndir og hugtök og hvernig þeim er beitt. Þau koma óljóst fram hjá okkur og eru ekki til leiðsagnar eins og eðlilegt væri í heilbrigðu umhverfi stjórnmála. Það er líkt og stjórnmálamenn starfi lítið eftir hugmyndum heldur næstum eingöngu eftir hagsmunum. Þessi staðreynd hefur greinileg áhrif á umræðuhefðina sem er hefð átaka. Væru hugmyndir leiðarhnoða sem hægt væri að leiða sig eftir væru umræður um stjórnmál mun gagnlegri og til meiri upplýsingar en nú er. Umræðan hjá okkur fer fljótt að beinast að átökum, ekki að kryfja mál til mergjar heldur að finna höggstað á viðmælanda. Það virkar illa á áheyrendur sem skynja að slíkar umræður eru ekki til að leysa vanda.

Annað sem við þurfum að ala okkur upp í er að sýna ábyrgð og rækta traust. Þingmenn verða að vakna við þann vonda draum að rúmlega sjö af hverjum hundrað bera traust til Alþingis. Hvaða vinnustaður getur skellt skollaeyrum við slíku? Hvaða traust á stjórnmálaflokkur skilið sem gengur til samstarfs við stjórnarmyndun um eitt brýnasta mál samfélagsins með því að lýsa því strax yfir að hann sé andsnúinn því? Hver er ábyrgðin sem hann gengst undir? Þetta brýtur gegn stjórnmálamenningu sem er heilbrigð, enda er nú að koma á daginn að flokkurinn hopar frá þeirri verklegu lausn sem hann hafði gengist undir. Ótrúlega lágt leggst Alþingi þegar þingmenn úr öllum flokkum nema einum bera fram tillögu um að sneiða hjá lögum sem það sama þing hefur áður samþykkt um viðræður við Evrópusambandið til að þjóna stundarhagsmunum. Slík framkoma í stjórnmálum hlýtur að teljast viðundur meðal annarra Evrópuþjóða. Kannski eru þessir þingmenn að undirstrika að þeir eigi enga samleið með Evrópu. Getur nokkur heilbrigður einstaklingur borið traust til slíks þings?

> Fólk hefur ímugust á stjórnmálaflokkum og margir vilja losna við þá.

Við verðum að koma hér á festu og samkvæmni í þingstörfum og við setningu laga, Alþingi þarf líka eftirlitsstofnun á þessu sviði. Stjórnvöld starfa losaralega, stefna til lengri tíma er lítið á dagskrá. Starfshópar innan stjórnkerfis fá ekki erindisbréf, bóka ekki niðurstöður og skila ekki skýrslu um hver árangur hafi orðið. Í rannsóknarskýrslu Alþingis er nefnt dæmi af ráðherranefnd sem vissi varla að hún væri til, hvað þá að hún gerði eitthvað.

Fólk hefur ímugust á stjórnmálaflokkum og margir vilja losna við þá. Það yrði merki um hnignun. Við finnum engin betri tæki til að beita í stjórnmálum en flokka en þá má bæta. Mig grunar að félagsstarf innan flokkanna sé nú á dögum mun minna en var fyrir nokkrum áratugum. Flokkarnir starfræktu þá stjórnmálaskóla sem líklega voru nær eingöngu flokksskólar. Við þurfum uppeldisskóla í stjórnmálum þar sem kennt er að umgangast hugmyndir og hugtök af skilningi og virðingu, þar sem menn læra hvar ábyrgð liggur og hvernig eigi að vinna og rækta traust á þessu sviði. Einnig hvernig stjórnmálamenn eiga að vinna með almenningi en ekki til að blekkja hann. Væntanlegt stjórnlagaþing gæti tekið þetta til umræðu og skilað um það áliti til Alþingis.

# Um arð af veiturekstri

Orkuveitan

Eiríkur Hjálmarsson
upplýsingafulltrúi



Ef orku- eða veitufyrirtæki skilar eigendum sínum arði, jafngildir arðurinn þá skattlagningu á notendur? Þessi spurning var sett fram hér í blaðinu í gær og niðurstaða skrifarans virtist vera að svo væri. Voru Hvergerðingar og Kópavogsbúar sérstaklega tilteknir sem meint fórnarlömb Reykvíkinga í þessum efnum.

Nú háttar svo til að Kópavogsbúar áttu hlut í Orkuveitu Reykjavíkur. Bæjaryfirvöld kusu að selja hann. Með því afsöluðu þau sér ábyrgð á tiltekinni þjónustu við íbúana og fengu í staðinn hundruð milljóna í bæjarsjóð til að reka leikskóla, bæta gönguleiðir eða sinna öðrum þjóðþrifaverkum í sveitarfélaginu. Bæjaryfirvöld í Hveragerði gerðu slíkt hið sama. Þau seldu OR hitaveituna sína, ekki síst til að tryggja íbúum verð á þjónustunni sem bæjarfélagið treysti sér ekki til að tryggja. Talsverðar fjárhæðir runnu í bæjarsjóðinn og ábyrgðin á rekstrinum er Orkuveitu Reykjavíkur.

> Arður veitufyrirtækja er ekki skattlagning heldur eðlilegt afgjald

Gjaldskrá fyrir sérleyfisþjónustu á borð við veiturnar er háð ströngum reglum og er undir eftirliti stjórnvalda. Þau fylgjast með því að verð á þjónustunni sé í samræmi við kostnað eða fé sem í rekstrinum er bundið. Jafnframt er talið rétt að sá sem á veituna fái arð fyrir það að taka ábyrgð á að veita þjónustuna og vera með fjármuni sína bundna í veitukerfum frekar en að vera t.d. með þá inni á banka. Sá arður má vera svipaður og vextir af ríkisskuldabréfum. Takmarkaður arður veitufyrirtækja er ekki skattlagning heldur eðlilegt afgjald til eigenda fyrir að taka ábyrgð sem aðrir taka ekki.




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.

# Vakin af værum svefni vanans

Kirkja og skóli

Guðrún Karlsdóttir

prestur í Grafarvogssöfnuði



Nú eru hópar í samfélaginu sem vilja draga úr samstarfi trúfélaga og skóla og ég tel ýmislegt sem hægt er að ræða í þeim hugmyndum. Það getur verið erfitt að vera barnið sem fær ekki að taka þátt þegar skólinn fer í heimsókn í kirkjuna eða þegar presturinn eða djákninn kemur í heimsókn í leikskólann.

Skólinn er ekki staður fyrir trúboð. Trúboð á heima í kirkju en ekki í grunnskólum eða leikskólum. Um þetta er reyndar enginn ágreiningur og mörkin hafa verið að skerpast undanfarin ár að frumkvæði þjóðkirkjunnar. Ég skil þessa hópa því að mörgu leyti og mér finnst sitthvað gott í tillögum mannréttindaráðs en að sama skapi þykir mér sumt í tillögum þeirra bera vitni um þótta í garð kristni og þá sérstaklega þjóðkirkjunnar.

En hvernig ætli hægt sé að vinna þetta svo að réttur barna sé tryggður og að foreldrar séu sáttir?

Hagsmunir barnanna hljóta alltaf að vera í fyrirrúmi. Ég efast ekki eitt augnablik um að skólar, leikskólar, öll trúar- og lífsskoðunarfélög, íþróttafélög, skátar, tónlistarskólar og öll þau er vinna með börn vilji hag barna sem bestan.

Margt kirkjunnar fólk hefur brugðist ókvæða við þessum tillögum mannréttindaráðs sem hér um ræðir enda upplifa mörg okkar tóninn í tillögunum sem yfirlætislegan. Reyndar veit ég ekki til þess að prestar séu hangandi á snerlinum í grunnskólum landsins og vilji komast inn til þess að berja börnin í höfuðið með Nýja testamentinu. Ég kannast heldur ekki við að það sé raunin í leikskólunum.

Það sem mér finnst skorta er samtal um þessi mál við trú- og lífsskoðunarfélög, skólastjórnendur og foreldra með það að markmiði að komast sameiginlega að ásættanlegri lausn. En raunin er sú að Siðmennt er eina lífsskoðunarfélagið sem kom að tillögugerðinni.

En hver veit nema það sem margir Íslendingar upplifa sem árás lítils hóps á kirkju og kristni sé það besta sem hefur komið fyrir kristni á Íslandi?

Nú er fólk allt í einu farið að tala um trú á annarri hverri kaffistofu og í fjölskylduboðum og skrifa í blöðin og blogga um trúmál og kirkju. Það getur ekki verið annað en gott. Kannski þurftum við, kristið fólk á Íslandi, að láta vekja okkur af værum svefni vanans.

Ég vona, trúi og bið þess að við þurfum ekki að óttast hugmyndir þessa hóps heldur verði þær einmitt til þess að styrkja trúfrelsi á Íslandi. Trúfrelsi er frelsi til trúar og trúleysis. Vonandi sprettur af þessu samtal sem kennir okkur að umgangast hvert annað af meiri virðingu hvaða lífsskoðun eða trú við höfum. Tölum saman af yfirvegun og með velferð barnanna okkar í huga. Samræða þeirra hópa er málið varða er lykillinn að farsælli lausn.

AF NETINU

## Trú og trúleysi



Tryggt skal í stjórnarskrá að stjórnvöld taki ekki ein trúarbrögð fram yfir önnur. Trú og trúleysi séu meðal þeirra mannréttinda sem njóti verndar í stjórnarskrá. Trúfrelsi er hluti af skoðanafrelsi og mannréttindum. Tryggja þarf bæði rétt fólks til að iðka trú og hafa með sér samfélag um trú, viðurkenningu á mikilvægi hennar í lífi trúaðs fólks. Þar á meðal er viðurkenning á helgisiðum, helgidögum og helgum stöðum.

Blog.eyjan.is/fia

**Soffía Sigurðardóttir**

## Þjóðkirkja eða ríkiskirkja?



Íslenska þjóðkirkjan er og verður þjóðkirkja í þeim skilningi að lunginn úr íslensku þjóðinni tilheyrir henni og þykir vænt um kirkjuna sína. Að mínu viti á hin evangelíska lúterska kirkja ekki að vera ríkiskirkja enda hef ég talað fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju frá því fyrir fermingu. Kaus því að láta ferma mig í Óháða söfnuðinum sem er evangelísk lútersk kirkja utan þjóðkirkjunnar.

Blog.eyjan.is/hallurm

**Hallur Magnússon**

## Raunveruleg þrískipting



Raunveruleg þrískipting ríkisvalds, lýðræði og jafnrétti eru lykillinn að því að losa um skaðleg tök sérhagsmunaafla á íslensku samfélagi. Draga þarf skýrari mörk milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og auka áhrif kjósenda í kosningum. Almenningur, þjóðin sjálf, þarf að geta gripið inn í mál á hverjum tíma og varið mikilvægustu hagsmuni sína.

Vísir.is

**Hjörtur Hjartarson**

## Þjóðin kjósi framkvæmdarvald



Það er ekki óvarlegt að segja að framkvæmdarvald íslenska lýðveldisins geri það sem það vill, setji sér sjálft þau lög og þær reglur sem það þarf að vinna eftir. Þessu þarf að breyta þannig að Alþingi fari eitt með löggjafarvaldið og setji ríkisstjórn þær leikreglur sem starfa á eftir. Til þess að skilin verði afgerandi tel ég að taka verði skipan framkvæmdarvalds frá Alþingi með þeim hætti að þjóðin kjósi höfuð framkvæmdarvaldsins.

Vísir.is

**Þór Gíslason**

Hobby 2011

Góð fjárfesting!










SÝNING VERÐUR HELGINA 13. OG 14. NÓVEMBER. ÞAR MUNUM VIÐ KYNNA 2011 ÁRGERÐINA AF HOBBY HJÓLHÝSUNUM Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART.

Allir vagnarnir eru endurhannaðir að utan sem innan og hlaðnir nýjungum. Stórglæsilegar innréttingar, fyrirkomulag og tæki. Nýtt eldhús, nýr sérhannaður ***stór ísskápur***, nýtt stjórnborð fyrir rafmagn og vatn. Opið laugardag 12 til 16 og sunnudag 13 til 17. Verið velkomin, það verður heitt á könnunni.

VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ.

VÍKUR V • E • R • K

VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS






# Þegar lífið veltur á nánd

Fæðingarorlof

Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir



Öllum er ljóst að ráðamönnum er mikill vandi á höndum við að ná utan um fjárhag ríkisins. Það eru þó takmörk fyrir hvert er hægt að seilast. Að skerða aðgang nýfæddra barna að foreldrum sínum er úrræði sem aldrei ætti að koma til álita. Hvers vegna?

Engin nýfædd vera er jafn fullkomlega ósjálfbjarga og mannsbarnið. Án umönnunaraðila á barnið sér enga lífsvon en þó er ekki nóg að sinna líkamlegum þörfum þess. Rannsóknir hafa leitt í ljós að heilaþroski barna er háður ánægjulegum tengslum við aðra manneskju, sérstaklega fyrsta árið. Þá er heilinn í mótun en hvernig hann þroskast veltur á aðstæðum og reynslu hvers og eins. Jákvæð samskipti og vellíðan stuðla að tengingum á milli taugafruma í þeim hluta heilans sem sér um getu barnsins til sjálfstjórnar og flókinna félagslegra samskipta þegar fram líða stundir. Aftur á móti getur skaðleg streita, t.d. vegna ónærgætinnar umönnunar eða aðskilnaðar frá þeirra nánustu, veikt tengingar á milli taugabrauta, dregið úr vexti heilans og veikt ónæmiskerfið.

Ungt barn getur ekki sjálft stjórnað líðan sinni. Þess vegna verða foreldrar eða aðrir sem þekkja það vel að grípa inn í til að draga úr vanlíðan þess. Við það eitt að barn sé huggað er streitu þess haldið innan viðráðanlegra marka og stutt er við viðkvæmt ónæmiskerfið. Á sama tíma er vöxtur örvaður í þeim hluta heilans sem hugsar um tilfinningar, hefur taumhald á hvötum og ræður færni í félagslegum samskiptum. Ef þörfum barns er ekki sinnt á þessum viðkvæma tíma getur orðið röskun á líffræðilegum og sálrænum viðbrögðum sem geta haft áhrif til lengri jafnt sem skemmri tíma. Það er hætt við að sjálfsmynd þeirra verði neikvæð, þau læri ekki að þekkja tilfinningar sínar og bera sig eftir björginni á heilbrigðan hátt. Þau þróa síður með sér hæfileika til að setja sig í spor annarra, sem er forsenda þess að virða reglur og mörk samfélagsins.

> Ráðamönnum er sannarlega vandi á höndum við niðurskurð sem enginn kærir sig um en það er alvarleg skammsýni að skera umönnun ungra barna við nögl.

Foreldrarnir eru að öllu jöfnu best til þess fallnir að sinna barni sínu fyrstu mánuði og ár, einfaldlega vegna þess að þeir þekkja það betur en nokkur annar. Það gerir þá hæfari en aðra til að draga úr streitu barnsins og veita því mesta ánægju- og öryggiskennd. Auk þess er væntumþykja sterkasta aflið sem fær eina manneskju til að bregðast við annarri. Auðvitað þurfa fleiri að koma að umönnun barna en þeir sem beinlínis elska þau en þarna skiptir tíminn máli. Því yngra sem barnið er, því meiri þörf hefur það fyrir manneskju sem er tengd því, sem bókstaflega finnur til með því og leggur sig fram um að tempra líðan þess jafnt og þétt. Þess vegna skiptir miklu máli hvort barn er skilið frá foreldrum sínum nokkurra mánaða eða nokkurra ára gamalt, í fjórar klukkustundir á dag eða níu, þrjá daga vikunnar eða fimm.

Við höfum alltof lengi ætlað ungum börnum meira sjálfstæði og þroska en forsendur eru til. Þetta kemur ekki eingöngu niður á börnum og foreldrum þeirra heldur einnig samfélaginu, sem ber þungan kostnað vegna heilsu- og hegðunarvanda barna og ungmenna. Ótímabært álag á ung börn vegur að getu þeirra til að tengjast, treysta, læra, skapa og elska. Ráðamönnum er sannarlega vandi á höndum við niðurskurð sem enginn kærir sig um en það er alvarleg skammsýni að skera umönnun ungra barna við nögl. Nær væri að leita allra leiða til að efla tengsl foreldra og ungra barna og hlúa sérstaklega að einstæðum foreldrum og þeim sem glíma við geðheilsuvanda. Þannig gætum við, til lengri tíma litið, sparað umtalsverða fjármuni.

# Sagnfræðingur á villigötum

Ísland og ESB

Hjörleifur Guttormsson
fyrrv. þingmaður og ráðherra



Ég varð ekki lítið undrandi við lestur á grein Sverris Jakobssonar sagnfræðings í Fréttablaðinu 2. nóvember sl. undir fyrirsögninni Svik við málstaðinn? Þar tekur greinarhöfundur sér fyrir hendur að réttlæta uppgjöf forystu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs gagnvart Samfylkingunni við ríkisstjórnarmyndun í maí 2009 þar sem flokkurinn var dreginn inn á spor umsóknar um aðild að Evrópusambandinu þvert á grundvallarstefnu sína.

Í sjónvarpsumræðu 24. apríl 2009, kvöldið fyrir kosningar, útilokaði formaður VG að undirbúningur að umsókn um aðild að ESB myndi hefjast með þátttöku VG í kjölfar kosninganna. Samt velur sagnfræðingurinn að setja spurningarmerki aftan við fyrirsögn greinar sinnar og tekur sér síðan fyrir hendur að snúa út úr áskorun 100 félaga og stuðningsmanna flokksins til forystunnar.

### Hálfkveðnar vísur við stjórnarmyndun

Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarflokkanna um Evrópumál er kynleg samsuða og til þess fallin að afvegaleiða þá sem afstöðu áttu að taka til stjórnarmyndunar. Þar er það gert að aðalatriði „að þjóðin muni greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum“. Með því orðalagi er látið svo sem aðildarsamningur hljóti að verða niðurstaðan.

Í framhaldi af þessu segir: „Utanríkisráðherra mun leggja fram á Alþingi tillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu á vorþingi. Stuðningur stjórnvalda við samninginn þegar hann liggur fyrir er háður ýmsum fyrirvörum um niðurstöðuna út frá hagsmunum Íslendinga ...“ Hér er boðuð spánný samningatækni, samningur skal það verða, þótt stjórnvöld hafi við hann ýmsa fyrirvara út frá meginhagsmunum landsmanna, rétt eins og einhverjir aðrir en ríkisstjórnin eigi að bera ábyrgð á niðurstöðunni.

En aðal tálbeitan gagnvart flokksráði VG fólst í því að það væri utanríkisráðherra, en ekki ríkisstjórnin sem legði tillögu um aðildarumsóknina fyrir Alþingi og þingmenn flokksins væru því með öllu óbundnir af stuðningi við hana. Þegar tillagan kom svo fram nokkrum vikum síðar birtist hún ekki sem mál Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra heldur sem ríkisstjórnartillaga með óbeinni skuldbindingu um að tryggja yrði henni meirihluta. Um slíkan flutning mála gilda tvær ólíkar greinar í stjórnarskrá, þ.e. 55. grein um málefni sem einstakir þingmenn eða ráðherrar leggja fram, en um stjórnartillögur á við 25. grein stjórnarskrárinnar þar sem áskilið er samþykki forseta lýðveldisins fyrir framlagningu. Hér var því forsendum snúið á haus strax á fyrstu vikum stjórnarsamstarfsins, andstætt því sem Sverrir fullyrðir í grein sinni.

> Hér var því forsendum snúið á haus strax á fyrstu vikum stjórnarsamstarfsins

### Fullyrðingar sem ekki standast

Sverrir fullyrðir í grein sinni að „aðlögunarferli“ sem fyrst var kynnt utanríkismálanefnd Alþingis með minnisblaði 25. ágúst sl. sé ekki nýtt af nálinni „heldur hefur það verið í gildi síðan Ísland gekk í evrópska efnahagssvæðið fyrir hartnær tveimur áratugum“. Jafnframt staðhæfir hann ranglega að Noregur hafi tvívegis farið í gegnum „slíka aðlögun“ án þess að ganga í Evrópusambandið.

Hér er sagnfræðingurinn að andmæla áskorun 100-menninganna en í henni er bent á að forsendur hafi breyst í grundvallaratriðum frá því aðildarumsókn var ákveðin. Orðrétt segir í áskoruninni: „Umsóknin snýst ekki lengur um að kanna hvað í boði er af hálfu ESB, eins og áður var látið í veðri vaka, heldur er nú að hefjast flókið ferli aðlögunar að regluverki og stofnanakerfi ESB með milljarða fjáraustri frá Brussel. Slíkar greiðslur frá Evrópusambandinu gera að engu þær vonir að hér fari fram lýðræðisleg og hlutlæg umræða um kosti og galla aðildar.“

### Gjörbreytt ferli

Skrif Sverris bera þess ekki vott að hann hafi fylgst mikið með þróun ESB og vinnubrögðum við stækkun sambandsins síðustu tvo áratugi. Þegar þrjú Norðurlönd sóttu um aðild að ESB var þess gætt að ESB blandaði sér þar á engan hátt í umræðuna innanlands í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú er öldin önnur.

Ríki sem urðu aðilar að ESB á árunum 2004 og 2007 fengu í aðdraganda svonefnda sérfræðiráðgjöf og fjárhagsstyrki frá Brussel og árið 2006 var þessi íhlutun sameinuð undir einni áætlun eða sjóði sem nefnist Instrument of Pre-Accession Assistance, skammstafað IPA. Á því byggir sú aðlögun sem andmælt er í áskoruninni og bæði fjármálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra segjast hafna.

Væntanlega mun það sama ekki aðeins gilda um öll ráðuneyti á vegum VG heldur ríkisstjórnina sem heild. Slíkt er prófsteinn á hvort virða eigi lágmarks leikreglur í samskiptum Íslands og ESB áður en lengra er haldið.



**Sænska jólageitin** er 4,5 metrar á hæð og stendur við IKEA í Kauptúni. Geitin, sem smíðuð er á Íslandi, hefur verið skreytt rauðum borðum og jólaljósum og lýsir nú upp skammdegið. Jólageitin er ættuð frá Svíþjóð en þar skipar hún veigamikinn sess í jólahaldinu. Frægasta geit Svía er Gävle sem er reist í bænum Gävle í desember ár hvert.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






# Villibráðar-hlaðborð

21. október - 17. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni víðsvegar að til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er hægt að bragða á spænskum gæðavínum.*

Verð 8.490 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*7.490 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 18. nóvember

*Tilboð mán.-mið. 7.290 kr. — Verð: 8.290 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207

*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is




Kakan smakkast best með rjúkandi kaffisopa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Valgerður Guðnadóttir smakkaði hráköku hjá mágkonu sinni fyrir skemmstu og kolféll fyrir henni.**

# Næringarríkt sælgæti

Söngkonan Valgerður Guðnadóttir fékk á dögunum ljúffenga hráköku hjá mágkonu sinni Helgu Þórsdóttur og var fljót að fá hjá henni uppskriftina. „Hún er full af næringarefnum og alveg sérstaklega fljótleg sem spillir ekki fyrir. Hún er skreytt með valhnetum og ristuðum kókosflögum en er eflaust líka góð með berjum og rjóma,“ segir Valgerður.

Hún borðar kökuna með ilmandi kaffisopa og setur nýju plötuna sína, Draumskógur, sem kom út í dag, á fóninn. „Þetta er svona rauðvínsplata með gömlum dægurlögum sem mörg eru frá 1960 og ´70. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og Vignir Snær Vigfússon hafa fært þau í nýjan búning með strengjakvartett og gítarleik,“ segir Valgerður.

Lögin fjalla flestöll um ástina og drauma og fær náttúruröddd Valgerðar að njóta sín til fulls.

Hún heldur útgáfutónleika í Iðnó þriðjudagskvöldið 23. nóvember.

*vera@frettabladid.is*

## FLJÓTLEG HRÁKAKA

með súkkulaði, sveskjum og döðlum

1 bolli döðlur
1 bolli sveskjur
1 banani
1 bolli valhnetur
½ bolli ristaðar kókosflögur

*Blandið öllu saman í matvinnsluvél. Fletjið deigið út á kökudisk og setjið í kæli eða frysti í um það bil tuttugu mínútur.*



**Krem:**
70% svart súkkulaði
örlítil kókosolía
engiferduft

*Hitið súkkulaðið yfir vatnsbaði og blandið kókosolíunni saman við. Setjið kremið á kælda kökuna. Skreytið með ristuðum kókosflögum, valhnetum og smá engiferdufti (sem er stráð yfir flögurnar á pönnunni). Berið fram með ilmandi nýju kaffi.*





Tilboð fyrir 2 og fleiri

Tilboð 1

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.

1595 krónur á mann 3190 kr. fyrir tvo

Tilboð 2

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu.

1695 krónur á mann 3390 kr. fyrir tvo

TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI

NINGS

Suðurl.br. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

**Sýningin Grýlukerti** verður opnuð á skörinni, Aðalstræti 10, í dag milli klukkan 16 og 18. Á sýningunni má sjá margnota leirverk, innblásin af grýlukertum eftir Hrefnu Harðardóttur. Sýningin stendur til 1. desember.




MINERVA
LAUGAVEGI 40
S. 553-1144
OPIÐ MÁN-FÖS 11-18 OG LAUG 11-16
WWW.MINERVASHOP.IS

KINAHOFID
Tilboð í 3 vikur
Vorrúllur með súrsætri sósu
Steiktar rækjur með súrsætri sósu
Nautakjöt og grænmeti í ostrusósu
Kjúklingur með grænmeti í karrísósu
Allt þetta fyrir 1.590 á mann
Tekið heim 1.450 á mann
www.kinahofid.is
NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022

TILBOÐ Á WOLFORD
70 DEN SOKKABUXUM
LITUR: SVART
STÆRÐIR: S – XL.
VERÐ KR. 3.990






SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80 S: 561 1330
SIGURBOGINN.IS



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
Vorum að taka upp mikið af
Soyja
vörum og jólakjólum í
stærðum 42-56
20% afsláttur af öllum buxum
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is






Jón Þór var ánægður með gang mála. Hér fylgist hann með þegar Ari Matthíasson er myndaður með smokka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ekki feimin við smokka

**Smokkaherferðin, Smokkur má ekki vera feimnismál, sem svo margir muna eftir frá 1986 verður endurvakin. Hundrað stjörnur voru myndaðar í gær og í dag fyrir nýtt plakat í sama stíl og það gamla.**

„Hér flæðir allt í smokkum," segir Jón Þór Þorleifsson hlæjandi þar sem hann stendur í ströngu við að láta ljósmynda yfir hundrað fræga Íslendinga í Hugmyndahúsi háskólanna niður á Granda. Tilefnið er endurvakning smokkaherferðarinnar „Smokkur má ekki vera feimnismál" frá 1986 sem margir kannast við.

Jón Þór og félagar hans Inga Dóra Pétursdóttir og Frímann Sigurðsson stofnuðu fyrir nokkru félagasamtökin Smokkur – sjálfsögð skynsemi og fengu styrk frá Reykjavíkurborg til að standa fyrir nýrri smokkaherferð. „Það var alveg kominn tími á að vekja athygli á þessu málefni," segir Jón Þór en benda má á að tíðni klamydíu er há á Íslandi og sextán Íslendingar hafa smitast af HIV það sem af er ári. „Þessi þróun er uggvænleg og mikil þörf á að hvetja alla til þess að nota smokkinn," segir Jón Þór.

Hin nýja herferð fer af stað í febrúar á næsta ári en þá er aldarfjórðungur liðinn frá fyrstu herferðinni. Jón Þór og félagar fengu í lið með sér Ástráð, Félag læknanema og Íslensku auglýsingastofuna til að standa sem best að verkefninu.

Fyrsta verkið hófst í gær og verður fram haldið í dag, en hundrað frægir Íslendingar verða myndaðir með smokka fyrir nýtt plakat. Jón Þór segir lítið vandamál að fá fólk til að taka þátt. „Allir tóku mjög vel í þetta," segir hann glaðlega en hinir frægu voru valdir af handahófi en margir þeirra voru líka á upprunalega plakatinu.

Meðan blaðamaður ræðir við Jón Þór er mikið um að vera í kringum hann. „Anna Svava Knútsdóttir er í myndatöku núna með smokk á nefinu, og svo er Auður Jónsdóttir í sminki," segir Jón Þór en tíu stúlkur úr förðunarskóla Snyrtiakademíunnar sjá um að farða alla hundrað þátttakendurna á tveimur dögum.

*solveig@frettabladid.is*




Eitt af þremur plakötum sem vöktu mikla athygli árið 1986




VETRARDAGAR
20% AFSLÁTTUR
TILVALIÐ Í JÓLAPAKKANN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


# Skessa býður til veislu

**Skessan í hellinum býður til hátíðar í Reykjanesbæ um helgina og tekur fagnandi á móti snuddum og öðru jólaskrauti.**

Skessudagar er yfirskrift fjölskylduhátíðar í Reykjanesbæ þar sem Skessan í hellinum býður til veislu. Fjóla tröllastelpa verður Skessunni til halds og trausts á laugardaginn klukkan 14.

Kveikt verður á jólaskreytingum í bænum og gefst fjölskyldum skemmtilegt tækifæri til samveru á hinum ýmsu stöðum í bænum.

Á dagskránni má nefna Listaleiðsögn fyrir börn kl. 15.00 á laugardaginn, rauðhöfða í Duushúsum, dótadag í fjölskyldusundlauginni Vatnaveröld, Sæmund fróða og þjóðsögur í þrívídd á bókasafninu, andlitsmálun og sköpun skemmtilegra listaverka í Svarta pakkhúsinu. Einnig verður skessumessa í Keflavíkurkirkju, innileikjagarðurinn á Ásbrú verður opinn og fjölskyldan getur púttað saman hjá Púttklúbbnum. Nánar má sjá dagskrá á vefnum www.skessan.is



Skessan í hellinum er komin í jólaskap. MYND/REYKJANESBÆR

# Hugað að náunganum

**Aðventan og annir eru skammt fram undan. Margir ætla að láta gott af sér leiða í anda jólanna í desember en slíkt vill oft gleymast á hlaupunum. Ekki er úr vegi að hefjast strax handa þessa helgi.**

Geymslur, háaloft, skápar og annað slíkt, sem allir ætla að fara í gegnum fyrir jólin en vinnst ekki tími til, er upplagt að leggjast yfir þessa helgina. Í skápunum leynast kannski úlpur, skór, jafnvel leikföng, sem koma mörgum vel sem eru í nauðum staddir. Staðir til að afhenda dótið á eru til að mynda Mæðrastyrksnefnd, Hjálparstofnun kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Fatasöfnun Rauða krossins.

Einnig ef fólk er aflögufært, að gefa til dæmis dósamat, pakkavöru eða jafnvel frystivöru til Mæðrastyrksnefndar eða Fjölskylduhjálparþ Slíkt kemur sér afar vel, sérstaklega á þessum árstíma.

Milli þess sem farið er í gegnum hvern krók og kima á heimilinu má hringja í þá sem fólki þykir vænt um en hefur ekki hitt eða heyrt í lengi. Hvort sem það eru ættingjar búsettir erlendis, ömmur, afar eða vinir sem búa hinum megin á landinu er ljómandi gaman að fá sér góðan kaffibolla og eyða nokkrum tíköllum og mínútum í að heyra hljóðið í þeim sem eru þér kærir. Þá er gott að nota helgina í að heimsækja fólkið okkar sem við höfum svo lengi ætlað að fara til og er statt á sjúkrahúsi eða býr á elliheimili.

Nánasta umhverfi, stigagangurinn eða gatan sem maður býr í er oft akur sem má vel við að sáð sé í. Af hverju ekki að gera eins og fólk gerði „í gamla daga“ og banka upp á hjá eldri konunni í næsta húsi sem maður býður stundum góðan daginn og færa henni smá bakstur eða jafnvel bjóða í kaffi og súkkulaðimola. Einnig er gott að huga að yngri kynslóðinni, nágrannabörnunum. Ekki eru allir sem komast í bíó svo glatt eða geta keypt sér laugardagssælgæti. Sértu á leiðinni í bíó með þín eigin börn er ekki úr vegi að bjóða börnunum í næsta húsi með.

*juliam@frettabladid.is*



Nágrannaheimsóknir eru sjaldgæfari nú í seinni tíð en geta verið skemmtilegar og gefandi á báða bóga. NORDICPHOTOS/GETTY




Þeir sem eru aflögufærir geta gefið mat til hjálparstofnana sem geymist vel, til að mynda dósamat.



Leikföng geta komið að góðum notum.

LAGERSALA
KRISTALL - GLER - POSTULÍN
NÚPALIND 1 - HVERAFOLD 1-3
HAFNARGATA 50
KEFLAVÍK

friendtex
LAGERSALA
FÁRANLEGA GÓÐ VERÐ
1.000,- 2.000,- 3.000,-
4.000,- 5.000,-
Aðeins þessi verð
Á lagersölu eru:
Ullarjakkar, jakkar, buxur, peysur, vesti, pils, skór, bolir, stígvél o.m.fl.
Kíktu – það er þess virði
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE
(VITUS BERING DENMARK) Í HORSENS
BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

| Á ENSKU OG DÖNSKU | Á ENSKU | Á DÖNSKU |
|---|---|---|
| • Byggingafræði | • Tölvutæknifræði | • Véltækni |
| • Véltæknifræði | • Framleiðslutæknifræði | • Landmælingar |
| • Byggingaiðnfræði | • Útflutningstæknifræði | • Vöruþróun og tækniileg sameining |
| • Markaðshagfræði | • BS í Markaðsfræði | • Aðgangsnámskeið |
| • Byggingatæknifræði | | |

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi: 12.11 - 19.11.2010. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715. Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka.

WWW.VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens
Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: tekmerk@viauc.dk
VIA UNIVERSITY COLLEGE




Nýtt Kortatímabil
Lín Design | Laugavegi 176
Sími 533 2220 | www.lindesign.is
Lín DESIGN

ALLT ÚT AÐ BORÐA
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



**Malað kaffi** er best að geyma í frysti eða vel lokuðu íláti í kæliskáp. Þannig heldur kaffið bragðgæðum sínum og ferskleika. Best er þó að geyma baunirnar ómalaðar og mala þær rétt fyrir notkun. www.kaffitar.is

# Öðruvísi kaffiboð

**Leikir í kaffiboðum eru ekki ýkja algengir en geta verið ótrúlega skemmtilegir og gert boðið fjörugt og öðruvísi.**

Gömlu góðu kaffiboðin standa alltaf fyrir sínu en gaman getur verið að reyna eitthvað alveg nýtt.

Skemmtileg nýbreytni er að fá hvern og einn gest í kaffiboðinu til að rifja upp sínar fyrstu minningar af kaffi og kaffidrykkju og segja frá. Minningarnar geta verið fyrstu kaffidroparnir blandaðir í stóran bolla með mjólk hjá ömmu og vinkonum hennar eða litlu kaffiboðin sem haldin voru með leikfangabrúðurnar sem gesti.

*- jma*



Margir eiga minningar um kaffiboð sem haldin voru fyrir brúður heimilisins.



Ein leið til að hella upp á kaffi er að nota pressukönnu. Gott er að hita glerið á könnunni með heitu vatni áður en hellt er upp á. Hæfilegt magn er 4-5 skeiðar í 8 bolla könnu. Sjóðið vatn og hellið yfir, gott er að hræra upp í kaffinu og láta standa í 3-4 mínútur áður en síunni er þrýst niður. Mælt er með grófmöluðu kaffi í pressukönnur.

**www.teogkaffi.is**



Erla Alexandersdóttir, spámiðill og snyrtifræðingur, hefur spáð fyrir Íslendingum síðan hún var fjórtán ára. Hún segir kaffitauma í kaffibollum geyma mikilvægar upplýsingar um líf og tilveru allra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bollinn segir lífsins sögu

**Íslendingar þykja með dulrænni þjóðum sem frá alda öðli hafa sóst eftir að fá framtíð sína lesna af kunnáttufólki sem rýna kann í rúnir og ristur, spil og bolla. Erla Alexandersdóttir les ævi fólks úr kaffinu**

„Indíánar urðu fyrstir til að lesa um framtíðina í sínum kaffikrúsum, en kaffi teiknar vel upp myndir í bolla vegna litar síns. Ég nota alltaf rótsterkt, íslenskt kaffi og svolítið neskaffi saman við því þá koma miklu skýrari myndir,“ segir spámiðillinn Erla Alexandersdóttir, sem byrjaði að spá í bolla um fermingaraldurinn.

„Þetta byrjaði með fikti, en fljótt fór ég að taka eftir að ég þekkti fólkið í bollunum,“ segir Erla um spálestur sem fer þannig fram að blásið er í bollann eftir að drukkið er úr honum kaffi og bollinn svo settur á hvolf til þurrkunar.

„Í bolla koma myndir af atburðum, stöðum og fólki sem er löngu farið. Það er hvorki hugarburður né eitthvað sem ég get búið til því ég þekki ekki fólkið sem kemur til mín í spádómum. Margir trúa ekki því sem ég sé í bollunum en hringja aftur þegar þeir hafa spurst fyrir um þá sem birst hafa í bollanum og fengið staðfest hver það var,“ segir Erla og nefnir átakanlegt dæmi sem sýnir hversu löngu liðnir atburðir koma fram í bollunum. „Þá birtist í bolla ókunnrar konu lítill drengur grátandi í fjöru og skip sem sigldi í burt. Ég skynjaði strax mikinn sársauka og sagði það konunni sem varð skrítin á svip en sagði mér eftir spádóminn að fjölskylda hennar hefði farið til Vesturheims og þurft að skilja eftir dreng sökum fátæktar, átti ekki fyrir fargjaldi hans. Þetta reyndist vera afi hennar, sem svo átti að sækja seinna meir en varð aldrei úr vegna peningaleysis,“ segir Erla.

Erla notar ávallt rjómalitaða kaffibolla til spálesturs. „Sjúkdómar koma mjög skýrt fram í bolla og merkilegt að þeir sem fengið hafa eða eru með krabbamein fá hvíta bletti í bolla, sem eru ekki einu sinni hvítir í grunninn. Þá segi ég fólki alltaf eins og er, og nota meðfram tarotspil sem styðja undantekningarlaust það sem bollinn segir. Því er greinilegt að framliðnir vilja segja okkur frá framtíðinni og að hægt er að koma til okkar boðum eftir dauðann.“



Uppþornaðir kaffitaumar skilja eftir sig myndir og tákn af fólki, atburðum og stöðum sem tengjast þeim sem úr bollanum drakk.

Erla vann um tíma hjá Sálarrannsóknarfélagi Íslands og sá framliðna strax sem lítil stúlka í Mýrdalnum. „Ég var mjög hrædd við sýnir mínar sem barn og fékk seinna sannanir fyrir því sem ég sá í bókum af látnum sjómönnum sem farist höfðu undan suðurströndinni við Pétursey. Nú sé ég framliðna í kringum fólk og stundum koma þeir látnu á undan og segja mér frá einhverju sem viðkemur þeim sem eru á leið til mín, en þá finnst mér heiðarlegast að segja viðkomandi frá því,“ segir Erla sem telur að allir geti lært að lesa í kaffibolla ef þeir bara leggja sig eftir því.

„Í bollanum birtist líf okkar og þar má finna miklar upplýsingar sem lesa má eins og fréttablað ef fólk bara kann það,“ segir Erla sem upplifir mikla óvissu þeirra sem koma til hennar í spádóm nú.

„Margir eru í óvissu vegna peningaleysis eða í sárum vegna ástamála. Þá hvíla veikindi þungt á fólki, ekki síst þar sem börn eiga í hlut. Fólki líður hins vegar betur þegar það fer frá mér og mér finnst það fá einhverja hjálp í framhaldi, því það er eins og betur sé hugsað um þetta fólk fyrir handan og meiri tenging verði milli lifandi og dáinna þegar þeir finna hve fólkið er leitandi.“

*thordis@frettabladid.is*

**Saeco kaffivélar**

**– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil**




**Verð frá 69.990**




**2 kg af hágæða Kimbo kaffibaunum fylgja öllum Saeco vélum.**

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Eftir að Feneyjar urðu miðstöð viðskipta við Austurlönd, barst kaffi sjóleiðina þangað í síauknum mæli og urðu Feneyjabúar eðlilega þeir fyrstu til að nýta sér þennan einstaka drykk. Fyrsta kaffibúðin var opnuð í Feneyjum árið 1683 og í kjölfarið opnuðu fleiri búðir og kaffibarir víðs vegar um Ítalíu, í Tórínó, Genúa, Mílanó, Flórens, Róm og Napólí.



**www.kaffi.is**

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

12. nóvember 2010



MARGRÉT RÚNARSDÓTTIR ER SÍRAULANDI

Tíska • Helgarráðin • Topp tíu • Dellukerlingin • Fröken Fix • Á rúmstokknum





FLAKKARATILBOÐ

UNITED
500GB
720/1080i

Kr. 19.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB Samsung diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

HDMI
SAMSUNG

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Ekki missa af

**EINFALT OG LÉTT** Íslenska kokkalandsliðið heldur utan í næstu viku til að keppa í heimsmeistaramótinu í matreiðslu. Í tilefni þess gáfu kokkarnir út þessa skemmtilegu matreiðslubók, en þar má finna margar góðar uppskriftir sem innihalda aðeins fjögur hráefni. Góð eign fyrir alla áhugakokka.



## blogg vikunnar

### Svíi bloggar



Bloggsíðan www.carolinesmode.com er sænskt tískublogg sem haldið er úti af hinni ungu og glysgjörnu Caroline. Hún blandar saman myndum af sínum eigin fatastíl og myndum sem veita henni innblástur. Fötin sem hún klæðist eru oft á tíðum djörf og samsetningarnar stundum skrítnar, en þrátt fyrir það er gaman að renna í gegnum síðuna og skoða tískuna.

### Parísartískan

Www.leblogdebetty.com er tískublogg Parísardömunnar Betty. Þar skrásetur stúlkan daglegan klæðnað sinn og segir stuttlega frá hverri flík, hvar þær fást og af hverju þessi samsetning varð fyrir valinu. Betty skrifar á ensku og því ættu flestir að geta skilið bloggfærslurnar.

### Tískuþenkjandi mæðgur



Íslenska tískubloggið www.wardrobe-wonderland.blogspot.com hefur hlotið nokkra umfjöllun, enda skemmtilegt blogg hér á ferð. Mæðgur halda úti síðunni og er þar góð blanda af þeirra eigin stíl og almennri tískuumfjöllun.

Sesselja Thorberg sér möguleika í hverju rými:

# SKEMMTILEGAST AÐ SKIPULEGGJA GEYMSLUR

Pabbi byrjaði að kalla mig fröken fix þegar ég var ung, vegna þess að ég var alltaf að breyta til í herberginu mínu. Henda öllu út og raða upp á nýtt. Þegar ég ákvað að stofna mitt eigið fyrirtæki lá þetta nafn því beinast við,“ segir Sesselja Thorberg vöruhönnuður en hún hefur stofnað ráðgjafafyrirtækið Fröken Fix og sérhæfir sig í innanhúss- og skipulagsráðgjöf fyrir heimilið. Sesselja er menntaður vöruhönnuður en hefur alltaf haft brennandi áhuga á öllu sem tengist innanhússarkitektúr.

„Ég hef verið að gefa fólki ráð í langan tíma en er fyrst núna að búa til fyrirtæki í kringum þetta,“ segir Sesselja en hún ætlaði ekki beint að leiðast út í fyrirtækjarekstur en eftir að hún varð fyrir barðinu á hópuppsögn hjá arkitektastofu nýtti hún tækifærið til að kýla á gamlan draum. „Kreppan skapar marga möguleika og ég er alsæl með að hafa tekið stóra skrefið,“ segir hún og bætir við að þrátt fyrir að vera ný af nálinni séu margir farnir að nýta sér þjónustuna. Flestir viðskiptavinir hennar eiga það sameiginlegt að vera orðnir leiðir og vilja breyta til heima hjá sér en vita ekkert hvernig þeir eiga að snúa sér. „Ég sérhæfi mig í að nýta það sem fólk á fyrir inni á heimilinu. Í þessu árferði er það nauðsynlegt og flestir verða samdauna heimilum sínum eftir langan tíma og sjá ekki alveg möguleikana sem húsin og húsgögnin búa yfir. Þar kem ég með nýja sýn en ég sé alltaf einhverja möguleika,“ segir Sesselja glöð í bragði en hægt er að nálgast allar upplýsingar varðandi þjónustuna á vefsíðunni frokenfix.is. En hvaða rými er það sem henni finnst skemmtilegast að taka að sér? „Ég er algjört skipulagsfrík svo mig klæjar alveg í puttana þegar ég fæ að hanna og skipuleggja þvottahús og geymslur upp á nýtt. Finnst það æði,“ segir Sesselja hlæjandi. *- áp*



**Fröken Fix** Sesselja Thorberg er vöruhönnuður og innanhússráðgjafi sem sérhæfir sig í að hjálpa fólki að nýta dótið sem það á fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**Biotta Gulrótarsafi**
*A vítamín fyrir sjón og húð!*
heilsa –hafðu það gott




**Biotta Granateplasafi**
*Fullur af andoxunarefnum-fegurðin kemur innan frá!*
heilsa –hafðu það gott


Síðir eyrnalokkar eru heitir í vetur:

# Eyrnakonfekt



Eftir að hafa legið í dvala undanfarin ár eru eyrnalokkarnir að komast aftur inn á sjónarsviðið. Því stærri og meira áberandi því betra segja tískuspekingar. Þessir tvílitu og síðu kögureyrnalokkar eru úr smiðju Elvu Daggar Árnadóttur og fást í mörgum litasamsetningum. Eyrnalokkarnir eru til í Mýrinni og kosta 7.300 krónur. Tilvalið við jólakjólinn eða í jólapakkann fyrir þá sem farnir eru að huga að jólum. *- áp*

UPPLÝSINGAR SEM GLEYMDUST:

## Ein skyrta, þrjár konur

Í Föstudegi síðustu viku gleymdust upplýsingar um skyrtuna sem konurnar í Ein flík, þrjár konur klæddust. Skyrtan fæst í Vero Moda og kostar 4.990 krónur. Beðist er velvirðingar á þessu.



✻ augnablikið



**NÝGIFT** Russell Brand og söngkonan Katie Perry létu nýverið pússa sig saman og er þetta í fyrsta sinn sem þau sjást saman opinberlega eftir brúðkaupið. Kjóll Perry vakti ekki mikla lukku meðal tískuunnenda.


**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Nýtt
kortatímabil
the PIER
Okkar jól eru ykkar jól
30%
afsláttur
Öll matarstell
pakki fyrir 4
Einnig
jólamatarstell
3 Kerti fyrir 2
Allir rammar
25%
afsláttur
The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880



**Góðir gestir** Fríða, Kamilla og Ísold voru á meðal gesta.



**Heiðursgestir** Listakonurnar samankomnar. Una Hlín Kristjánsdóttir, Harpa Einarsdóttir og Lína Rut voru heiðraðar fyrir störf sín.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Heiðruðu listakonur** Anna Gulla, Þórunn Sævarsdóttir og Íris Ósk Hjaltadóttir skemmtu sér vel í veislunni.



**Góðar saman** Þær Sigríður, Stefanía, Kristjana og Rebekka létu sig ekki vanta og heiðruðu listakonurnar með nærveru sinni.

FLOTTAR ÍSLENSKAR LISTAKONUR HEIÐRAÐAR:

# Setja mark sitt á tískuna

Listakonurnar Una Hlín Kristjánsdóttir, Harpa Einarsdóttir og Lína Rut voru heiðraðar á Listakvöldi Baileys á föstudaginn fyrir viku. Konurnar þykja hafa skarað fram úr á sínu sviði og hafa sett sitt mark á tískuna í dag. Margar góðar konur sóttu veisluna og fögnuðu með listakonunum líkt og sjá má á myndunum. - sm



**Flottar konur** Áróra, Auður Eiríksdóttir og Kristín sóttu veisluna.







## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Makalaust skemmtanahald

Í hugum flestra er ástarsamband eitthvað sem ríkir milli tveggja einstaklinga. Tilfinningaleg og/eða kynferðisleg tengsl við annan en maka eru því túlkuð sem svik og getur slíkt leitt til sambandsslita. Skilgreiningin á því hvað telst til framhjáhalds er hins vegar ekki algild heldur einstaklingsbundin og eflaust nokkuð sem fá pör ræða.

Samkvæmt rannsóknum virðist hægt að skipta framhjáhaldi í þrjá flokka: ástarsamband, tilfinningalegt samband og loks kynferðislegt samband. Brotin geta því verið misalvarleg og afleiðingarnar eftir því. Alvarlegasta brotið virðist vera þegar framhjáhaldið er bæði kynferðislegt og tilfinningalegt en síst þegar það er eingöngu tilfinningalegt.

Í upphafi hjónabands virðast konur vera jafn líklegar körlum til að halda framhjá. Tölur benda þó til þess að þriðjungur karlmanna muni á einhverju stigi sambandsins halda framhjá, en einungis fimmtungur kvenna. Tegund framhjáhaldsins virðist rista misdjúpt hjá kynjunum. Ég tel að það sé svolítil einföldun að halda því fram að konur fyrirgefi frekar kynferðislegt samneyti en tilfinningalegt, og karlmenn öfugt. Hvert sem framhjáhaldið er telst það oftast sem svik við makann.

Framhjáhald er frekar algengt fyrirbæri innan sambanda. Samkvæmt nýlegum rannsóknum fannst meirihluta gerenda ákveðnar aðstæður réttlæta framhjáhald. Mér finnst þessar pælingar áhugaverðar í ljósi umræðu um framhjáhald í tengslum við vinnustaðateiti, sem færast jú í aukana fyrir jól. Margir telja framhjáhald loða frekar við ákveðnar starfsstéttir en aðrar. Þó virðist staðreyndin vera sú að þeir sem halda framhjá með vinnufélaga gera það af því þeir hafa tækifæri til þess, óháð því hversu hamingjusamir þeir eru í samböndum sínum. Sumir vinnustaðir hafa reynt að sporna við þessu með því að bjóða mökum einnig með í teitin. Slíkt mætir þó oft háværum mótmælum frá starfsmönnum sem segja að þá sé „ekkert gaman“.

Ég þekki þetta persónulega því ég hef unnið á fjölda ólíkra vinnustaða og því orðið vitni að þessari umræðu í hvert sinn sem teiti er skipulagt. Þeir sem vilja makalausar skemmtanir segja makana ekki skilja vinnustaðahúmorinn. Með öðrum orðum vill fólk fá að vera hömlulaust og ekki undir vökulu auga makans, sem telur ofan í það drykkina og spyr hver hinn og þessi sé. Þá er gengið út frá því að þögult samkomulag sé ríkjandi um að það sem gerist í vinnuteiti fari ekki út fyrir veggi vinnustaðarins. Í vinnunni getur fólk aðskilið heimili og starf og er gjarnan hvatt til að gera það, starfsmaðurinn er þá einstaklingur en ekki par.

Ég aftur á móti hvet þig til að opna þessa umræðu með maka þínum og á vinnustaðnum. Verður jólahlaðborðið í ár makalaus skemmtun og hvað hefur það í för með sér?

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***




# BIOTHERM DAGAR

## í Lyfju Lágmúla og Laugavegi föstudag og laugardag

**NÝTT:** SKIN•ERGETIC 97,5% náttúruleg innihaldsefni - án parabens.

**20 % AFSLÁTTUR AF BIOTHERM Á KYNNINGUNNI**

Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 6.900 krónur eða meira:

- Eau de Paradis ilmur 15 ml – kvenlegur og munúðarfullur ilmur
- Huile de Douche 75 ml sturtusápa með 3 náttúrulegum olíum sem hreinsa, næra og gefa silkiáferð.
- Baume Corps 75 ml nærandi líkamskrem með apríkósuolíu.
- Aquasource Eye Perfection augngel með nuddkúlum sem örva blóðrásina 4 ml.
- Biomains handáburður 20 ml.

Einnig aðrar gerðir kaupauka!




*Meðan birgðir endast á kynningunni. Einn kaupauki á viðskiptavin

**LYFJA**
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309
Laugavegi 16 – sími 552 4045

Klassískar flíkur fyrir haustið:

# ÞYKKT OG HLÝTT



Topshop, 16.990 kr.



Vero Moda, 9.900 kr.



Vero Moda, 12.990 kr.



Zara, 18.995 kr.







Zara, 16.995 kr.



Topshop, 19.990 kr.

## Tískan af pöllunum

***Blaserjakka og þykkar prjónapeysur*** mátti sjá í haustlínum margra hönnuða í ár. Þessar flíkur eru klassískar og notagildið er mikið, ólíkt mörgu öðru sem rataði á pallana þetta árið.

***Prjónapeysurnar*** mátti auðvitað sjá í haustlínu prjónadrottningarinnar Soniu Rykiel en einnig hjá tískuhúsunum Missoni og Lacoste. Blaserjakkarnir voru aftur á móti sýnilegir hjá tískuhúsum á borð við Betsey Johnson, Ann Demeulemeester og Badgley Mischka. **- sm**




Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is




















**1** Blá peysa úr Topshop, 13.990 kr. **2** Bleik peysa með rennilás úr Vero Moda. **3** Grá peysa úr Vero Moda, 6.500 kr. **4** Mislit peysa úr Topshop, 12.990 kr. **5** Loðpeysa úr Zöru, 11.995 kr. **6** Rauð peysa úr Zöru, 6.995 kr.

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

# HITAVEITA



## ELMA

Dúnúlpa með 90% dún og
10% fiðri og ekta skinni á hettu.

Stærðir: XS-3XL | **54.990 KR.**



## ELMAR

Dúnúlpa fyrir herra með 90% dún
og 10% fiðri og ekta skinni á hettu.

Stærðir: S-3XL | **59.990 KR.**



## ANDRI

Flottur Primaloft Eco® jakki með hettu, fyrir herra.
Flísfóður innan í hettu. Tveir vasar að framan.

Stærðir: S-3XL | **29.990 KR.**



## ELÍSABET

Dúnúlpa með hettu og ekta loðkraga.
Úlpan er aðsniðin og mjög kvenleg.

Stærðir: XS-3XL | **32.990 KR.**

**CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3**
**210 GARÐABÆ, S. 533-3805**

**CINTAMANI KRINGLUNNI**
**103 REYKJAVÍK, S. 533-3003**

**CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11**
**101 REYKJAVÍK, S. 517 8088**

## bak við tjöldin



**Uppáhalds tónlistarmaðurinn?**
Þeir eru ansi margir í uppáhaldi hjá mér. Til dæmis Neil Young, John Lennon, Nick Cave, Rufus Wainwright, Fiona Apple, Damien Rice, Regina Spektor og Sarah Barreilles.

**Uppáhaldsmaturinn?**
Jólasteikin hjá mömmu og pabba.

**Síðustu innkaup?**
Nýja Blonde Redhead platan sem heitir Penny Sparkle.

**Uppáhaldsstaðurinn?**
Ísafjörður. Ég er ættuð þaðan og finnst alltaf yndislegt að koma þangað í hreina og tæra loftið, það er góð endurnæring.

**Syngurðu í sturtu og hvaða lag þá?**
Ef ég er að fara að spila á tónleikum æfi ég kannski þau lög sem ég er að fara að syngja.








# TÓNLISTIN ER MI

*Margrét Rúnarsdóttir* **hefur vakið nokkra athygli sem söngkona hljómsveitarinnar Lifun. Hún er dóttir Rúnars Þórissonar tónlistarmanns og systir Láru Rúnarsdóttur og segir tónlistina ávallt hafa leikið stórt hlutverk á æskuheimilinu.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson
*Fatnaður:* Royal Extreme og Nostrum



**Margrét Rúnarsdóttir er söngkona hljómsveitarinnar Lifun.** Hún syngur einnig bakrödd hjá systur sinni, Láru Rúnarsdóttur, og föður sí

Margrét er uppalin í Kópavoginum og er næstyngst í hópi fjögurra systkina. Hún segir systkinahópinn samrýndan og að mikið hafi verið spilað og sungið á heimilinu þegar krakkarnir voru yngri. „Pabbi æfði sig alltaf á gítar á morgnana og ég man hvað mér þótti notalegt að vakna á morgnana við gítarspilið. Við systurnar vorum líka stanslaust syngjandi og raulandi þegar við vorum yngri, þannig að tónlistin hefur alltaf átt sinn sess á heimilinu,“ útskýrir Margrét. Hún segir mikið öryggi í því að geta leitað til Láru og föður síns þegar hún þurfi á því að halda. „Við höfum alltaf verið mjög náin en ætli tónlistin tengi okkur ekki öðruvísi saman. Það er mjög gott að eiga pabba og Láru að og þau hafa verið dugleg að leiðbeina mér í tónlistinni. Þetta er náttúrulega erfiður bransi og maður þarf að læra að takast á við hann og hafa trú á sjálfum sér.“

Systurnar eru góðar vinkonur og syngur Margrét meðal annars bakrödd hjá Láru þegar hún kemur fram á tónleikum. Hún segir þær þó fyrst hafa orðið góðar vinkonur þegar hún komst á unglingsaldurinn.

### LÍÐUR VEL Á SVIÐI

Margrét hefur sungið frá barnsaldri og hefur sungið bakraddir bæði hjá föður sínum og systur. Auk þess hefur Margrét einnig tekið þátt í söngvakeppnum og sungið í skírnum, jarðarförum og brúðkaupum. Lifun er fyrsta hljómsveitin sem hún gengur til liðs við og segist hún kunna vel við sig fremst á sviðinu. „Það er mikil adrenalínsprengja að standa á sviði og syngja. Ef það gengur vel þá líður manni mjög vel eftir á, það mætti segja að þetta sé mitt jóga,“ segir Margrét brosandi. Hún viðurkennir þó að hún fái oft hnút í magann stuttu fyrir tónleika, en segir það hluta af því að koma fram. „Margir tónlistarmenn setja sig í eitthvert hlutverk þegar þeir fara á svið. Þetta er ferli og maður er alltaf að breytast og mótast á meðan. Það er samt mikilvægt að vera sjálfum sér samkvæmur þótt maður fari stundum í karakter.“

Margrét kom fram með systur sinni á Airwaves-tónleikahátíðinni í október og segir hún það hafa verið mjög skemmtilegt.

„Engir tvennir tónleikar eru eins því andrúmsloftið fer alltaf eftir tónleikastaðnum og fólkinu. Tónleikarnir á Airwaves voru mjög vel heppnaðir og ætli þeir standi ekki svolítið upp úr.“

### SYNGJANDI ÞROSKAÞJÁLFI

Ásamt því að sinna tónlistinni stundar Margrét nám í þroskaþjálfun við Háskóla Íslands. Hún segir námið skemmtilegt, enda hafi hún gaman af því að vinna með fólki. „Ég var að vinna á sambýli og áhuginn fyrir náminu kom frá þeirri reynslu minni. Ég væri helst til í að vinna inni í skólum sem þroskaþjálfi og mögulega reyna að tengja tónlistina eitthvað inn í það starf,“ segir Margrét og bætir við að mörgu mætti breyta í samfélaginu hvað varðar viðhorf manna gagnvart fötluðum einstaklingum. En þótt Margrét njóti sín í náminu er það tónlistin sem á hug hennar allan. „Draumurinn er að geta sinnt tónlistinni alfarið því það er það sem ég elska að gera. Mér finnst tónlist gefandi og áhrifarík og svo finnst mér magnað hvernig hún getur framkallað minningar eða ákveðnar tilfinningar hjá manni.“

> *„Draumurinn er að geta sinnt tónlistinni alfarið því það er það sem ég elska að gera.“*

Margrét eyðir miklum tíma við píanóið þar sem hún semur eigin tónlist. Hún sækir innblástur sinn víða að og þá helst til annarra tónlistarmanna á borð við Blonde Redhead og Nick Cave. „Ég fæ innblástur héðan og þaðan. Ætli það sé ekki svolítið óméðvitað hvaðan ég sæki innblásturinn og helst fer það bara eftir skapinu sem ég er í þegar ég sest við píanóið. Ætli ég leyfi ekki bara gagnrýnendum að sjá um það að setja mig í flokka þegar að því kemur.“ Innt eftir því hvers konar tónlist hún semji verður Margrét hugsi. „Ég veit ekki undir hvaða stefnu tónlist mín ætti heima, kannski indípopprokk? Ég tók upp eitt lag í stúdíói um daginn og það breyttist heilmikið um leið og gítar og önnur hljóðfæri bættust við.“

### SAFNAR GÖMLUM PLÖTUM

Margrét heldur utan til London á miðvikudaginn til að syngja bakraddir á tónleikum systur sinnar þar í borg. Tónleikarnir eru hluti af JAJAJA-tónlistarkvöldunum sem Moshi Moshi Records standa fyrir. Hún segir slíkt ferðalag gefa lítið í aðra hönd en tekur fram að öll kynning sé af hinu góða og veit fátt skemmtilegra en að

# BÍÓDAGAR
# HAUST
# 2010



**FEATHERED COCAINE**
Íslensk heimildamynd sem vakið hefur heimsathygli.

**ARMADILLO**
Stríðið í Afganistan með augum danskra hermanna.

**CATFISH**
Ekki er allt sem sýnist á Fésbókinni.

**FREAKONOMICS**
Sex leikstjórar gera eina vinsælustu bók síðari tíma að kvikmynd.

**GASLAND**
Hvernig er hægt að kveikja í drykkjarvatni?

**I'M STILL HERE**
Missti Joaquin Phoenix vitið í eitt ár eða var þetta eitt stórt gabb?

**INSIDE JOB**
Raunverulegar rætur fjármála-kreppunnar afhjúpaðar.

## 7 BESTU HEIMILDAMYNDIR ÁRSINS
## Í **BÍÓ PARADÍS** FRÁ 12. NÓVEMBER

**7 miða passi fáanlegur í Bíó Paradís. Takmarkað magn!**




Dagskrá og miðasala á Miði.is

BÍÓ ★ PARADÍS
*Heimili kvikmyndanna*

græna ljósið



# BÍÓDAGAR HAUST 2010

## 7 BESTU HEIMILDAMYNDIR ÁRSINS Í **BÍÓ PARADÍS** FRÁ 12. NÓVEMBER










### Armadillo

Hér er raunveruleiki stríðsins í Afganistan afhjúpaður með afgerandi hætti. Myndin fékk strax mjög hörð viðbrögð þegar hún var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes nú í vor. Í myndinni fylgir leikstjórinn Janus Metz dönsku hermönnunum, Mads og Daniel, um Helmand-héraðið. Þeir hafa bækistöðvar í herstöðinni Armadillo þar sem hart er barist við liðsmenn Talibana. Smátt og smátt láta Mads og Daniel stríðið ná tökum á sér og í kjölfarið framkvæma þeir hluti sem vakið hafa hneykslun í Danmörku, bæði meðal almennings og háttsettra embættis- og stjórnmálamanna.

***Þessi verðlaunamynd frá síðustu Cannes hátíð hefur fengið gríðarlega aðsókn í Danmörku.***

2010 · 100 mín. · Danmörk, Svíþjóð · Janus Metz Pedersen

### Catfish

Ótrúlega skemmtileg heimildamynd um ungan ljósmyndara sem kynnist 8 ára stúlku með mikla listhæfileika á Facebook, eftir að hún sendir honum málverk af ljósmynd eftir hann. Ljósmyndarinn kynnist fjölskyldu stúlkunnar og fellur fyrir systur hennar; einnig í gegnum Facebook. Vinir ljósmyndarans eru kvikmyndargerðarmenn og ætla sér að gera heimildamynd um kornunga málarasnillinginn en þegar maðkar fara að finnast í mysunni þá tekur heimildamyndin óvænta stefnu.

***Spennandi og áhugaverð heimild um það hvað samfélagsvefsíður á borð við Facebook eru farin að hafa afgerandi áhrif á líf okkar allra.***

2010 · 87 mín. · Bandaríkin · Henry Joost, Ariel Schulman

### Freakonomics

Sex af frumlegustu stjórnendum heimildamynda í heiminum sameinast hér í að koma einni vinsælustu bók síðari ára upp á hvíta tjaldið. Hver leikstjóri tekur að sér sinn uppáhaldskafla úr bókinni en þeir eiga að baki eftirfarandi snilldarmyndir: Super Size Me, Jesus Camp, Enron: The Smartest Guys in the Room, Why We Fight, The King of Kong. Ótrúlegt en satt; hér er hagfræðin gerð áhugaverð og skemmtileg.

***Er hægt að múta grunnskólanemanda til að standa sig betur? Eru fasteignasalar óþarfir? Í þessari mynd koma svörin á óvart!***

2010 · 85 mín. · Bandaríkin · Heidi Ewing, Alex Gibney, Seth Gordon, Rachel Grady, Eugene Jarecki, Morgan Spurlock

**7 miða passi fáanlegur í Bíó Paradís. Takmarkað magn!**




# Dagskrá og miðasala á




## OPNUNAR MYNDIN

### Fiðruð fíkn (Feathered Cocaine)

Olíufurstarnir í Persaflóanum eru helteknir af veiðifálkum og borga allt að einni milljón dollara fyrir góðan fugl. En það eru fleiri en olíufurstarnir sem stunda fálkaveiðar: Osama Bin Laden er heltekinn fálkaveiðimaður og notar fálkana til fjármögnunar Al-Qaeda. Fálkasaga skyggnist inn í lokaðan heim sem örfáir aðilar í veröldinni hafa haft aðgang að. Umhverfisvernd, heimspólitík og hryðjuverk fléttast saman í þessari ótrúlegu sögu.

***Þorkell og Örn Marinó hafa unnið að þessari mynd árum saman og ferðast víða um heim. Myndin var frumsýnd á Tribeca kvikmyndahátíðinni í New York í vor og fór í kjölfarið á Hot Docs heimildamyndahátíðina í Toronto. Hún vakti mikla athygli á báðum stöðum og hefur hlotið umtalsverða umfjöllun fjölmiðla.***

2010 · 79 mín. · Ísland · Þorkell S. Harðarson og Örn Marinó Arnarson










### GasLand

GasLand fjallar um það hvernig olíuiðnaðurinn í Bandaríkjunum hefur lagt heilu þorpin í rúst og eyðilagt vatnsból þúsunda manna með borunum eftir gasi undanfarin ár. Stjórnandinn, Josh Fox, fór víða um Bandaríkin til að skoða hvernig gasborunum væri háttað og hitti fyrir fólk sem þjakað er af heilsufarsvandamálum vegna mengunar vatnsbóla af völdum slíkra borana. Í sumum tilfellum gat fólk kveikt í drykkjarvatni sínu! Fox fór einnig til Washington og ræddi við þingmenn og fólk í stjórnkerfinu um þetta eldfima mál.

***Myndin hlaut verðlaun dómnefndar á síðustu Sundance hátíð og hefur að auki hlotið mörg önnur verðlaun.***

2010 · 107 mín. · Bandaríkin · Josh Fox

### I'm Still Here: The Lost Years of Joaquin Phoenix

Heimildarmyndin I'm Still Here: The Lost Year of Joaquin Phoenix fjallar um árið 2009 í lífi leikarans Joaquins Phoenix. Þetta var árið þar sem hann hætti að leika og gerðist rappari. Hann fór í sögulegt og stórfurðulegt viðtal við David Letterman og réðst á áhorfenda á miðjum tónleikum, sem hreifst ekki af rapphæfileikum hans. Þetta var árið þar sem hann virtist hafa misst vitið! Fjölmiðlar fylgdust með ósköpunum af miklum áhuga og internetið logaði.

***Voru Joaquin Phoenix og Casey Affleck að gabba allan heiminn eða var þetta kannski ein stór félagsfræðitilraun?***

2010 · 108 mín. · Bandaríkin · Casey Affleck

### Inside Job

Inside Job fjallar á ítarlegan hátt um efnahags-hrunið árið 2008, sem kostaði meira en 20 trilljónir Bandaríkjadala og olli því að milljónir manna misstu vinnuna og heimili sín í verstu niðursveiflu í efnahagskerfi heimsins síðan kreppan mikla reið yfir á þriðja áratug síðustu aldar. Myndin er byggð á ítarlegum rannsóknum og viðtölum við aðila úr lykilstöðum í fjármálalífi, stjórnmálalífi, fjölmiðlum og háskólum heimsins.

***Inside Job er einhver umtalaðasta mynd ársins og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda. Meðal þess sem sérstaklega er tekið fyrir í myndinni er íslenska efnahagshrunið.***

2010 · 120 mín. · Bandaríkin · Charles Ferguson

Miði.is
BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna
græna ljósið

# HELLISBÚINN

## VÆNTANLEGUR Á DVD




EINSTAKLEGA VEGLEGUR DVD KEMUR Í VERSLANIR 18. NÓVEMBER

sena

# TT JÓGA



num, tónlistarmanninum Rúnari Þórissyni.

ferðast út fyrir landsteinana og koma fram með jafn góðum tónlistarmönnum og þeim sem leika með Láru. „Það getur verið erfitt að koma tónlist sinni á framfæri og þess vegna er öll kynning góð. Tónlistarmenn tapa líka miklum pening í dag vegna ólöglegs niðurhals, sem mér finnst ekki nógu gott. Plötur eru listaverk tónlistarmannsins og þegar fólk hleður til dæmis niður bara einu vinsælu lagi af plötunni þá verður verkið sem heild í raun útundan. Mér finnst það mjög leiðinlegt," segir Margrét, sem sjálf safnar geisladiskum og gömlum vínylplötum. „Það er annað áhugamál mitt, ég safna plötum. Það er endalaust mikið til af frábæru tónlistarfólki og mér finnst æðislegt að uppgötva nýja tónlist. Ég veit ekki hvað margar plötur eru í plötusafninu í dag en það er stórt og fer stækkandi," segir hún að lokum.

SENDINGIN FRÁ
**NERO GIARDINI** ER KOMIN!



Engjateigi 5, Sími 581 2141, www.hjahrafnhildi.is
hjá Hrafnhildi

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Meiri Vísir.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

Carey Mulligan valin best klædda kona Bretlandseyja:

# KRÚTTLEG STELPA

Breska leikkonan Carey Mulligan var á dögunum valin best klædda kona Bretlands af tímaritinu Bazaar UK. Victoria Beckham hreppti annað sætið en aðrar sem komust á listann voru dömur á borð við Alexu Chung, Siennu Miller og Jasmine Le Bon.

Stjarna Mulligan hefur risið hratt síðastliðið ár og þykir hún ein efnilegasta leikkona Bretlands um þessar mundir. Fataval hennar hefur stundum þótt skrítið en oftast velur hún fallega kjóla í anda sjötta áratugarins til að klæðast á rauða dreglinum. *- sm*






VIÐ ÞÖKKUM
MIKINN HEIÐUR!

SAFFRAN hlaut tilnefningu til
FJÖREGGS MNÍ 2010
sem veitt er af Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands.

SAFFRAN var tilnefnt fyrir að vera
HEILSUSAMLEGUR VALKOSTUR Á VEITINGA- OG SKYNDIBITAMARKAÐNUM
sem hefur náð til fólks á öllum aldri og notið vinsælda allt frá opnun.

HOLLUR FERSKUR FRAMANDI MATUR



SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Kristall
Það sést hverjir drekka Kristal




# LAUGARDALSHÖLL Á LAUGARDAGINN

## LÖG AF GLÆNÝRRI PLÖTU

### Í BLAND VIÐ ÞEKKT SÁLARLÖG FRÁ ÝMSUM TÍMUM

AÐEINS ÞESSIR EINU TÓNLEIKAR • MIDI.IS • TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 21

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Carlsberg

# tíðin
✻ frostbitnar kinnar



**KÁPA FYRIR VETURINN** Brúnir litatónar hafa verið heitir í vetur og á þessi kápa upp á pallborðið hjá þeim sem hafa fallið fyrir þeim litum. Kápan fæst í Topshop á 24.990 krónur.

## mælistikan

### Á uppleið:



**Vetraríþróttir.** Nú ættu karlar, konur og börn að skottast niður í geymslu, draga fram skíðin eða snjóbrettin og koma þeim í stand fyrir veturinn. Fyrsti snjórinn er fallinn og því engin ástæða til annars en að trúa því að í vetur munum við geta stundað þessar íþróttir langt fram á vorið.

**Hjálpsemi.** Þótt það sé hart í ári hjá mörgum ættu flestir að geta látið gott af sér leiða. Styðjið gott málefni, farið í gegnum fataskápinn og gefið gamlar flíkur til hjálparstofnana eða opnið dyrnar fyrir næsta mann. Það er gaman að gleðja aðra.

**Borðspil.** Hóið vinum ykkar eða fjölskyldu saman til að spila á spil. Margir spila einungis á spil yfir jólahátíðina, en það má alveg halda þeirri iðju áfram allan ársins hring.



### Á niðurleið:



**Ökklasokkar.** Stuttir sokkar sem verja mann ekki gegn kulda og blæstri eiga skilið frí. Nú er mál að klæðast þykkum, uppháum sokkum.

**Eftirhermur.** Hollywood-maskínan er gjörn á að framleiða eigin útgáfur af vinsælum evrópskum og asískum kvikmyndum. Hvers vegna að horfa á útþynnta Hollywood-mynd þegar maður getur notið þess að horfa á upprunalegu myndina?

**Venjulegur bjór.** Skiptið út þessum venjulega því nú er tími jólaölsins genginn í garð. Njótið á meðan þið getið.




# Sérblaðið Matur

Kemur út laugardaginn 13. nóvember 2010

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband**

Sigríður Hallgrímsdóttir • sigridurh@365.is • 512 5432
Benedikt Freyr • benediktj@365.is • 512 5411


ANDERSEN & LAUTH ER VINSÆLT VÍÐA UM HEIM:

# PRÝÐIR SÍÐUR FRÆGRA TÍSKUTÍMARITA

Á forsíðu nýjasta heftis hin vinsæla danska tímarits Femina má sjá fyrirsætu klæðast flík frá íslenska tískumerkinu Andersen & Lauth. Þetta er annað sinn á árinu sem blaðið er með fatnað frá Andersen & Lauth á sjálfri forsíðunni.

Gunnar Hilmarsson hjá Andersen & Lauth segir merkið hafa fengið mikla umfjöllun og á þessu ári hefur fatnaður frá Andersen & Lauth verið notaður í yfir 200 tískuþætti í norrænum tímaritum.



Hann segir forsíðumynd alltaf vekja mesta athygli og að margir skoði listann yfir hvaða hönnuðir séu á forsíðunni. „Í þessu tilfelli rigndi inn fyrirspurnum á drefingaraðila okkar í Danmörku eftir að blaðið kom út. Inni í blaðinu eru betri myndir af peysunni, sem er áberandi og með fallegu bróderíi,“ segir Gunnar, en peysan er nú uppseld víðast hvar.

Flík frá Andersen & Lauth prýddi forsíðu Feminu fyrr í sumar. Auk þess klæddist nýkjörin Ungfrú Frakkland kjól frá merkinu á forsíðu FHM í sumar. „Við höfum verið það lánsöm að tímarit á borð við Marie Claire, Vogue, For Him, Elle, Cosmopolitan, Costume, Eurowoman og Grazia hafa birt flíkur frá okkur á síðum sínum,“ segir Gunnar að lokum.

- sm




**Forsíðuhönnun** Flíkur frá Andersen & Lauth hafa tvisvar prýtt forsíðu Femina á þessu ári og telst það góður árangur. Gunnar Hilmarsson, annar eigenda merkisins, segir mikið lán hvað flíkurnar hafa birst víða.

Ragnheiður Thorsteinsson:

# Veiðidellan er bráðsmitandi




**ALDUR:** 45 ára

**STARF:** Pródúsent hjá RÚV

**HVAÐ ERTU BÚIN AÐ VERA LENGI Í VEIÐINNI?** Ég veiddi sem lítil stelpa í Hraunsholtslæknum í Garðabæ. Þar var ég öllum stundum í barnæsku. Svo fyrir tólf árum fór ég aftur að stunda veiðar, og varð alveg helsýkt af fluguveiðibakteríunni, sem getur verið mjög skæð.

**AF HVERJU BYRJAÐIRÐU?** Ég held að ég hafi bara veiðigenið í mér. Pabbi, bræður mínir og frændur veiddu allir, og mér fannst þetta bara spennandi.

**HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ VEIÐINA?** Það er náttúran, fuglasöngurinn og flóran allt í kring. Auðvitað spilar inn í hin góða tilfinning sem fæst með því að sigrast á aðstæðum og fá fisk til þess að taka.

**ER ÞETTA DÝRT ÁHUGAMÁL?** Þú getur valið hversu dýrt það verður. Það er auðvelt að stunda veiðar innan skynsamlegs fjárhagsramma.

# Bregðum okkur af bæ.

## KELLO
Kringlunni
Sími: 568-4900
www.kello.is



Litir: Svart-Rauð-Grá
og Svart-grá
Stærð: S–XL
Verð: 19.990



Stærð: 36–48
Verð: 39.990



Stærð: 36 - 46
Verð: 39.990



Stærð: 36–46
Verð: 29.990

## STÍLL
Laugavegur 58,
101-Reykjavík
Sími: 551-4884,
www.stillfashion.is



Silkikjóll
Verð: 31.990
Stærð: 36–44

## MOMO
Laugavegi 42
Sími: 552-1818



Stærð: ein stærð
Verð: 5.900



Stærð: S–M–L
Verð: 12.900
Beltið
Verð: 2.400



Litur: Svart og
hlébarða
Stærð: S–XXL
Verð: 11.900



Stærð: 35–41
Verð: 12.900

## Next
Kringlunni
Sími: 551-3200



Verð: 7.590
Stærð: 39–42



Verð: 11.790
Stærð: 8–18

## Hjá Hrafnhildi
Engjateig 5
105 Reykjavík
S: 581-2141



Kjóll með keðjum
Verð: 17.900,-
Stærð: 36–46

*Kynning*




# LILJA INGIBJARGARDÓTTIR, 24 ÁRA

***Námsmaður og fyrirsæta.***

**Lilja býr í gamla bænum í Hafnarfirði, sem hún lýsir sem rólegu og sætu hverfi. Hún ólst þó ekki upp í Hafnarfirði heldur í Vesturbæ Reykjavíkur og Laugarneshverfinu. Lilja hefur einnig búið mikið erlendis og þá helst í Bandaríkjunum, þar sem hún starfaði meðal annars sem fyrirsæta. Að sögn Lilju hefur hana lengi dreymt um að vinna í sjónvarpi og stýra skemmtilegum og fræðandi þætti. Sá draumur verður að veruleika í vetur og hefur vonandi fleiri góð tækifæri í för með sér.**



SÓLGLERAUGU Keypti þau á 5 dollara í New York fyrir tveimur árum og hef átt þau ósködduð síðan. Finnst þau rosa flott og þægilegt, ef maður er ómálaður og þarf að hlaupa út, að skella þeim á sig.



LEGGINGS Mér finnst ótrúlega þægilegt að ganga í leggings. Ég á semiglans leggings sem ég held mikið upp á og er búin að eiga í tvö ár. Ég vona að ég eigi eftir að eiga þær mikið lengur og þær detti aldrei úr tísku.



LUKKUTRÖLLASAFNIÐ FRÁ ÆSKUÁRUNUM. Ég byrjaði að safna lukkutröllum þegar ég var lítil og núna á ég tuttugu lukkutröll af öllum stærðum og gerðum. Hef alltaf ætlað að gefa frænkum mínum þetta en hef ekki fengið mig í það. Ætli ég gefi ekki dóttur minni safnið þegar hún kemur í heiminn í nánustu framtíð.



BELTI ÚR SPÚTNIK Ég keypti þetta belti í Spútnik þegar ég var um átján ára og hef átt það síðan. Það gengur við bókstaflega allt.



SLÉTTUJÁRN Ég nota sléttujárn voða mikið. Ég er ekki sú besta að búa til einhverjar glamúrgreiðslur í hárið á mér og því gríp ég bara í sléttujárnið og slétti yfir hárið á mér.



SKARTGRIPASKRÍN Móðir fyrrverandi kærasta míns gaf mér þetta skartgripaskrín því hún sagði að ég þyrfti eitthvað fallegt utan um skartgripina mína á ferðalögum svo þeir myndu ekki eyðileggjast.



MYND AF FLATIRON-BYGGINGUNNI Ég keypti þessa mynd af listamanni á Union Square í New York þegar ég átti heima þar. Þetta er uppáhalds byggingin mín í þessari borg.



MYNDAVÉLIN MÍN. Hefur tekið myndir af ævintýrum mínum allt frá New York, LA, Mílanó og fleiri stöðum auk þess að fanga frábær augnablik með fjölskyldu og vinum. Ég týndi líka myndavélinni á Þjóðhátíð 2009 en fékk hana til baka því ég merkti hana.



KODDINN MINN. Ég er búin að eiga þennan kodda síðan ég var eins árs. Ég fæ mig ekki til að henda honum eða kaupa nýjan. Ég sef líka best með þennan kodda og veit hvernig hann fer hausnum á mér best.



GAMLAR ÁSTFANGNAR STYTTUR. Mamma mín gaf foreldrum sínum þessar styttur og þegar þau dóu þá gaf hún mér þær. Mér þykir óendanlega vænt um þær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





20% AFSLÁTTUR ALLA HELGINA

Gildir frá föstudegi til sunnudags. Jane Norman Smáralind. Sími: 522-8350



Reetone
EASYTONE SKÓR ERU MEÐ SÉRSTÖKUM LOFTPÚÐUM SEM HJÁLPA TIL VIÐ AÐ MÓTA FÓTLEGGI ÞÍNA OG RASS MEÐ HVERJU SKREFI.
EINNIG FÁANLEGIR TRAINTONE FYRIR RÆKTINA.
FÆST Í VERSLUNUM ÚTILÍFS Í GLÆSIBÆ OG KRINGLUNNI
EASYTONE
RUNTONE
TRAINTONE
Reebok
reebok.com/easytone
©2010 Reebok International. Reebok© EasyTone™ is a trademark of Reebok.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF



## HELGARRÁÐIN

**Unnur Andrea Einarsdóttir, listakona og plötusnúður.**

1 Allir sem segja að þeim finnist Total Eclipse of the Heart með Bonnie Tyler eða myndbandið góða hallærislegt eru að ljúga. Þeir spila sig kalda, læðast svo rólega í burtu og brotna niður þegar enginn sér til.

2 Lagið Moon River með Henry Mancini og Johnny Mercer er lag um rómantíska einveru fyrir þá sem eru dreymnir og svolítið sjálfhverfir. Ástarlag til tunglsins og vatnsins.

3 What Else Is There með Röyksopp (Trentemöller remix)! Grínlaust þá slasa ég mig alltaf þegar ég spila það á skemmtistöðum, ég tryllist bara, eins og það komi eithvað yfir mig. Ég er með „What Else Is There" marbletti á handleggnum og hnjánum.



4 Latika's Theme úr Slumdog Millionaire er væmið og vonarmikið, ef Slumdog gat það þá get ég það! Ef maður setur þetta lag á er eins og ljósgeisla sé beint að hjartanu og það gefur manni kraft til að halda áfram.

5 Killing in the Name með Rage Against the Machine, ég hef gripið í þetta lag undanfarið svona í þeim tilgangi að hjálpa fólki. Það er mikil gremja í landinu og fólk fer út um helgar til að fá spennulosun af pólitískum eða persónulegum ástæðum.



6 Words (Don't Come Easy) með F. R. David. Af því við erum öll bæld og einhver ákvað að skrifa lag um það. Fólk sem á erfitt með að biðjast afsökunar eða er með kynsjúkdóm getur sett þetta í gang og þagað á meðan það vonast til að viðkomandi geti ráðið vandamálið. Hver þarf orð þegar við höfum tónlist?




# FLATIR SKJÁIR ÞURFA EKKI AÐ HAFA FLATAN HLJÓM



Það er bíókvöld. Þú vilt njóta góðrar kvikmyndar á heimilinu frekar en í pökkuðum bíósal. En það er eitt vandamál: Öskur risaeðlunnar á flatskjánum hljómar eins og hundur sem geltir í fjarska. Við kynnum til sögunnar nýju harmon/kardon heimabíókerfin. Njóttu þess að vera umvafinn ofurskörpum 360-gráðu hljóðheimi og upplifðu töfra kvikmyndanna gegnum hágæða Blu-Ray spilara. Þar gæti verið fundin hin fullkomna afþreying.

JBL by HARMAN

harman/kardon® by HARMAN

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin HARMAN

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.





Full búð af nýjum efnum í jólafötin.



FÖNDRA

www.fondra.is

Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

# Gulur Bragi, rauður Rúbín eða kannski blár Ríó

**Nýja kaffibrennslan á Akureyri framleiðir fjölda kaffitegunda undir ýmsum vörumerkjum og fer framleiðslan að öllu leyti fram á Akureyri. Í eina tíð var Kaffibrennsla Akureyrar þekktust fyrir Bragakaffið.**

Þrátt fyrir nafnið á Nýja kaffibrennslan á Akureyri sér langa sögu. Forverar hennar eru Kaffibrennsla O. Johnson & Kaaber hf. og Kaffibrennsla Akureyrar, sem gengu í eina sæng árið 2000. Nýja kaffibrennslan framleiðir fjölda kaffitegunda undir ýmsum vörumerkjum og fer framleiðslan að öllu leyti fram á Akureyri en Heildsala O. Johnson & Kaaber sér um sölu og dreifingu sunnan heiða.

Helgi Örlygsson, framkvæmdastjóri Nýju kaffibrennslunnar, segir hafa orðið vatnaskil í íslenskri kaffiframleiðslu þegar þessir fornu höfuðandstæðingar sameinuðust og Nýja kaffibrennslan fór að framleiða bæði gulan Braga og Ríó, sem áður höfðu bitist um forystuna á markaðnum. Kaffibrennsla Akureyrar var einmitt þekktust fyrir Bragakaffið sem hafði lengi yfirburðastöðu á markaðnum, að minnsta kosti fyrir norðan. „Gulur Bragi fór í framleiðslu 1958 og var vinsælasta kaffið á landinu á seinni hluta áttunda áratugarins," segir Helgi, „en nú hefur hann hopað af þeim stalli. Í þeim gula var Brasilíukaffi en svo þegar við komum með þann græna, sem er Kólumbíukaffi, varð hann gífurlega vinsæll hér fyrir norðan og er enn."



Gulur Bragi hefur verið framleiddur síðan 1958 og er enn vinsæll að sögn Helga Örlygssonar, framkvæmdastjóra Nýju kaffibrennslunnar. PEDROMYNDIR/ÞÓRHALLUR

Nýja kaffibrennslan framleiðir líka þrjár gerðir af Rúbínkaffi og tvær af Kaaberkaffi, en nýjasta framleiðsla þeirra er Baunablanda Valdísar. „Valdís er ættuð frá Akureyri og er í söluteyminu hjá O. Johnson og Kaaber," segir Helgi. „Hún er mjög mikil kaffimanneskja og blandaði alltaf tveimur tegundum saman, þannig að við létum þær bara saman í blöndu sem orðin er töluvert vinsæl í dag."

Lengi var talað um það að Norðlendingar vildu bara Bragakaffi og Sunnlendingar Kaaber. En er munur á kaffimenningu Norðlendinga og Sunnlendinga í dag? Eru lattélepjandi lopatreflar líka fyrir norðan? „Kaffimenningin hefur þróast mjög mikið undanfarin ár, en sala á kaffi fyrir espressovélar dróst mikið saman 2009 og 2010. Þetta eru dýrar vélar og fólk sparar þetta við sig í kreppunni. Ég finn ekki mun á því eftir því hvar á landinu fólk býr," segir Helgi.



Hvaða kaffi er vinsælast? „Rauður Rúbín er langvinsælastur hjá okkur, en svartur Rúbín og grænn Bragi fylgja fast á eftir. En við framleiðum líka margar mismunandi kaffitegundir fyrir stóru verslanakeðjurnar," segir Helgi.

*fridrikab@frettabladid.is*

# Frá Afríku til Íslands

**Kaffibaunir bárust frá norðausturhluta Afríku út um allan heim.**

Kaffibaunir eru í rauninni ekki baunir heldur fræin í berjum kaffitrésins en talið er að ástæðan fyrir því að þau eru kölluð kaffibaunir sé að kaffi á arabísku er qahwa og ber bunn. Í hverju beri eru tvö fræ sem eru þurrkuð og ristuð til þess að hægt sé að mala þau og búa til kaffi úr þeim.



Kaffitréð eða Coffea arabica er upprunnið í norðausturhluta Afríku þaðan sem það barst til Arabíu og var fyrsta kaffihús heims opnað í Mekka í kringum 1511. Um 1554 hafði kaffi borist til Istanbúl og var þá opnað kaffihús þar. Evrópubúar komust fyrst í kynni við kaffi í Istanbúl en það barst ekki til Evrópu fyrr en á sautjándu öld og var þá fjöldi kaffihúsa opnaður í hinum ýmsu löndum. Eitt af fyrstu kaffihúsunum í Evrópu var opnað í Oxford í kringum 1650 og var það strax vel sótt.

Íslendingar komust töluvert seinna á bragðið en aðrar þjóðir en talið er að kaffi hafi ekki borist hingað fyrr en seint á átjándu öld og var það ekki drukkið að ráði hér á landi fyrr en á nítjándu öld.

Til að byrja með vafðist það eitthvað fyrir Íslendingum hvernig best væri að hella upp á kaffi og samkvæmt gamalli uppskrift átti að sjóða það í einhvern tíma með fiskroði til þess að bragðið yrði sem best. Nú eru Íslendingar hins vegar engir eftirbátar annarra þjóða í kaffidrykkju og uppáhellingum og kaffibaunir af öllum gerðum eru fluttar hingað til lands. Fullkomnar kaffivélar eru komnar inn á flest heimili og margir mala baunirnar sjálfir svo að kaffið sé ferskt, en þannig er það náttúrulega langbest.



## Súkkulaði og kaffi

HEITIR SÚKKULAÐIDRYKKIR YLJA Á KÖLDUM KVÖLDUM.

*Heitir og kryddaðir súkkulaðidrykkir eru bæði bragðgóðir og hressandi.*

**Mexíkóskur súkkulaðidrykkur**

50 g suðusúkkulaði
1 1/4 dl vatn
4 dl mjólk
salt á hnífsoddi
5 dl gott sterkt kaffi

*Setjið kaffi og súkkulaði í pott og hitið við vægan hita þar til súkkulaðið bráðnar. Bætið mjólk og salti út í og hitið að suðu. Bragðbætið hvern bolla með 1-2 tsk. sykri og 2-3 tsk. af rommi. Berið fram með þeyttum rjóma.*

Það er kaffitími núna




Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi
Taktu þér kaffitíma núna

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.



Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. [illegible]
kaffi. Njóttu [illegible]

Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði
Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir kaffitímann***
Kíktu á bki.is

Fairtrade kaffi fæst hjá okkur

Te & Kaffi er eina framleiðslufyrirtækið á Íslandi sem hefur leyfi til að framleiða Fairtrade vottað kaffi. Það fæst í öllum verslunum og kaffihúsum okkar.

**Fairtrade** stendur fyrir **sanngjörn viðskipti**. Markmiðið er **sjálfbærni** fátækra kaffibænda í þróunarlöndum, sem geta ekki verslað beint með sína vöru og geta því ekki samið um **sanngjarnt** kaupverð. **Fairtrade** gerir þeim kleift að lifa af ræktuninni án þess að verða háðir erlendri hjálparstarfsemi. Við erum stolt af því að styðja við þetta málefni.

FAIRTRADE

www.fairtrade.net



TE & KAFFI

www.teogkaffi.is

veljum íslenskt | gæðakaffi frá 1984

100% ARABICA | SLOW ROAST

**Te og Kaffi** – Stapahrauni 4
220 Hafnarfirði – Sími 555 1910

**Verslanir og kaffihús**
Laugavegi 27, Kringlunni, Smáralind - Eymundsson Akureyri, Austurstræti og Skólavörðustíg - Grandagarði






„Svo fann ég litað hlýraroð í Hvítlist og um leið sá ég eldgosið fyrir mér," segir Sigurveig Eysteins um hugmyndina bak við kaffi- og tehetturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eldgosahetturnar tryggja að teið og kaffið haldist heitt

**Eitt af því jákvæða sem eldgosið í Eyjafjallajökli leiddi af sér er innblástur sem það veitti íslenskum hönnuðum. Sigurveig Eysteins hóf til dæmis að búa til eldfjallahettur sem halda tei og kaffi heitu.**



„Þegar ég heyrði að fólk væri að selja eldfjallaösku í litlum tilraunaglösum fannst mér það frekar hallærislegt og hugsaði með mér: Bíddu við, er þetta það eina sem hægt er að selja til minningar um eldgosið? Svo fann ég litað hlýraroð í Hvítlist og um leið sá ég eldgosið fyrir mér. Útkoman er þessi," segir Sigurveig Eysteins hönnuður og sýnir te- og kaffihettur úr hlýraroði og ull. „Eldgosið heldur kaffinu og teinu heitu, sjáðu til," bætir hún við.

Sigurveig hefur notalega vinnustofu í gömlum beitningaskúr við Hafnarfjarðarhöfn. „Ég er hér í gefandi umhverfi innan um beitningakarla, arkitekta og annað listafólk," segir hún. Margt fallegt og forvitnilegt er í kringum hana í skúrnum því auk te- og kaffihettanna hannar hún skartgripi og selur undir merkinu Sivva design, sem er sameiginlegt hönnunarmerki hennar og nöfnu hennar Björnsdóttur fatahönnuðar.

„Ég er alltaf að gera eitthvað nýtt," segir Sigurveig og bendir á jólaskraut úr laxaroði, handprjónuð armbönd úr garni og hrauni og litlar grafíkmyndir sem hún lærði að búa til í háskóla í Bretlandi.

Vörurnar selur hún í vinnustofunni sinni og eins er hún á Facebook undir sivvadesign.

*gun@frettabladid.is*






# Hvimleiðir kaffiblettir

**Kaffi skilur eftir leiðinlega bletti í fötum og á húsgögnum ef óvarlega er farið með bollann. Kaffidrykkja er þó svo stór hluti af okkar daglegu rútínu að kaffiblettir eru algengir.**

Leiðbeiningastöð heimilanna segir best að ná blettum úr fatnaði sem allra fyrst eftir að hellist niður. Ef efnið nær að drekka efnið í sig þornar bletturinn inn í efnið og erfiðara verður að ná honum úr.

Á netinu er víða að finna húsráð við hreinsun kaffibletta, eftirfarandi ráð koma úr ýmsum áttum.

Þegar kaffi hellist niður skal koma flíkinni strax undir kalda vatnsbunu. Láta renna vel á blettinn og nudda létt. Gamla kaffibletti er betra að þvo í heitu vatni og nota uppþvottalög á blettinn. Uppþvottalögurinn er þá borinn í blettinn og látinn liggja í 4 til 6 klukkustundir. Að því loknu skal flíkin þvegin eftir þvottaleiðbeiningum. Ef bletturinn næst enn ekki úr má reyna að bera glýserin eða grænsápu á blettinn og láta bíða í allt að tíu klukkustundir. Flíkin er síðan þvegin samkvæmt þvottaleiðbeiningum.

Ráðlegra er að skoða vel þvottaleiðbeiningar fyrir flík áður en sterk blettahreinsiefni eru notuð.

*- rat*



Kaffi drekkum við mörg á hverjum degi. Því er ekki óalgengt að við hellum því niður á okkur.

Kahlúa er þungur og bragðmikill mexíkóskur kaffilíkjör með sterkum kaffikeimi. Drykkurinn inniheldur vínanda og er vinsæll í ýmsa kóladrykki og kokkteila, svo sem Hvítan Rússa, Svartan Rússa, B-52 shooter og Brave Bull.



www.visindavefurinn.is



Við elskum
að selja bíla!
DIESEL.IS
Klár í veturinn - vetrardekk og vetrarskoðaður!
50 ORKAN ÞÚSUND KR. BENSÍNKORT
1 árs ábyrgð
5 skipti hjá LÖÐUR
Diesel 3.0
Toyota Land Cruiser 120 GX
6/2007 Sjálfskiptur. 8 manna. Ekinn 80 þ.km
Glæsilegur vetrarkaupauki að verðmæti 285.000.
- fylgir með.
Verð kr. 5.490 þús.
Klár í veturinn - vetrardekk og vetrarskoðaður!
5 skipti hjá LÖÐUR
1 árs ábyrgð
50 ORKAN ÞÚSUND KR. BENSÍNKORT
Toyota Rav4 GX
6/2007 Sjálfskiptur. Ekinn 85 þ.km
Glæsilegur vetrar- kaupauki að verðmæti 235.000.
- fylgir með.
Verð kr. 2.590 þús.
Klár í veturinn - vetrardekk og vetrarskoðaður!
30 ORKAN ÞÚSUND KR. BENSÍNKORT
2 ára ábyrgð
5 skipti hjá LÖÐUR
Diesel 1.4
Toyota Yaris Diesel 1,4
6/2009 Beinsk. Ekinn 61 þ.km. Eyðsla 4 l/100
Glæsilegur vetrarkaupauki að verðmæti 100.000.
- fylgir með.
Verð kr. 1.890 þús.
Klár í veturinn - vetrardekk og vetrarskoðaður!
5 skipti hjá LÖÐUR
2 ára ábyrgð
30 ORKAN ÞÚSUND KR. BENSÍNKORT
Diesel 1.4
Toyota Auris Sol Terra Diesel MT
6/2008 Beinskiptur. Ekinn 54 þ.km. Eyðsla 4-6 l/100
Glæsilegur vetrarkaupauki að verðmæti 170.000.
- fylgir með.
Verð kr. 2.470 þús.
Klár í veturinn - vetrardekk og vetrarskoðaður!
5 skipti hjá LÖÐUR
30 ORKAN ÞÚSUND KR. BENSÍNKORT
1 árs ábyrgð
Diesel 1.9
Skoda Octavia Ambiente 4x4 TDI
4X4 6/2008 Beinsk 6gíra. Ekinn 63 þ.km. Eyðsla 6-8 l/100
Glæsilegur vetrarkaupauki að verðmæti 180.000.
- fylgir með.
Verð kr. 2.750 þús.
Við elskum að selja bíla
vörður tryggingar hf.
SÓLNING
ORKAN
LÖÐUR
DIESEL.IS
Kletthálsi 15
Sími 578 5252
diesel@diesel.is


GRAFIKER



BT
Allt sem þarf
og miklu meira til
Engir vextir ekkert vesen
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Fullt af leikföngum í Skeifunni
11.999
119.999
149.999
30.000kr lækkun
LG 37" full HD LCD LG37LD420
Upplausn: 1920 x 1080 Contrast: High
Svartími: 4 ms
MP3 spilari
5.999
COBY MP3 spilari 2GB
550 Clip - hentugur í ræktina og skokkið
MP3 spilari
COBY MP3 spilarar MP 707
2" skjár / FM útvarp
2GB: 8.999
4GB: 9.999
8GB: 12.999
8.999
MP4 spilari
23.999
COBY MP4 spilari
MP815 / 16GB
2,8" widescreen skjár
FM útvarp
MP4 spilari
COBY MP4 spilari
MP826 / 16GB
m. snertiskjá
2,8" widescreen skjár
FM útvarp
24.999
Party Alias
Rosalega skemmtilegt spil !
6.499
Alias 5.999
Alias Junior 5.999
Nýir tölvuleikir
Nýtt DVD
Ný tónlist
Margir titlar
Leikjatölvur
69.999
Playstaton 3
160GB 69.999
250GB 79.999
39.999
Nintendo Wii
Heyrnartól í úrvali
Frábær hönnun
Enn betri hljómur
Skull Candy heyrnartól
Fartölva
Acer 15,6" fartölva
5734-4386
Intel Pentium T4500
2,3Ghz. 250 GB, 2 MB
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
89.999
Argosy sjónvarpsflakkarar
1TB
27.999
1.5TB
27.999
Olympus myndavélar
Verð frá
13.999
Casio myndavélar
Verð frá
21.999
Endalaust úrval af flottum vörum
GSM símar
Margar gerðir
Ferðaspilari
DVD ferðaspilari
7" skjár
2 klst rafhlöðuending
22.999
Flott hönnun
Ferðatæki
SCOTT
SDM22
CD / útvarp / USB tengi
13.999
SCOTT
SDM25RD (rauða)
CD / útvarp / USB tengi
9.999
18.999
SCOTT
SDM60WH
CD / útvarp / 40 stöðva minni
Ryksuga
AEG Vampyr ryksuga
2.000 vött
14.999
Brauðvél
Ótrúlegt verð
13.999
Sinbo brauðvél
Kanntu brauð að baka?
Poppvél
Engin transfita
9.999
OBH Poppvél
ENGIN TRANSFITA !!!
Skeggsnyrtir
Remington skeggsnyrtir
5.999
Hárblásari
Remington Hárblásari
5.999
BT
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON** rithöfundur lést þennan dag árið 1974, 85 ára að aldri.

*„Mér fannst ég mundi verða afskaplega vitur, ef ég hefði tíma til að sitja nógu lengi í Hlíðinni aleinn. En ég var alltaf að flýta mér og missti af viskunni.“*

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samhug og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Eybjargar Sigurðardóttur**
Hagamel 30.

**Þorvaldur Geirsson**
**Helga Guðjónsdóttir**
**Lovísa Geirsdóttir**
**Valgerður Geirsdóttir** **Viktor Arnar Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Ásu Sólveigar Þorsteinsdóttur**

**María Guðmundsdóttir** **Guðmundur Valur Sævarsson**
**Áslaug Guðmundsdóttir**
**Guðlaugur Guðmundsson** **Þórey Birgisdóttir**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Jónsson**
píanóleikari, Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, fimmtudaginn 11. nóvember.

**Ingibjörg Þorbergs**
**Auður Eir Guðmundsdóttir** **Helgi Gestsson**
**Guðmundur K. Guðmundsson** **Vigdís Sigtryggsdóttir**
**Helga K. Guðmundsdóttir** **Stefán Sigurðsson**
**Þórdís Guðmundsdóttir** **Sigurður V. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, systur og tengdadóttur,*

**Sigríðar Kristínar Sigtryggsdóttur**
Brekatúni 3, Akureyri.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlynningar á Akureyri, starfsfólk lyfjadeildar 2 á FSA og Rebekkustúkan Auður.

**Guðmundur Stefán Svanlaugsson**
**Birgir Haraldsson** **Inga Benetyte**
**Sigríður Kristín Benetyte og María Elvyra Benetyte**
**Guðmundur Guðmundsson** **Sæunn Valdís Kristinsdóttir**
**Ragnar Ólafur og Kapitola Kristín**
**Anna Freyja Guðmundsdóttir**
**Róshildur Sigtryggsdóttir** **Margrét Sigtryggsdóttir**
**Anna Freyja Guðmundsdóttir**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



†

*Elskuleg eiginkona mín,móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elsa Petra Björnsdóttir**
Skálarhlíð, Siglufirði,

verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 13. nóvember kl. 14.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvenfélagið Von.

**Ingimar H. Þorláksson**
**Erla Hafdís Ingimarsdóttir** **Konráð Karl Baldvinsson**
**Guðfinna Sigríður Ingimarsdóttir**
**Þórdís Petra Ingimarsdóttir** **Ragnar Ragnarsson**
**Jóhanna Ingimarsdóttir** **Sveinn Einarsson**
**Sólrún Ingimarsdóttir** **Oddur Óskarsson**
**Björn Þór Ingimarsson** **Lukrecija Bokan Daníelsdóttir**
**Birgir Ingimarsson** **Pálína Kristinsdóttir**
**Bylgja Ingimarsdóttir** **Guðbrandur Skúlason**
**Rakel Björnsdóttir** **Thomas Fleckenstein**
**Baldvin Kristjánsson** **Jóna Heiðdal.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Sveinsdóttir**
frá Vík í Mýrdal,
Sóltúni 30, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 9. nóvember. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, 23. nóvember kl. 15.00.

**Elsa Þorsteinsdóttir** **Axel Bryde**
**Sveinn Hrólfsson**
**Daði Hrólfsson** **Debora Turang**
**Arnar Þór Hrólfsson**
**Andri Hrólfsson** **Sunna Karlsdóttir**
**Ingólfur Hrólfsson** **Hanna Jónsdóttir**
**Gunnhildur Hrólfsdóttir** **Finnur Eiríksson**
**Bryndís Hrólfsdóttir** **Engilbert Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæri,*

**Garðar Skúlason**
flugstjóri, Lúxemborg,

andaðist á Landspítala Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut að morgni fimmtudagsins 4. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Kristinsdóttir**
**Elísabet Eir Garðarsdóttir**
**Dagný Eyjólfsdóttir**
**Freyja Rut Garðarsdóttir**
**Alexandra Garðarsdóttir**
**Gísli Skúlason.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, systur, ömmu og langömmu,*

**Vigdísar Dagmarar Filippusdóttur**
Bjarmalandi 14, Sandgerði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Karl Þorbergsson.**

---



**NÚMER EITT AÐ HAFA GAMAN** Sigríður Sigurðardóttir, leikskólastjóri Hagaborgar, með hópi barna en leikskólinn fagnar fimmtíu ára starfsafmæli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LEIKSKÓLINN HAGABORG: FAGNAR FIMMTÍU ÁRUM

## Einn af elstu leikskólunum

„Við höldum upp á fimmtíu ára afmælið í dag og bjóðum foreldrum í morgunkaffi hingað í leikskólann til okkar. Milli klukkan 14 og 17 verður svo opið hús fyrir vini og velunnara Hagaborgar,“ segir Sigríður Sigurðardóttir, leikskólastjóri á Hagaborg. „Gestir geta litið við og þegið kaffi og kökur og skoðað sig um. Krakkarnir hafa skreytt húsið og eru vel með á nótunum að leikskólinn þeirra eigi afmæli.“

Hagaborg er einn af eldri leikskólum Reykjavíkurborgar en húsið var byggt af Barnavinafélaginu Sumargjöf sem setti þar á stofn fjögurra deilda dagheimili árið 1960. Húsið er á tveimur hæðum og fyrstu árin var dagheimilið einungis til húsa á neðri hæðinni. Efri hæð hússins hýsti ýmis konar starfsemi sem tengdist þó börnum og málefnum barna á einhvern hátt. Sumargjöf hafði þar fundaaðstöðu og skrifstofur og um tíma var ljósastofa Hvíta bandsins einnig á efri hæðinni. Einnig var íbúð fyrir forstöðukonu dagheimilisins, þá voru skrifstofur Dagvistar barna þar um tíma og einnig rekið skóladagheimili fyrir Melaskóla.

Reykjavíkurborg keypti húsið af Sumargjöf árið 1996 og fékk leikskólinn allt húsið til umráða árið 2000.

„Í dag er 101 barn hér á leikskólanum á fimm deildum. Börnunum hefur bæði fækkað og fjölgað gegnum árin en þegar ég byrjaði hér árið 1981 voru hér 68 börn,“ segir Sigríður sem tók við starfi leikskólastjóra árið 1996.

„Það er mjög gott að vinna í þessu húsi en við erum til dæmis með góðan íþróttasal á efri hæðinni. Í starfinu leggjum við því áherslu á hreyfingu en auk þess eru myndlist og málörvun stórir þættir í starfinu. Það er þó númer eitt að hafa gaman hér á Hagaborg.“ **heida@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Guðrún Andrésdóttir**
Herjólfsgötu 38, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 10. nóvember sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Áslaug Ásmundsdóttir** **Gunnlaugur S. Gíslason**
**Ásdís H. Ásmundsdóttir** **Bergur J. Hjaltalín**
**Andrés Ásmundsson** **Erna D. Stefánsdóttir**
**Rúnar Þór Halldórsson** **Hrafnhildur Þórðardóttir**
**Gunnar Þór Halldórsson** **Inga Dóra Ingvadóttir**
**Halldór Örn Rúnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# fimbulfamb
{blekk·ing·ar·leik·ur}

## Bráðfyndið borðspil fyrir alla sem kunna að lesa og skrifa

Þú rakst á dólfugl í gær!
Var það...

1. Ófreskja í sjó sem samkvæmt þjóðtrú boðar illviðri
2. Maður sem er flinkur að herma eftir fuglasöng
3. Smávaxinn afrískur fugl, skyldur dódófuglinum
4. Sá sem er sólginn í að spila á spil
5. Graftarbóla á höku manns
6. Hæggengur reiðhestur
7. Listamaður

**LOKSINS KOMIÐ AFTUR**
**TAKMARKAÐ UPPLAG!**




OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sál, **6.** skóli, **8.** hljóð svína, **9.** umfram, **11.** átt, **12.** heimting, **14.** skellur, **16.** málmur, **17.** sigti, **18.** festing, **20.** golfáhald, **21.** þurrka út.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umstang, **3.** númer, **4.** sprengiefni, **5.** sóða, **7.** drullusokkur, **10.** óvild, **13.** viðmót, **15.** korn, **16.** spíra, **19.** 2000.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** anda, **6.** ma, **8.** rýt, **9.** auk, **11.** na, **12.** krafa, **14.** hlamm, **16.** ál, **17.** sía, **18.** lím, **20.** tí, **21.** afmá.
**LÓÐRÉTT: 1.** ómak, **3.** nr, **4.** dýnamít, **5.** ata, **7.** aurlíf, **10.** kal, **13.** fas, **15.** mals, **16.** ála, **19.** mm.






# Gnarrzenegger

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Eitt af öndvegisverkum kvikmyndasögunnar komst óvænt í Kastljósið á mánudagskvöld, þegar Jón Gnarr líkti sér við óvættinn úr kvikmyndinni Predator. Della, sagði Brynja Þorgeirsdóttir, en dokum við – þegar betur er að gáð reynist þessi líking hafa heilmikið kjöt á beinunum. Fyrir utan það að borgarstjórinn misskilur hlutverk sitt innan hennar.

**PREDATOR** fjallar um hóp úrvalshermanna sem undir forystu Arnolds Schwarzenegger er sendur inn í frumskóg í Mið-Ameríku til að uppræta eiturlyfjahring. Fljótlega verða kapparnir varir við óvætt frá framandi plánetu, sem situr um þá. Hefst þá leikur kattarins að músinni.

**ALGENGT ER** að líkja frumskógi við borg. Í þessu samhengi táknar óvætturinn sem hefur hreiðrað um sig þar hið pólitíska vald; báknið sem gleypir þá sem hætta sér inn fyrir mæri þess. Besti flokkurinn er því augljóslega schwarzeneggska sérsveitin, sem ryðst inn í skóginn og storkar valdajafnvæginu. (Það dregur síst úr mætti líkingarinnar að tveir hermannanna eru leiknir af skemmtikröftum sem síðar komust til metorða í stjórnmálum; Schwarzenegger varð ríkisstjóri Kaliforníu og Jesse Ventura varð ríkisstjóri Minnesota).

**SÉ LÍKINGUNNI** haldið til streitu öðlast atburðarás myndarinnar hugsanlegt spádómsgildi. Eftir að geimveran hefur kvistað niður alla aðra úr hópnum, flegið þá lifandi og rifið úr þeim hauskúpuna, verður það Arnold óvænt til lífs að maka á sig drullu sem skepnan sér ekki í gegnum og í kjölfarið nær hann undirtökunum.

**Í EPÍSKUM** lokabardaga fellir óvætturinn (valdið) loksins grímuna og sýnir sitt rétta andlit. „You're one ugly motherfu***er,“ mælir þá Arnold en skrímslið svarar með sömu orðum. Hér verður ákveðin speglun og vöðvafjallið áttar sig á að ef til vill er ekki ýkja mikill munur á því og dýrinu. Þegar geimveran sér sæng sína upp reidda ræsir hún litla kjarnorkusprengju á úlnliðnum og grandar sér og öllu kviku í kring en Arnold á fótum fjör að launa.

**ÞETTA ER** kannski sú staða sem Gnarr og Besti flokkurinn standa frammi fyrir: að eina leiðin til að sigra hefðarvaldið sé að kasta sér ofan í hið pólitíska svað og velta sér upp úr því. Um leið þarf að hafa hugfast að gamla valdabáknið eirir engu þegar það sér fram á eigin endalok.

**ÁGÆTT** framtak borgarstjórnar var að opna listabíó í gamla Regnboganum. Hvernig væri að sýna Predator fljótlega? Svona fyrir þá sem vilja glöggva sig á borgarmálum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Útivistarfólk veit að það skiptir mjög miklu máli að vera rétt búinn á fjöllum að vetrarlagi. Dagarnir eru kaldari og styttri og það eru færri á ferðinni. Vetrarferðamaðurinn veit að hann þarf að treysta á sjálfan sig og útbúnaðinn til þess að vera öruggur. **ZO•ON vetrarfatnaðurinn er traustsins verður** - og svo er hann líka flottur.

**ZO•ON fatnaður fæst í verslunum Útilífs og í ZO•ON Kringlunni og Bankastræti.**

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

**STEFNUMÓT VIÐ PÉTUR** Leitast verður við að veita innsýn í líf og feril Péturs Gunnarssonar rithöfundar á ritþingi sem haldi verður í menningarmiðstöðinni Gerðubergi á morgun frá kl. 13.30 til 16.00. Stjórnandi er Torfi H. Tulinius en spyrlar Kristján Kristjánsson og Soffía Auður Birgisdóttir. Valgeir Guðjónsson flytur lög við texta Péturs.

# Einlægur og heill listamaður

**Fyrsta yfirlitssýning á verkum Karls Kvaran listmálara síðan árið 1986 verður opnuð á fæðingardegi listamannsins í næstu viku. Karl skildi eftir sig mikið og merkilegt ævistarf, segir Ásdís Ólafsdóttir sýningarstjóri.**



**ÁSDÍS ÓLAFSDÓTTIR** Sýningarstjóri yfirlitsverka um Karl Kvaran er meðal höfunda bókar um listamanninn sem gefin verður út í tilefni sýningarinnar í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Karl var tvímælalaust einn af fremstu listamönnum Íslendinga á 20. öld. Hann var óvenju afkastamikill og skildi eftir sig mikið og merkilegt ævistarf,“ segir Ásdís Ólafsdóttir sýningarstjóri yfirlitssýningar um listmálarann Karl Kvaran sem opnuð verður í Listasafni Íslands í næstu viku. Í aðdraganda sýningarinnar voru öll verk Karls sem vitað var um, bæði í opinberri eigu og einkaeigu, skráð og spannar skráin um 500 verk. Þessar upplýsingar voru ómetanlegar segir Ásdís þegar farið var að huga að yfirlitssýningunni.

„Úr þessum verkum valdi ég rúmlega 80 verk, bæði olíu- og gvassmyndir, teikningar, blekmyndir og fleira. Ég reyni að gefa góða mynd af ferli hans, en það sem ég gekk út frá þegar ég var að vinna sýninguna voru þessi syrpukenndu vinnubrögð sem hann ástundaði. Hann var maður sem gekk alla leið, vann kannski að sama mótífinu árum saman þannig að ég set saman verk frá mismunandi tímum sem hafa þó sama mótíf.“

Dæmi um stef sem Karl vann með eru hringform, brotnir hringir, slengjur og línur. „Hann var flinkur teiknari og línan var mjög mikilvæg í verkum hans. Á sýningunni eru bæði fígúratíf verk og abstrakt þannig að þróunin sést vel. En þó að hann málaði aðallega óhlutbundin verk þá vann hann alltaf einhver hlutbundin verk meðfram.“

Ásdís segir sérstöðu Karls liggja í því að hann hafi haldið sig við abstraktlistina allar götur frá því að hann hóf að mála abstrakt árið 1952.

„Hann fór alla leið með abstraktlistina og byggði upp sérstakan og auðþekkjanlegan stíl. Karl var mjög einlægur og heill listamaður þannig að þetta eru mjög djúp verk. Að sumum vann hann árum saman en hann var mjög kröfuharður. Hans sérstaða liggur kannski í því að hann er ekki með mikið af náttúruvísunum í sínum verkum heldur gengur út frá forminu, litunum og myndfletinum, þannig var hann mjög huglægur listamaður. Hann var og mjög ljóðrænn sem er kannski áhugaverð þversögn.“

Karl lést árið 1989, 65 ára gamall. Ásdís segir að verk hans séu á mjög háum stalli í íslenskri listasögu í dag og væntanlega muni sýningin og útgáfan í kringum hana kynna hann enn frekar fyrir listunnendum. „Verkin höfða til dæmis mjög til ungs fólks, bæði hin sterka formbygging og litanotkunin sem virkar nútímaleg. Karl var mikill meistari í notkun lita og tefldi oft andstæðum litum saman af mikilli kunnáttu.“

Sýningin opnar í næstu viku, 17. nóvember sem var fæðingardagur Karls. sigridur@frettabladid.is





**MEISTARI LÍNUNNAR** Karl Kvaran markaði djúp spor með rökrænni afstöðu sinni til þróunar íslenskrar abstraktlistar.

## NAM Í REYKJAVÍK OG KAUPMANNAHÖFN

Karl Kvaran fæddist á Borðeyri við Hrútafjörð árið 1924.

Eftir nám við einkaskóla Marteins Guðmundssonar og Björns Björnssonar, 1939-1940, og einkaskóla Jóhanns Briem og Finns Jónssonar, 1941-1942, stundaði hann nám við Handíða- og myndlistaskólann 1942-1945, Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn og einkaskóla Peters Rostrup Bøyesen, 1945-1948.

Á sýningu Listasafns Íslands gefur að líta 53 olíumálverk eftir Karl auk teikninga, gvassmynda og samklippa. Samtals 84 verk í sölum I og II í safninu.

Sýningarstjóri er Ásdís Ólafsdóttir listfræðingur. Sýninganefnd ásamt Ásdísi skipa Sigríður Melrós Ólafsdóttir, deildarstjóri sýningadeildar LÍ, og Halldór Björn Runólfsson safnstjóri.

Samhliða sýningunni kemur út vegleg bók um Karl Kvaran prýdd fjölda mynda af verkum listamannsins. Einnig verða plakat, gjafakort, skissubók og bókamerki til sölu í Safnbúð Listasafnsins með myndum af verkum Karls Kvaran.

TJARNARBÍÓ
Unglist 5.-13.NÓV. Nánar á www.tjarnarbio.is
Sirkus Sóley Sirkus Ísland SUN 14.NÓV. SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
NÆSTA VIKA:
Nýtt leikverk eftir Jón Atla Mojito FORSÝNING 16.NÓV. FRUMSÝNING 17.NÓV.
TÓNLEIKAR Sigríður Guðnadóttir 18.NÓV.
Hjaltalín 19.-20.NÓV. ÚTGÁFUTÓNL.
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15 Sími: 527 2100 www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
visir.is
Meiri Vísir.

Kailash
ANDLEGT FERÐALAG
Kailash er ný verslun á Strandgötu 11 í Hafnarfirði sem sérhæfir sig í andlegum vörum frá Tíbet og Nepal. Verslunin selur meðal annars Buddhastyttur, talnabönd, skartgripi, reykelsi, poncho, og margt fleira.
Verið velkomin og að sjálfsögðu er alltaf heitt á tekatlinum.
Verslunin er opin virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-14.
Strandgata 11, Hafnarfjörður • Sími 512 3777 • www.kailash.is

Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka
GRÍMAN 2010 BARNASÝNING ÁRSINS
„Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“ EB, Fbl.
JVJ, DV
„Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallegt mál, smekkleg umgjörð og góður leikur.“ SG, Mbl.
HORN Á HÖFÐI
Sýningar í fullum gangi
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið í samstarfi við GRAL

# Þegar útrásin breyttist í martröð ...

Hver drap hrokafulla útrásarvíkinginn? Hvers vegna voru fingurnir klipptir af honum? Hvaða leyndarmál var rætt í snekkjupartíinu í Cannes?



Óskar Hrafn Þorvaldsson veit hvað gerðist á bak við tjöldin og notar þekkingu sína til að skrifa æsilega spennusögu um örlög og illvirki ...

**„Stundum er veruleikinn svo lygilegur að skáldskapurinn fangar hann betur en fréttirnar. Þessi bók hittir beint í mark.“**

**Jón Kaldal, ritstjóri Fréttatímans**

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is




Lestur er undirstaða alls náms

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL




Bókatíðindi koma út 15. nóvember.

MEIRI SNJÓ
MEIRI SNJÓ

Next vörur
frá kr. 500 - 2.000

Úrval af jakkafötum
frá kr. 9.995 - 19.995


CATMANDOO ÚLPA, F/ BÖRN
Outlet verð kr. 8.000


CATMANDOO ÚLPA, F/ DÖMUR
Outlet verð kr. 8.000




NORTH ROCK ÚLPA, F/ FULLORÐNA
Outlet verð kr. 15.000


KULDASTÍGVÉL, F/ DÖMUR
Outlet verð kr. 6.000

KORPU OUTLET

Stærsti lagermarkaður landsins

KORPUOUTLET, KORPUTORGI
Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18.
Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400.




# Komdu með mér inn í skuggann

Bækur/ ★★★★

**Ljósa**
Kristín Steinsdóttir

**Vaka-Helgafell**




Ævi sveitakonunnar Pálínu Jónsdóttur, sem alltaf er kölluð Ljósa, frá barnæsku til dauðadags er viðfangsefni skáldsögu Kristínar Steinsdóttur og ber nafn söguhetjunnar. Ljósa elst upp í íslenskri sveit á fyrri hluta síðustu aldar, er hreppstjóradóttir og dekurbarn sem á unglingsárum veikist af geðhvarfasýki sem hún glímir við til æviloka. Framan af ævi er líf hennar þó nokkuð venjulegt, hún fær ekki þann sem hún elskar, giftist öðrum, eignast fimm börn, býr manni sínum fallegt heimili og fúnkerar nokkuð eðlilega. Sérlunduð reyndar, en skemmtileg og glaðlynd. En geðhvarfasýkin hremmir hana smám saman og síðustu árin er hún meira og minna á valdi hennar. Úthrópuð af sveitungum, vinalaus og bókstaflega eins og dýr í búri.

Kristín vinnur mikið þrekvirki með þessari sögu. Þótt söguefnið sé dimmt er sagan skemmtileg og stílfærni höfundarins gerir það að verkum að nánast ómögulegt er að leggja bókina frá sér fyrr en að lestri loknum. Sveitin afskekkta lifnar fyrir augum lesandans og Ljósa er frábærlega unnin persóna sem grípur lesandann heljartökum og sest að í hjarta hans. Örlög hennar eru þyngri en tárum taki og hræra lesandann til djúprar meðaumkunar.

Ást hennar á sínum kvensama föður, sem á börn með konum á öðrum hverjum bæ að fornum hreppstjórasið, er leiðarstef í lífi hennar og í raun vex hún aldrei upp úr því að vera augasteinninn hans pabba, þótt hann bregðist henni á ögurstundu. Á köflum detta manni í hug kvenhetjurnar úr skáldsögum Huldu sem dreymir um fegurð og fjarlægar borgir á meðan þær þrá í leynum listamanninn svikula sem stoppaði í dalnum um stund, en Ljósa er þó mun betur dregin persóna en þær og nærfærnar og sannfærandi lýsingar á geðhvarfasýkinni fullkomlega trúverðugar. Þetta er persóna sem lesandinn elskar með öllum hennar kostum og göllum. Sama má segja um aðrar persónur bókarinnar, þær stíga upp af síðunum og verða raunverulegar í huga lesandans eins og bestu persónur Laxness. Senan í fjárhúsunum er snilldarleg vísun í kindardráp Rósu í Sjálfstæðu fólki og ekki síður áhrifamikil.

En það er ekki bara persónusköpunin og söguefnið sem gera þessa bók eftirminnilega. Mál, stíll og bygging haldast í hendur og skapa sterka og krefjandi sögu sem heldur athygli lesandans frá upphafi til enda, vekur spurningar og slær á alla strengi tilfinningaskalans.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel stíluð og vel byggð saga með frábærri persónusköpun. Saga sem spannar allan tilfinningaskalann og ómögulegt er að leggja frá sér.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 12. nóvember**

### Tónleikar

**21.00** Hljómsveitirnar Valdimar, Fu Kaisha og Benjamín og helvítis jazzararnir koma fram á 21. Grapevine grassroots kvöldi sem haldið verður í kvöld. Dagskrá hefst kl. 21. Ókeypis inn.

**22.00** Hljómsveitin Myrká verður með tónleika í Frystiklefanum í Sláturhúsinu á Egilsstöðum í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er aðgangur ókeypis.

**23.00** Tónleikar til heiðurs bandarísku rokksveitinni Pearl Jam verða haldnir í kvöld á Sódóma Reykjavík. Hljómsveitirnar Elsu Sultan og Vintage Caravan koma fram. Tónleikarnir hefjast kl. 23 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

### Leiklist

**20.00** Leiktu betur, árleg spunakeppni framhaldsskólanna fer fram í kvöld í Tjarnarbíói. Dagskrá hefst kl. 20.00.

**23.00** Leikritið „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan" verður frumsýnt í Valaskjálf, Egilsstöðum í kvöld kl. 23. Leiksýningar standa út nóvember. Miðaverð er 2.000 kr og 1.700 kr fyrir eldri borgara. Miðapöntun í síma 867 1604

### Opnanir

**16.00** Sýningin Grýlukerti verður opnuð á skörinni, á efri hæð í Fógetahúsinu/Kraum að Aðalstræti 10, í dag. Opnunin stendur frá 16-18.

### Sýningar

**17.30** Ritlistarnemar við Háskóla Íslands opna ljóðasýningu á Háskólatorgi (neðri hæð). Sýning ber heitið STOPP og verður opin frá 17.30-19.30. Gestir og gangandi velkomnir.

### Síðustu forvöð

**20.00** Síðustu sýningar á Græna kallinum eru í dag og á morgun. Sýningarnar byrjar kl. 20 báða dagana og eru fyrir alla aldurshópa. Miðapantanir á midasala@kopleik.is og í síma 554-1985.

### Málþing

Málþing á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Oslóarháskóla og Háskólans Turku í Finnlandi verður haldið í fundarsal Landsbókasafns Íslands í dag frá 9-17. Fjallað verður um viðbrögð, stöðu og þátttöku Norðurlandanna í Evrópusamruna. Þátttaka öllum opin, skráning á ams@hi.is

### Listamannaspjall

**12.00** Listamennirnir Ethan Hayes-Chute og Magone Sarkovska sýna myndir og spjalla um eigin verk í Skaftfelli, Seyðisfirði, í dag kl. 12.

### Fyrirlestrar

**12.30** Tíundi fyrirlesturinn í fyrirlestraröðinni „Eilífðarvélin" sem Þjóðmálastofnun og EDDA - öndvegissetur standa fyrir verður haldin í dag. Magnús Sveinn Helgason fjallar um nýfrjálshyggjuna. Hefst kl. 12.30 og er haldinn í Háskóla Íslands, Háskólatorgi stofu 104.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


Nýtt námskeið í
meðgöngujóga

JÓGA Stúdíó



Nú er að fara af stað nýtt námskeið í meðgöngujóga hjá okkur. Við förum í öndun og slökun, losum um mjaðmir og styrkjum kvið og bak. Sleppum taki á hræðslu og lærum að slaka á milli hríða. Við tengjum okkur við okkur sjálfar og fóstrið. Jóga stuðlar á betri meðvitund á líkama sál og huga.

Í boði verður að taka einn, tvo eða þrjá mánuði og eru verðin eftirfarandi:

Einn mánuður – 10.000,-
Tveir mánuðir – 18.000,-
Þrír mánuðir – 22.000,-

Skráning hjá Ágústu í síma 772-1025. Eða á jogastudio.is


Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025


Drífa Atladóttir
695-8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

# Við bjóðum til bókajóla...

## Nýir íslenskir krimmar á kynningartilboði!




3.980,-

### Morgunengill

****

„Morgunengill hefur það allt til að bera sem einkennir góðan krimma. Árni Þórarinsson hefur örugg tök á glæpasagnaforminu og tekst að spinna trúverðuga en margslungna fléttu um leið og hann varpar ljósi á samtíma okkar á óvæntan og hrollvekjandi hátt."

*Jón Yngvi Jóhannsson / Fréttablaðið*

**Fullt verð: 5.690,-**




3.980,-

### Mörg eru ljónsins eyru

****

„...breið skáldsaga um ástina og dauðann, eins og allar aðrar góðar sögur, og mörgum þrepum ofar í bókmenntastiganum en formúlubókmenntirnar."

*Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið*

**Fullt verð: 5.690,-**




3.980,-

### Martröð millanna

„Fréttastjórinn Óskar opnaði kima sem þoldu ekki dagsins ljós og nú lýkur hann einhverjum þeirra upp betur í hreint ótrúlegri atburðarás."

*Páll Baldvin Baldvinsson*

**Fullt verð: 5.690,-**

***Athugið að kynningarverð gilda aðeins til 22. nóvember***

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*



6 MYNDIR VERÐA FRUMSÝNDAR Í KVIKMYNDAHÚSUNUM Í KVÖLD;
Easy A, Unstoppable, Artúr 3, Baaria, Jackass 3D og Gnarr, sem fjallar um kosningabaráttu Besta flokksins.

# Rokka fyrir fjölskyldur



**SÓLSTAFIR** Rokka fyrir unglinga á laugardaginn.

Þungarokkssveitirnar Sólstafir og XIII halda fjölskyldu- og unglingatónleika á laugardaginn kl. 16 á Sódómu Reykjavík. „Við höfum fengið fjölda fyrirspurna um að halda tónleika fyrir þá sem hafa ekki aldur til að komast inn á skemmtistaði,“ segir Aðalbjörn Tryggvason, söngvari Sólstafa. „Um leið erum við að gefa helgarpöbbum færi á að gera eitthvað uppbyggilegt með börnunum sínum.“




# Íslenskir karlar gullfallegir

**Kynlífssérfræðingurinn Tracey Cox er stödd hér á landi til að kynna nýjustu bók sína, Lostaleiki. Daðurdrottningin Tobba Marinós hefur lengi haft mætur á Tracey og því ákvað Fréttablaðið að sameina þessar tvær drottningar og ræddi við þær um karlmenn, kynlíf og íslenska deitmenningu.**



**HITTI ÁTRÚNAÐARGOÐIÐ** Tobba Marinós vísar oft í Tracey Cox í bókum sínum og var því ánægð með áritað eintak frá kynlífssérfræðingnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er svo mikil mýta að allar konur geti fengið fullnægingu eingungis við samfarir. Það er í rauninni bara fáránlega lágt hlutfall sem nær því,“ segir kynlífssérfræðingurinn Tracey Cox, sem er hér á landi að kynna bók sína Lostaleiki. „Konan þarf að kunna á sig og geta sagt rekkjunauti sínum hvaða svæði þurfi að örva og hvað hann eigi að gera. Flestar konur virðast samt ekki geta talað um þetta og því er ekkert við karlmennina að sakast. Þeir þurfa bara leiðbeiningar.“ Tracey segir líka aðra algenga mýtu vera þá að karlmenn vilji stöðugt kynlíf. „Það er svo mikið bull. Þegar karlmenn eru í kringum fertugt minnkar áhuginn á kynlífinu til muna. En samt fara þeir á barinn með strákunum og tala endalaust um kynlíf.“

**Ömurleg deitmenning**

Þegar talið berst að íslensku deitmenningunni er ljóst að margt þarf að laga samkvæmt daðurdrottningunni Tobbu Marinós. „Hér er bara farið á rúntinn og Laugavegurinn keyrður aftur og aftur,“ segir Tobba, en bætir við að einstaka strákur leggi það á sig að bjóða í bíó. Tracey verður gjörsamlega orðlaus og spyr hvers vegna ekki sé hægt að bjóða í hádegismat eða fara út og fá sér drykk. „Ástæðan er sú að íslenskum strákum finnst þeir vera að reyna of mikið með því að bjóða stelpunni eitthvað fínt,“ segir Tobba.

Hún segir líka marga stráka vilja sleppa deitinu. „Þeir tékka kannski á stelpunni um kvöldið og athuga hvort hún sé að djamma. Svo sendir hann henni SMS seinna um nóttina og vill þá hitta hana. Svo vaknar stelpan bara um morguninn heima hjá honum og allt í rugli,“ segir Tobba og bætir við að ef strákurinn hafi einhvern áhuga á stelpunni yfirleitt geti hann bara fundið eitthvað almennilegt fyrir þau að gera.

**Regla um síðasta söludag**

Tracey segir konur oft búa sér til óraunhæfar væntingar þegar komi að karlmönnum. „Konur eru mjög duglegar við að búa til tálsýn af því sem er fyrir framan þær. Þær vonast til að maðurinn geti orðið eitthvað sem hann er bara alls ekki. Svo verða þær fyrir vonbrigðum þegar lengra er komið í sambandinu.“ Tobbu finnst líka fáránlegt að vinkonur geti ekki farið í sama gaurinn með áralöngu millibili. „Mér finnst að það ætti að vera regla hérna í íslensku samfélagi sem segir til um að þó svo að einhver vinkona þín hafi deitað gaur fyrir tíu árum megir þú fara í hann. Það hlýtur bara að vera einhver „síðasti söludagur“.“

En hvað eiga íslenskar stelpur þá að gera til að koma í veg fyrir stefnumótaklúður? „Stelpur eiga að vera duglegri að segja „nei“ og láta ekki bjóða sér á svona asnaleg deit,“ segir Tobba og Tracey er henni fullkomlega sammála. „Þið getið allavega byrjað á því að hætta þessum fáránlegu rúntum,“ segir hún og hlær.

**Aldrei við Íslending kennd**

Þegar Tracey kom til landsins fyrir sex árum voru uppi sögusagnir um að hún ætti vingott við íslenskan mann. Er eitthvað hæft í þeim orðrómi? „Nei, almáttugur. Þessi maður hitti mig í miðbænum og spurði mig hvort mig langaði að setjast inn á einhvern veitingastað og fá mér að borða. Þóra, bókaútgefandinn minn, var með mér og þar af leiðandi gerði ég mér enga grein fyrir því að þetta væri stefnumót. Þegar við vorum búin að borða rölti hann með mér að hótelinu og spurði hvort hann mætti koma upp, en ég náttúrulega neitaði því,“ segir Tracey, sem hefur því aldrei verið við íslenskan karlmann kennd. „Íslenskir karlmenn eru gullfallegir en ég er ekki alveg á lausu núna,“ segir Tracey og gerir því út um allar vonir einhleypu íslensku karlmannanna.

kristjana@frettabladid.is




# Mamma hefði brosað



**ÁSTÞÓR ÓÐINN** Rapparinn komst í eitt af efstu sætunum í evrópsku lagakeppninni I-Mego. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er bara mjög ánægður með þetta,“ segir rapparinn Ástþór Óðinn. Hann lenti í þriðja til þrettánda sæti í evrópsku lagakeppninni I-Mego með lag sitt Mamma. Mörg hundruð lög voru send í keppnina og lag Ástþórs, sem er bæði sungið á íslensku og ensku, var valið úr þeim hópi. „Þetta kom mér á óvart. Ég hlustaði á hin lögin og þau voru virkilega góð.“

Lagið fjallar um mömmu hans sem lést fyrir fimmtán árum. Þar skrifar Ástþór henni bréf og segir frá því hvernig líf hans er í dag. „Hún hefði brosað,“ segir rapparinn, spurður hvað henni hefði fundist um árangurinn ef hún hefði verið á lífi.

Ástþór fær í verðlaun hljóðnema og heyrnartól sem munu nýtast vel í hljóðveri sem hann rekur í Kópavogi ásamt félögum sínum. Bandaríska útgáfufyrirtækið Expat Records heyrði lagið Mamma og ætlar að gefa plötu Ástþórs, Both Ways út. Hann er um þessar mundir að þýða lögin Mamma og Í gegnum tímans rás yfir á ensku fyrir bandarísku útgáfuna, sem er væntanleg næsta vor. „Þetta lítur allt bara mjög vel út,“ segir rapparinn. - fb

# Dansar með stjörnunum

Dansstúdíó World Class stendur fyrir danshátíð í dag og á morgun með heimsþekktum dansara frá Los Angeles. Sonny Freddie Pedersen heitir hann og kennir meðal annars hiphop-dans og hefur sérstakur stíll hans vakið mikla athygli. Hann starfar nú sem danshöfundur Nicole Scherzinger, söngkonu PussyCat Dolls, en hefur einnig unnið með Paulu Abdul úr American Idol og söngvaranum Chris Brown. Hátíðin er ætluð öllum og kostar 5.900 krónur. Hægt er að skrá sig hjá World Class.




GILDRAN
NÝTT
SANNKALLAÐ
MEISTARASTYKKI
FRÁ GÖMLU ROKKURUNUM
KOMIÐ Í VERSLANIR
GILDRAN
LIVE 1. MAÍ 2010
ÖLL BESTU LÖG GILDRUNNAR
ÓMISSANDI EINTAK Í PLÖTUSAFNIÐ
NÝR CD
KOMINN ÚT
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
12. NÓV AUSTURBÆR REYKJAVÍK
13. NÓV HÖLLIN VESTMANNAEYJUM
MOSFELLINGUR
sena
BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
VEGGSPORT
papco
prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA
midi.is




# Réttarhöldin í Norðurpólnum

„Miðasalan hefur gengið mjög vel og það stefnir allt í að það verði uppselt á frumsýninguna,“ segir Olga Margrét Cilia, formaður Stúdentaleikhússins, en á laugardaginn frumsýnir leikhópurinn verkið Réttarhöldin eftir Franz Kafka.

„Sýningin fjallar um mann sem þarf að sæta réttarhöldum fyrir eitthvað sem hann veit ekki hvað er. Hann reynir síðan að komast að því hver sekt hans er og leitar til hinna ýmsu aðila sem gætu hjálpað,“ segir Olga en hún leikur sjálf hlutverk í sýningunni. Spurð að því hvers vegna ákveðið var að setja upp Réttarhöldin en ekki eitthvert annað verk, segir Olga leikstjórann hafa fengið að ráða. „Hann langaði að setja upp eitthvað eftir Kafka,“ segir Olga, en leikstjóri verksins er Friðgeir Einarsson. Friðgeir lék til að mynda í Húmanimal sem sló öll aðsóknarmet.

Fyrir þá sem ekki vita er Stúdentaleikhúsið áhugaleikfélag nemenda í Háskóla Íslands, en þrátt fyrir að tilheyra háskólanum þarf ekki endilega að stunda nám við skólann. „Það er öllum frjálst að vera með en við miðum við að fólk sé komið af menntaskólaaldrinum,“ segir Olga.



**RÉTTARHÖLDIN ÆFÐ** Kristín Rós Birgisdóttir og Ólafur Ásgeirsson í hlutverkum sínum. MYND/JAKOB VEGERFORS

Þeim sem hafa áhuga á að kaupa miða á sýninguna er bent á heimasíðu Stúdentaleikhússins, www.studentaleikhusid.is.

**- ka**



**MEÐ KÖKUKEFLIÐ Á LOFTI** Ellefta matreiðslubók Nönnu er komin út. Bækur hennar hafa selst í um sjötíu þúsund eintökum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sjötíu þúsund bækur seldar

**Ellefta matreiðslubók Nönnu Rögnvaldsdóttir, Smáréttir, er komin út. Bækur hennar hafa selst í um sjötíu þúsund eintökum.**

Matreiðslubækur Nönnu Rögnvaldsdóttur hafa verið gríðarvinsælar á undanförnum árum og selst í um sjötíu þúsund eintökum. Sú ellefta í röðinni, Smáréttir, er nýkomin út.

„Fólk er alltaf að leita að einhverjum hugmyndum að frekar einföldum og fljótlegum mat. Ég hef, held ég, orð á mér fyrir að vera með dálítið af svoleiðis uppskriftum,“ segir Nanna, spurð um skýringarnar á þessum vinsældum. „Ég er líka með alls konar nýstárlegar hugmyndir, kannski af því að ég les svo mikið af matreiðslubókum og fæ hugmyndir alls staðar að. Mér þykir vænt um að heyra fólk segja að þegar það eldi uppskriftirnar mínar sé það eins og mamma þeirra standi fyrir aftan það og horfi á. Mitt markmið hefur líka verið að leiðbeina fólki að vera sjálfstæðara í eldhúsinu og ekki rígbinda sig við uppskriftir.“

Þegar Nanna fær fjölskyldu sína í heimsókn fá gestirnir að velja það sem verður í matinn. Oftast verða þá heimilislegir réttir fyrir valinu eins og kjöt í karríi. Hún segir barnabörnin sína hörðustu gagnrýnendur. „Barnabörnin hika ekki við að segja: „Amma, þetta er ógeðslega vont“,“ segir hún og hlær.

Nanna hélt í fyrradag sitt fyrsta útgáfuhóf, þar sem hún eldaði ofan í gestina hina ýmsu smárétti, þar á meðal 250 smápitsur og annað eins af kjötbollum. Hún segist lengi hafa ætlað að gera bók um smárétti. „Matreiðslubók Nönnu [sem hefur selst í um fjórtán þúsund eintökum] átti að vera pinnamatsbók en svo varð hún allt annað. Í þetta skipti tókst mér hins vegar að gera pinnamatsbók.“

**freyr@frettabladid.is**

# ~~Kynlíf, dóp~~ og rokk og ról

Bíó ★★★

**Mínus**

Leikstjórar: Frosti Runólfsson og Haraldur Sigurjónsson.

Heimildarmyndin Mínus, um samnefnda hljómsveit, hafði aðeins einu sinni komið fyrir augu almennings þegar hún var sýnd í Bíó Paradís á miðvikudagskvöld. Mér gæti þó skjátlast. Áður en myndin hófst sögðu leikstjórarnir Frosti Runólfsson og Haraldur Sigurjónsson að myndin væri ókláruð. Þeir fengu einfaldlega ekki leyfi á sínum tíma til að ljúka við myndina, sem bar þess að mörgu leyti merki. Þráðurinn var oft á reiki og sérstaklega í byrjun var ekki alltaf nógu skýrt hvar í sögunni maður var staddur.

Myndin er blanda af heimildarmynd af gamla skólanum, þar sem áhorfandinn fylgir viðfangsefninu frá upphafi til enda tímabils, og rokkmynda á borð við þær sem besta þungarokkshljómsveit allra tíma, Pantera, sendi frá sér á tíunda áratugnum. Sá hluti myndarinnar sem er af gamla skólanum dregur myndina niður. Það hefði mátt kafa mun dýpra ofan í hugarheim strákanna í Mínus, sem voru rétt um tvítugt og upplifðu það sem flestir geta aðeins látið sig dreyma um. Rokkmyndahlutann leysa leikstjórarnir af mikilli snilld þrátt fyrir að hafa þurft að klippa í burtu stóran hluta djammsins. Það var nefnilega voða lítið af kynlífi og dópi, þó að rokkið og rólið hafi sannarlega verið til staðar.

Að öðrum meðlimum Mínuss ólöstuðum er bassafanturinn Þröstur stjarna myndarinnar. Hann er límið sem heldur myndinni saman með frammistöðu sem gæti verið skrifuð, leikin og tilnefnd til Óskarsverðlauna. Um miðja mynd hringir hann í þjóðargersemina Bjartmar Guðlaugsson (þeir þekktust ekki) og í gegnum myndina sýnir það nýjar hliðar á Þresti, sem virðist í fyrstu vera sáttur við sukklífernið, en loks kemur á daginn að þetta var ekki líf sem hann vildi lifa til lengdar. Saga hans gæti auðveldlega borið aðra heimildarmynd.

Mínus er góð heimildarmynd þótt hún sé alls ekki gallalaus. Frosti og Haraldur leika sér skemmtilega með klippingu og tónlist og fara með myndina í tilraunakenndar áttir sem þeir hefðu getað farið með lengra. Myndin er þó fyrst og fremst frábær heimild um eina af öflugustu hljómsveitum Íslandssögunnar og ætti að vera sýnd oftar, eða hreinlega koma út á DVD.



**STJARNA MYNDARINNAR** Bassafanturinn Þröstur á magnaða innkomu í heimildarmyndinni Mínus.

**Atli Fannar Bjarkason**

**Niðurstaða:** Frábær heimild um magnaða hljómsveit. Hefði þó mátt velja sér stefnu og fara alla leið í þá átt.

# Gerðu verk eftir fyrirmælum

Átta stúlkur sem setið hafa námskeiðið Sýningagerð og sýningastjórnun setja upp sýningu í dag en þær leituðu til almennings eftir hugmyndum að verkum sem þær síðan framkvæmdu. Á námskeiðinu voru bæði nemendur í listfræði við Háskóla Íslands og nemendur Listaháskóla Íslands.

„Þetta var verkefni sem við fengum úthlutað en við fengum frjálsar hendur um hvernig ætti að framkvæma það. Við ákváðum að fara nokkuð óhefðbundna leið og taka listamanninn úr jöfnunni og í staðinn fá fyrirmæli frá almenningi um hvernig verkin á sýningunni eiga að vera,“ útskýrir Lilý Erla Adamsdóttir, ein áttmenninganna.




**LISTRÆNN HÓPUR** Stúlkurnar unnu listaverkin út frá fyrirmælum gesta Kaffivagnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stúlkurnar fóru á Kaffivagninn og fengu fyrirmæli frá gestum staðarins. „Sumir sögðu bara nokkur orð, einn sagði til dæmis orðin æðislegt, bjart og fólk. Annar var nákvæmari og sagðist vilja fá málverk af laxi í neti. Nú vinnum við hörðum höndum að því að búa til þessi verk handa þeim.“ Lilý Erla segir fólk hafa tekið misvel í þetta en að yfirleitt hafi mönnum þótt gaman að fá að taka þátt í sköpunarferlinu.

Sýningin hefst í dag klukkan 17.00 í gallerí Kaffistofu við Hverfisgötu. - sm

# Eldheitt samband

Breska leikkonan Rachel Weisz hefur sagt skilið við barnsföður sinn, leikstjórann Darren Aronofsky, en parið hefur verið saman í níu ár og á saman soninn Henry.

Ástæða skilnaðarins er sögð vera sú að Weisz hafi átt í ástarsambandi með leikaranum Daniel Craig við tökur kvikmyndarinnar Dream House, en þar leika þau hjón. Craig er sjálfur trúlofaður framleiðandanum Satsuki Mitchell.

„Rachel og Daniel náðu mjög vel saman meðan á tökum stóð,“ var haft eftir heimildarmanni.



**HEIT ÁST** Rachel Weisz er orðin einhleyp á ný. Sögusagnir eru um að hún hafi átt í ástarsambandi við leikarann Daniel Craig. NORDICPHOTOS/GETTY



**HURTS** Hljómsveitin Hurts spilar í Vodafone-höllinni 20. mars á næsta ári.

# Hurts aftur til Íslands

**Enska hljómsveitin Hurts spilar í Vodafone-höllinni í Reykjavík 20. mars á næsta ári. Hurts spilaði í Hafnarhúsinu á síðustu Airwaves-hátíð og þótti standa sig með mikilli prýði. Tónleikarnir í Vodafone-höllinni eru liður í kynningu á plötunni Happiness, sem hefur fengið góðar viðtökur. Lagið Wonderful, sem er þar að finna, hefur komist á topp vinsældalista víða um heim. Liðsmenn Hurts eru mjög hrifnir af Íslandi, enda tóku þeir upp myndband við nýjasta smáskífulagið sitt, Stay, hér á landi. Miðasala á tónleikana hefst 1. desember.**



**LADY GAGA** Gaga hefur fengið nálgunarbann sett á brjálaðan rússneskan aðdáanda.

# Aðdáandi ógnar Gaga

**Söngkonan Lady Gaga hefur fengið nálgunarbann sett á brjálaðan aðdáanda sem sendi henni óhugnanlegt bréf. Þar skrifar rússneski neminn Anastasia Obukhova að draumur hennar sé að deyja með Gaga. „Þú ert í draumum mínum. Mig langar að deyja og ég vil deyja með þér. Ég er ekki Mark Chapman [morðingi Johns Lennon]. Þú ert ekki sú eina sem mun deyja. Ég mun skjóta mig í höfuðið líka.“ Samkvæmt dómsúrskurðinum má hin 26 ára Obukhova, sem býr í New York, ekki koma nær Gaga en tæpa fimm hundruð metra.**



Bíó ★★★

**You Will Meet a Tall Dark Stranger**

Leikstjóri: Woody Allen. Aðalhlutverk: Gemma Jones, Anthony Hopkins, Naomi Watts, Josh Brolin, Freida Pinto, Antonio Banderas.

## Ávallt gleður glámurinn

Woody Allen gerir kvikmynd á hverju ári. Það hefur ekki klikkað síðan árið 1981. Þá var ég ársgamall. Þetta er ótrúleg „framleiðni“ en óhjákvæmilega er árangurinn ekki alltaf fullkominn þegar menn vinna svona hratt. Og nú er nýjasta afurð gleraugnaglámsins umdeilda komin í kvikmyndahús.

Hin nýfráskilda Helena er fastakúnni spákonu sem segir henni ávallt það sem hún vill heyra. Fyrrverandi eiginmaðurinn er svo þjakaður af fiðringnum gráa að hann trúlofast ungri vændiskonu. Dóttirin lætur sig dreyma um ástarævintýri með yfirmanninum. Atvinnulausi tengdasonurinn bíður eftir listrænni andagift til þess að geta klárað skáldsögu en þokkafulla nágrannakonan á hug hans allan.

Þetta er nokkuð hefðbundin sögufléttа að hætti Woody Allen. Margar persónur, mörg vandamál og existentialískri spurningu varpað fram í lokin. Hvaðan komum við? Hvert förum við? Er fáfræði blessun? Já, eða bara það sem honum er hugleikið hverju sinni.



Woody Allen trúir ekki á hið yfirnáttúrulega, sama hvaða nafni það kallast. Það verður augljósara með hverri myndinni sem hann gerir. Stundum er boðskapurinn einlægur og fyndinn, en stundum ber hann yfirbragð þvingunar og pirrings. Í þetta skiptið tókst vel til. You Will Meet a Tall Dark Stranger er fyndin og heiðarleg. Ekki frábær, en betri en síðasta. Ég bíð spenntur eftir næstu.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Súpa dagsins, að hætti hússins. Bætir, hressir og kætir.



**HORFA EKKI Á GLEE** Strákarnir í Kings of Leon komu af fjöllum þegar lög þeirra áttu að hljóma í Glee.

# Neituðu Glee vegna fávisku

Strákarnir í Kings of Leon hafa verið duglegir við að senda frá sér tónlist og ferðast um heiminn og spila á tónleikum undanfarin ár. Þeir hafa raunar verið svo upptekn ir að þeir virðast ekki hafa haft tíma til að horfa á eitt vinsælasta unglingadrama heims í dag, Glee.

Forsvarsmenn Glee höfðu á dögunum samband við umboðsskrifstofu Kings of Leon og báðu um að fá að flytja lög þeirra í einum af þáttunum. Strákarnir höfnuðu hins vegar tilboðinu án frekar útskýringa.

Nýlega kom á daginn að strákarnir í Kings of Leon höfðu gilda ástæðu, en þeir hreinlega vissu ekki hvað Glee er – höfðu aldrei heyrt um þættina og kærðu sig því ekki um að láta aðstandendurna fá lögin sín.



**GLÍMIR VIÐ VANDA** Lea Michele þekkir vafalaust strákana í Kings of Leon, en þeir þykjast ekki þekkja hana.


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS – ÓTEXTUÐ | 4, 6 , 8 og 10.15 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ | 4 og 6 ÍSL TAL | 7 |
| STONE | 8 og 10.15 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 4 ÍSL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN — SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS-3D | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D Ísl.Tal | kl. 4 | L |
| LET ME IN | kl.10:30 | 16 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D Ísl.Tal | kl. 3:40 | L |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:40 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:50 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 Ísl.Tal | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| GNARR | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI SAMMA -3D Ísl.Tal | kl. 1.50 - 3.50 og 6 | L |
| DUE DATE | kl. 1.50 - 4 - 5.45 - 8 og 10.20 | 10 |
| GNARR | kl. 4 - 6.10 - 8 og 10.10 | L |
| RED | kl. 3.30 - 5.40 - 8 og 10.30 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D Ísl.Tal | kl. 1.45 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D Ísl.Tal | kl. 2 | L |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |
| LET ME IN | kl. 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GNARR | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 10:20 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt M/Ensku | kl. 5:50 | 7 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:50 | L |

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| EASY A | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 3.40 | L |
| MACHETE | kl. 10.35 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.20 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| UNSTOPPABLE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| EASY A | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 5.50 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 8 - 10.15 | L |
| INHALE | kl. 8 - 10 | 16 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D | kl. 8 - 10 | 12 |
| EASY A | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio — AUKAKRÓNUR 5%

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ

| | |
|---|---|
| FEATHERED COCAINE (BOÐSSÝNING)(L) | 19:00 |
| INSIDE JOB(L) | 20:20, 22:00 |
| ARMADILLO(L) | 17:00, 22:00 |
| GASLAND(L) | 17:10, 22:30 |
| NORÐ VESTUR(L) | 18:30 |
| SUBMARINO(14) | 20:30, 22:30 |
| MEÐ HANGANDI HENDI(L) | 18:20 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS

græna ljósið — BÍÓDAGAR HAUST 2010 — SJÖ HEITUSTU HEIMILDAMYNDIR ÁRSINS!






Nú í bíó SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ — sena


GNARR
ALLSKONAR í SAMVINNU VIÐ ENJOY & 10FILMS KYNNA GNARR
JÓN GNARR HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR ÓTTAR PROPPÉ
EINAR ÖRN BENEDIKTSSON ÞORSTEINN GUÐMUDSSON
FRAMLEIÐENDUR SIGVALDI J. KÁRASON & BJÖRN ÓFEIGSSON MEÐFRAMLEIÐANDI RAFN RAFNSSON
HLJÓÐHÖNNUN NICOLAS LIEBING HLJÓÐUPPTAKA BOGI REYNISSON
KVIKMYNDATAKA BJÖRN ÓFEIGSSON KLIPPING SIGVALDI J. KÁRASON LEIKSTJÓRI GAUKUR ÚLFARSSON
ALLSKONAR © 2010 ALLSKONAR FILMS WWW.GNARRTHEMOVIE.COM
FYRSTA MYNDIN Í ADHD
Frumsýnd 12. nóvember
4 fjarkinn
stefánsson & stefánsson
ALLSKONAR
enjoy
10FILMS
SAMBÍÓIN

# sport

sport@frettabladid.is



**PAUL MCSHANE** skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Pepsi-deildarlið Grindavíkur og snýr því aftur til Grindavíkur þar sem hann lék í áratug frá 1998 til 2007. Hann lék með Fram í tvö ár og svo með Keflavík í sumar. Paul McShane er fimmti leikjahæsti leikmaður Grindavíkur í efstu deild en hann á alls að baki 191 leik í úrvalsdeild karla.

Þriðja breytingin á íslenska landsliðshópnum:

## Kallaði á Arnór Svein

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari í fótbolta, hefur þurft að gera þriðju breytinguna á hópnum sínum fyrir vináttulandsleikinn í Ísrael á miðvikudaginn kemur.

Ólafur hefur kallað á Blikann Arnór Svein Aðalsteinsson en hann kemur inn í hópinn í stað Grétars Rafns Steinssonar sem meiddist í leik með Bolton í fyrrakvöld. Arnór hefur leikið 8 landsleiki og alla undir stjórn Ólafs.

Áður höfðu þeir Stefán Logi Magnússon og Steinþór Freyr Þorsteinsson komið inn fyrir þá Árna Gaut Arason og Rúrik Gíslason sem glíma einnig við meiðsli. - óój


Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



„Ekki spyrja eins og kjáni“

– Sofi Oksanen er ekki sú fyrsta sem reiðist íslensku fjölmiðlafólki. Söngvarinn Lou Reed lét blaðamann heyra það.



Meðal annars efnis:

Engin eftirsjá að þessu spillta kerfi
– Guðni Th. Jóhannesson um ævisögu Gunnars Thoroddsen og íslenska samtímasögu.

Skyr er ekki bara skyr
– Gömlu hráefnin hafin til vegs í nýjum búningi.

Hátíðlegt og heimagert
– Kræsingar til að gefa og gleðja um jólin.




Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina




### Stórt stökk í tölfræðinni hjá Darra og Ellerti

**Darri Hilmarsson**

| | KR 2009-10 | Hamar 2010-11 |
|---|---|---|
| Stig | 6,0 | 17,0 |
| Fráköst | 3,4 | 5,8 |
| Framlag | 8,5 | 15,6 |
| Mínútur | 17,5 | 33,1 |

**Ellert Arnarson**

| | KR 2008-09* | Hamar 2010-11 |
|---|---|---|
| Stig | 1,5 | 17,6 |
| Stosendingar | 1,9 | 5,0 |
| Framlag | 3,3 | 16,6 |
| Mínútur | 8,4 | 35,1 |

* Lék ekki síðasta vetur

**Leikir Hamars í vetur**

**Tap fyrir Haukum** (Ellert 17 stig - 6 stoðsendingar, Darri 17 stig)

**Sigur á KR** (Darri, Ellert 16 stig, Darri 15 stig)

**Tap fyrir Fjölni** (Darri 22 stig, Ellert 10 stig)

**Sigur á Keflavík** (Ellert 27 stig - 7 stoðsendingar, Darri 12 stig)

**Sigur á Njarðvík** (Darri 19 stig - 8 fráköst, Ellert 18 stig - 8 stoðsendingar)



# Blómstra í blómabænum

**Vinirnir og jafnaldrarnir Ellert Arnarson og Darri Hilmarsson hafa sprungið út í fyrstu fimm leikjunum sínum með Hamri þar sem liðið hefur unnið þrjú stórlið. „Núna fáum við að spila og sýna hvað við getum,“ segir Darri.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta er búið að ganga mjög vel persónulega fyrir okkur KR-ingana,“ segir Ellert Arnarson kátur. Ellert og Darri Hilmarsson hafa saman skorað 34,6 stig, tekið 8,6 fráköst og gefið 7,0 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu fimm leikjum Hamars í Iceland Express deildinni. Þeir voru í aukahlutverki hjá KR síðustu ár en hafa báðir blómstrað við að fá meiri ábyrgð.

Hamarsliðinu var aðeins spáð 9. sætinu í deildinni en hefur engu að síður tekist að vinna sigra á KR (spáð 1. sæti), Keflavík (2. sæti) og Njarðvík (6. sæti) og það er ekki síst vegna frábærrar frammistöðu þeirra Ellerts og Darra.

Darri steig fyrsta skrefið með því að skipta yfir í Hamar og Ellert fylgdi síðan í kjölfarið. „Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og fá að spila meira. Ég vissi líka að Gústi [Ágúst Björgvinsson] væri hörku þjálfari. Mér líður mjög vel í Hveragerði og Lalli formaður [Lárus Ingi Friðfinnsson] er fínn karl,“ segir Darri.

„Ég þurfti að fá að spila til að bæta mig meira. Mér fannst þetta því vera rétta skrefið,“ segir Darri, sem er með 17,0 stig og 5,8 fráköst að meðaltali í fyrstu fimm leikjunum. Darri segist hafa hringt í Ellert og beðið hann um að koma.

„Ég var búinn að vera með KR í sumar og spilaði með liðinu á Hraðmóti Fjölnis. Ég var efins um hvort ég ætti að fara í KR eða Hamar en svo valdi ég Hamar og sé alls ekki eftir því núna,“ segir Ellert og bætir við: „Það var stór partur í þessu að Darri var búinn að skuldbinda sig að fara þangað og það lá svona beint við að ég kæmi líka. Við keyrum síðan alltaf saman á æfingar,“ segir Ellert.

Þeir Darri og Ellert spiluðu saman með KR upp alla flokka, alveg frá minnibolta upp í meistaraflokk. „Við erum búnir að spila saman síðan við vorum tíu ára. Ég þekki því Ella eins vel og hægt er,“ segir Darri.

> Við erum rosalega miklir KR-ingar þannig að það var ekkert auðvelt að fara frá KR. Það er mikil samkeppni í KR og barátta um mínúturnar. Núna fáum við að spila og sýna hvað við getum.
>
> DARRI HILMARSSON

Darri segir að það hafi ekki verið létt ákvörðun að fara frá KR. „Við erum rosalega miklir KR-ingar þannig að það var ekkert auðvelt að fara frá KR. Það er mikil samkeppni í KR og barátta um mínúturnar. Núna fáum við að spila og sýna hvað við getum.“

„Manni hefur fundist maður vera tilbúinn í þetta í einhver þrjú ár. Það er mjög fínt að fá loksins að axla þessa ábyrgð,“ segir Ellert, sem hefur farið á kostum í leikstjórnandastöðunni en hann er með 17,6 stig og 7,0 stoðsendingar að meðaltali.

„Fyrir mig persónulega vildi ég svara spurningunni hvort ég gæti ekki orðið mjög góður leikmaður í þessari deild. Kannski erum við líka að senda lúmsk skilaboð um að við hefðum átt að spila aðeins meira á sínum tíma,“ segir Ellert.

Darri var mjög ánægður með að fá Ellert til sín í Hamarsliðið.

„Það er mjög gaman að spila með honum. Hann er alveg hörku varnarmaður og svo er hann búinn að vera flottur núna í sókninni og kominn með bullandi sjálfstraust. Ég átti kannski ekki von á því að hann myndi skora svona mikið en ég vissi alveg að hann gæti þetta. Hann hefur bara ekki fengið tækifæri til að sýna það,“ segir Darri.

Ellert hrósar líka Darra. „Hann er búinn að vera frábær og er að fá þennan spilatíma sem hann á að fá í efstu deild. Hann er líka búinn að bæta sig mikið í sínu líkamlega atgervi,“ segir Ellert. Ellert var með 22,5 stig og 7,5 stoðsendingar í síðustu tveimur leikjum þar sem Hamar vann bæði Reykjanesbæjarliðin.

„Liðinu virðist ganga betur þegar ég tek af skarið og er að reyna meira í sókninni,“ segir Ellert og bætir við: „Darri er búinn að vera skjóta því á mig að ég sé hættur að gefa boltann en þá bendi ég honum bara á tölurnar.“

Ellert hefur samt gaman af því að vera búinn að skora þremur stigum meira en Darri á tímabilinu (0,6 í leik). „Ég verð eiginlega að láta hann heyra það áður en það breytist. Ég verð að nýta þennan montrétt,“ segir Ellert hlæjandi.

ooj@frettabladid.is

Birgir Leifur Hafþórsson endaði í fjórða sæti á Condado Open-golfmótinu:

# Bara einu höggi frá öðru sætinu

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, endaði í fjórða sæti á Condado Open-mótinu á Spáni sem lauk í gær.

Birgir Leifur var í fimmta sæti fyrir lokadaginn og hækkaði sig því um eitt sæti með góðri spilamennsku í gær. Birgir Leifur lék hringina þrjá á 212 höggum, fjórum höggum undir pari. Hann var fjórum höggum á eftir sigurvegara mótsins og aðeins einu höggi frá öðru sætinu.



**FJÓRUM HÖGGUM UNDIR PARI** Birgir Leifur Hafþórsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Birgir Leifur lék frábærlega á fyrri níu holunum í dag, þar sem hann lék á þremur höggum undir pari eftir að hafa meðal annars fengið örn á níundu holunni.

Birgir Leifur varð fyrir áfalli á 13. holu þegar hann lék hana á sjö höggum og fékk tvöfaldan skolla. Birgir hafði fengið fugl á þessari sömu holu á fyrstu tveimur hringunum. Birgir Leifur paraði næstu tvær holur og fékk síðan fugl á þeirri sextándu. Hann tapaði síðan höggi á 17. holu og endaði hringinn á 71 höggi, einu höggi undir pari.

Arnar Snær Hákonarson úr GR fylgdi á eftir góðum öðrum degi með því að leika annan daginn í röð á 73 höggum, einu höggi yfir pari. Arnar hækkaði sig upp í 29. sæti en hann lék hringina þrjá á sjö höggum yfir pari. - óój

# ALLTAF BETRA VERÐ

## TOSHIBA FARTÖLVA 15,6"

**Toshiba Satellite L650-19P**
- 2.26GHz Intel Core i3-350M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- ATI Radeon HD 5145 skjákort
- AVefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA 15,6"

**Toshiba Satellite L500D-16N**
- 2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- DVD og CD-RW skrifari
- VGA myndavél í skjá
- ATI Radeon HD 4570 skjákort
- Windows 7 Home Premium

**119.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA 15,6"

**Toshiba Satellite C650-160**
- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500M skjákort
- VGA myndavél í skjá
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.990**

## 19" acer LCD SKJÁR

**Acer V193HQLB**
19" LCD LED breiðskjár með 1366x768p upplausn, 8.000.000:1 skerpu og 5ms svartíma.

**21.990**

## TViX H264 SPILARI

**DViCO TViX S-1 H.264**
Háskerpu H.264 margmiðlunarspilari fyrir alla staðla. VFD skjár, USB, LAN, HDMI, Optical tengi o.fl. Spilar af USB lyklum, eSATA, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN.

**34.990**

## 2TB WD USB FLAKKARI

**WD Elements 2 Terabyte**
2TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

1TB 13.990
1.5TB 19.990

**24.990**

## MEDIASPILARI UNITED

720P · HDMI · CARD

**United HD MMP 9530**
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**14.990**

## 21.5" PHILIPS LCD SKJÁR

2ms svartími

**Philips 226CL2SB**
21,5" W-LED breiðskjár með 1920x1080p upplausn, 20,000,000:1 dýnamískri skerpu og 2ms svartíma.

TILBOÐ **39.990**

## Logitech HÁTALARAR

**Logitech Z623** THX
200W RMS THX hátalarakerfi með innbyggðri hátalarastjórnun, RCA og 3.5mm heyrnartólstengi.

**44.990**

## Logitech ÍSLENSKT LYKLABORÐ

**Logitech Media 600**
Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og USB tengi. fjöldi flýtihnappa. Svart.

**4.990**

## Logitech OPTICAL MÚS

**Logitech M90**
Einföld og nákvæm Optical USB mús sem passar vel í hendi.

**2.990**

### VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN
*Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum*
BORGUN AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

### KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI
*Kynntu þér kaskó tryggingar sem tryggir tækin þín í leik og starfi*

### F-PROT ANTIVIRUS LYKLA-PÉTUR
FIMM LEYFI
ÍSLENSKUR ÞJÓNUSTUAÐILI
VELJUM ÍSLENSKT

# TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

## ÚRSLIT Í GÆR

### *N1 deild karla í handbolta*

**Akureyri – Selfoss 34-29 (15-13)**

**Mörk Akureyrar (skot):** Bjarni Fritzson 9/4 (11), Geir Guðmundsson 8 (11), Oddur Gretarsson 5 (8), Guðlaugur Arnarsson 4 (5), Guðmundur Hólmar Helgason 4 (9), Hörður Fannar Sigþórs son 2 (2), Heimir Örn Árnason 2 (4).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 24 (53, 45%), Stefán Guðnason 1 (2, 50%).
**Hraðaupphlaup:** 7 (Oddur 3, Heimir, Guðmund ur, Guðlaugur, Bjarni).
**Fiskuð víti:** 5 (Guðlaugur 2, Oddur 2, Geir).
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Mörk Selfoss (skot):** Ragnar Jóhannsson 8/2 (17), Guðjón F. Drengsson 7 (8), Árni Steinþórsson 4 (6), Einar Héðinsson 3 (5), Atli Kristinsson 3 (10), Ómar Helgason 1 (1), Gunnar Ingi Jónsson 1 (2), Helgi Héðinsson 1 (4),Eyþór Lárusson 0 (3).
**Varin skot:** Birkir Bragason 12 (52, 30%, 14), Helgi Hlynsson 0 (6, 0%)
**Hraðaupphlaup:** 4 (Guðjón 3, Árni).
**Fiskuð víti:** 3 (Ragnar 2, Einar).
**Utan vallar:** 2 mínútur.
**Dómarar:** Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.

**HK - Haukar 36 - 34 (20 - 13)**

**Mörk HK (skot):** Bjarki Már Elíasson 11/1 (14/2), Daníel Berg Grétarsson 9 (13), Atli Ævar Ingólfs son 6 (8), Ólafur Bjarki Ragnarsson 6/2 (9/2), Hörður Másson 2 (3), Sigurjón F. Björnsson 1 (2), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (2).
**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 14/1 (48/5, 29%).
**Hraðaupphlaup:** 6 (Bjarki Már 4, Atli Ævar 2).
**Fiskuð víti:** 4 (Sigurjón F. 2, Atli Ævar 1, Daníel Berg 1).
**Utan vallar:** 10 mínútur.
**Mörk Hauka (skot):** Björgvin Þór Hólmgeirsson 9 (19), Þórður Rafn Guðmundsson 7/2 (14/3), Guðmundur Árni Ólafsson 6/2 (10/2), Heimir Óli Heimisson 4 (5), Stefán Rafn Sigurmannsson 4 (6), Gísli Jón Þórisson 2 (5), Tjörvi Þorgeirsson 1 (1), Einar Pétur Pétursson 1 (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 9 (31, 29%), Aron Rafn Eðvarðsson 4/1 (18/4, 22%).
**Hraðaupphlaup:** 1 (Stefán Rafn 1).
**Fiskuð víti:** 5 (Guðmundur Árni 2, Heimir Óli 2, Björgvin Þór 1).
**Utan vallar:** 12 mínútur.
**Dómarar:** Svavar Pétursson og Jónas Elíasson.

**Fram-Afturelding 34-27 (17-13)**

**Mörk Fram:** Haraldur Þorvarðarson 9, Jóhann Gunnar Einarsson 7, Andri Berg Haraldsson 6, Kristján Svan Kristjánsson 4, Einar Rafn Eiðsson 3, Róbert Aron Hostert2, Halldór Jóhann Sigfússon 1, Matthías Daðason 1, Arnar Birkir Hálfdánsson 1.
**Mörk Aftureldingar:** Eyþór Vestmann 8, Bjarni Aron Þórðarson 8, Pétur Júníusson 3, Arnar Freyr Theodórsson 2, Jón Andri Helgason 2, Daníel Jónsson 1, Aron Gylfason1, Jóhann Jóhannsson 1, Þorkell Guðbrandsson 1.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akueyri** | **6** | **6** | **0** | **0** | **183-148** | **12** |
| HK | 6 | 5 | 0 | 1 | 203-198 | 10 |
| **Fram** | **6** | **4** | **0** | **2** | **205-175** | **8** |
| FH | 5 | 3 | 0 | 2 | 158-142 | 6 |
| **Haukar** | **6** | **3** | **0** | **3** | **156-162** | **6** |
| Selfoss | 6 | 1 | 0 | 5 | 162-185 | 2 |
| **Afturelding** | **6** | **1** | **0** | **5** | **157-180** | **2** |
| Valur | 5 | 0 | 0 | 5 | 124-158 | 0 |

### *Iceland Express deild karla*

**Snæfell-Grindavík 79-71 (39-32)**

**Stig Snæfells:** Sean Burton 23, Pálmi Freyr Sig urgeirsson 18, Jón Ólafur Jónsson 16 (10 frák./5 stoðs.), Ryan Amaroso 11 (13 frák.), Sveinn Arnar Davíðsson 6, Emil Þór Jóhannsson 3, Kristján Andrésson 2.
**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 20, Ryan Pettinella 14 (11 frák.), Ómar Örn Sævarsson 13, Ólafur Ólafsson 9 (6 frák./7 stoðs.), Helgi Jónas Guðfinnsson 9, Þorleifur Ólafsson 6.

**Fjölnir-Keflavík 96-104 (49-45)**

**Stig Fjölnis:** Tómas Heiðar Tómasson 28, Ben Stywall 24, Ægir Þór Steinarsson 15 (13 stoðs.), Magni Hafsteinsson 10, Arnþór Freyr Guðmunds son 10, Sindri Kárason 6, Sigurður Þórarinsson 3.
**Stig Keflavíkur:** Lazar Trifunovic 36, Gunnar Einarsson 21, Valention Maxwell 17, Hörður Axel Vilhjálmsson 14 (11 stoðs.), Sigurður Gunnar Þor steinsson 9, Gunnar H. Stefánsson 3, Jón Nordal Hafsteinsson 2, Þröstur Leó Jóhannsson 2.

**Haukar-ÍR 93-87 (49-46)**

**Stig Hauka:** Semaj Inge 32, Gerald Robinson 20 (21 frák.), Sævar Ingi Haraldsson 14 (7 frák./5 stoðs.), Óskar Ingi Magnússon 7, Örn Sigurðarson 6, Haukur Óskarsson 5, Davíð Páll Hermannsson 5, Sveinn Ómar Sveinsson 4.
**Stig ÍR:** Nemanja Sovic 26, Kelly Biedler 17 (11 frák.), Vilhjálmur Steinarsson 12, Kristinn Jón asson 12 (10 frák.), Eiríkur Önundarson 8, Níels Dungal 6, Hjalti Friðriksson 6.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **6** | **5** | **1** | **570-548** | **10** |
| Grindavík | 6 | 5 | 1 | 542-467 | 10 |
| **Stjarnan** | **5** | **4** | **1** | **430-405** | **8** |
| Hamar | 5 | 3 | 2 | 429-413 | 6 |
| **Keflavík** | **6** | **3** | **3** | **522-522** | **6** |
| KR | 5 | 3 | 2 | 467-432 | 6 |
| **Haukar** | **6** | **3** | **3** | **513-533** | **6** |
| KFÍ | 5 | 2 | 3 | 475-473 | 4 |
| **Fjölnir** | **6** | **2** | **4** | **527-546** | **4** |
| Njarðvík | 5 | 2 | 3 | 393-428 | 4 |
| **ÍR** | **6** | **1** | **5** | **528-555** | **2** |
| Tindastóll | 5 | 0 | 5 | 354-435 | 0 |

Akureyri vann Selfoss 34-29 í N1-deild karla í gær og hefur því unnið sex fyrstu leiki sína á tímabilinu:

# Kalt hjá Akureyringum á toppnum

**HANDBOLTI** Það var norðangaddur á Akureyri í gær en innandyra í Höllinni var funheitt lið heimamanna í fínu formi. Það vann sjötta leikinn í deildinni og hefur fullt hús stiga. Selfoss var fórnarlambið í gær, lokatölur 34-29.

Vörn Akureyrar var ágæt og markvarslan góð en góð sókn undir lokin í bland við litla markvörslu gestanna skipti mestum sköpum í lokin. Akureyri var alltaf skrefi á undan en baráttuglaðir Selfyssingar börðust allt til loka. Akureyringar eru einfaldlega með betra lið og það sýndi sig í gær.

„Planið var bara að halda okkar striki og vinna,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar. „Við vorum klaufar að leggja ekki grunn að sigrinum undir lok fyrri hálfleiks en ég er ánægður með hvernig liðið kom til baka þó að það hafi ekki allt gengið upp.”

Kollegi hans Sebastian Alexanderson segir að liðið bæti sig með hverjum leik.

„Við spiluðum betur en á móti Haukum gegn miklu betra liði en það dugði ekki. Okkur vantar enn herslumuninn. Vörnin var fín í fyrri hálfleik en við hefðum þurft að fá meiri markvörslu. Ég er þó ánægður með baráttuna í strákunum, þetta fer að detta hjá okkur,“ sagði Sebastian. **- hþh**



**NÍU MÖRK** Bjarni Fritzson var markahæstur Akureyringa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# HK rúllaði yfir meistarana

**Fátt virðist geta stöðvað frískt lið HK í N1-deild karla um þessar mundir. Liðið vann í gær sinn fimmta leik í röð og í þetta sinn meistaralið Hauka, 36-34.**

**HANDBOLTI** Eftir að HK fékk slæman skell gegn Akureyri í fyrstu umferð N1-deildar í haust hefur liðið ekki stigið feilspor. HK hefur unnið alla fimm leiki sína síðan þá og virðist einfaldlega óstöðvandi.

Eins og í öðrum leikjum HK í haust var það sóknarleikur liðsins sem skóp fyrst og fremst sigurinn og þá sérstaklega í fyrri hálfleik.

HK skoraði þá 20 mörk og náði sjö marka forystu sem reyndist vera of stórt bil fyrir Haukana. Þeir náðu þó að klóra sig til baka inn í leikinn undir lokin en tókst ekki að stíga skrefið til fulls.

Hornamaðurinn Bjarki Már Elíasson fór mikinn í gær og skoraði ellefu mörk. Hann naut góðrar aðstoðar frá þeim Ólafi Bjarka Ragnarssyni og Daníel Berg Grétarssyni sem keyra ógnarsterkan sóknarleik HK áfram.

HK er með afar sterkt byrjunarlið, bæði í vörn og sókn, en veikleikamerkin koma fram þegar líða tekur á leikinn og mennirnir þreytast. En heimamenn gerðu nóg í gær.

„Við treystum á liðsheildina og lítum alla sem jafningja í þessu liði. Ég tel að leikgleðin sé stór þáttur í velgengninni,“ sagði markvörðurinn Björn Ingi Friðþjófsson eftir leikinn. „Við leggjum mikla áherslu á æfingar okkar enda trúum við því að ef við stöndum okkur vel á æfingum þá gerist það sama í leikjunum.“

Daníel Berg segir HK-inga nálgast alla leiki eins. „Það eru allir leikir í þessari deild erfiðir en á meðan við erum að berjast og gefa okkur alla í leikinn þá eigum við alltaf möguleika á sigrinum. En um leið og við höldum að við séum of góðir og byrjum að slaka á þá gerist það sama og gegn Akureyri í fyrsta leiknum, við erum ekkert betri en sá leikur.“

Haukamenn hafa enn ekki fundið taktinn í deildinni og hefur til að mynda enn ekki tekist að vinna tvo leiki í röð. Liðið spilaði illa í vörninni í fyrri hálfleik og hvorki Aron Rafn né Birkir Ívar fundu sig í markinu.

„Þessi fyrri hálfleikur fór með okkur. Við náðum engum takti í vörninni og markverðirnir okkar komust ekki í takt við leikinn. Það er afar sjaldgæft hjá okkur enda með tvo frábæra markverði,“ sagði Haukamaðurinn Freyr Brynjarsson. „Undir lokin misstum við svo einbeitinguna. Við gerðum klaufamistök og hentum boltanum frá okkur allt of oft. Við eigum að geta lagað þetta sem og varnarleikinn og markvörsluna. Við vitum að við getum miklu betur. “

Það bar þó skugga á sigur HK-inga í gær er hornamaðurinn Sigurjón Friðjón Björnsson virtist hafa meiðst illa á ökkla á lokamínútu leiksins. Hann virtist sárþjáður og ekki ólíklegt að HK verði að komast af án hans í dágóðan tíma. Sannarlega skarð fyrir skildi hjá Kópavogsbúum. **eirikur@frettabladid.is**





**ERFFIÐIR VIÐUREIGNAR** Það er ekkert auðvelt verkefni að reyna að halda aftur af Atla Ævari Ingólfssyni og félögum í HK þessa daganna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁRNI MÁR ÁRNASON** Stendura sig vel í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni Már í Old Dominion:

# Besti sundmaður vikunnar

**SUND** Árni Már Árnason er að gera góða hluti með háskólaliði Old Dominion í Bandaríkjunum þar sem hann stundar nú nám.

Árni Már var á dögunum valinn sundmaður vikunnar í CAA-deildinni og er þetta í annað skiptið á þessu tímabili þar sem Árni Már hlýtur þessa viðurkenningu en hann fékk einnig sömu viðurkenningu í októbermánuði.

Árni Már hjálpaði Old Dominion til að vinna sigra á College of Charleston og William & Mary um síðustu helgi. Árni náði þá fimmta besta tímanum í sögu skólans í 200 metra fjórsundi og áttunda besta tímanum í 200 metra skriðsundi. Árni vann einnig 100 metra skriðsund auk þess að hjálpa boðsundliði skólans til að vinna gull í tveimur greinum. **- óój**

Iceland International:

# Alþjóðlegt mót byrjar í dag

**BADMINTON** Iceland International, alþjóðlegt badmintonmót, hefst í dag en klukkan 10 fara fyrstu leikirnir í tvenndarleik fram. Seinna í dag hefst keppni í einliðaleik karla og einliðaleik kvenna.

Átta liða úrslit hefjast klukkan 10 á laugardag og undanúrslit síðar sama dag, klukkan 16.30. Úrslitaleikir verða spilaðir á sunnudaginn frá klukkan 10 til 14. Mótið er haldið í TBR húsunum við Gnoðarvog og aðgangur er ókeypis. **- óój**

Pétur Guðmundsson stýrði Keflavíkurliðinu til sigurs á Fjölnismönnum í Grafarvoginum í gær:

# Vinnum okkur hægt og rólega inn í mótið

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar unnu sinn annan sigur í röð í Iceland Express deild karla í gær er þeir fóru í Grafarvoginn og unnu átta stiga sigur á heimamönnum í Fjölni, 104-96.

Heimamenn voru sterkari í fyrri hálfleik og spiluðu fínan körfubolta, en botninn datt alveg úr leik liðsins í þeim síðari. Keflvíkingar fóru í gang í þriðja leikhluta og lögðu grunninn að öruggum sigri. Mikil breyting er á leik liðsins frá því í byrjun móts og það er ljóst að Keflavík datt í lukkupottinn þegar þeir fengu serbneska leikmanninn, Lazar Trifunovic, en hann fór hreinlega á kostum í gær og skoraði 36 stig.

Pétur Guðmundsson, aðstoðarþjálfari Keflvíkinga, stýrði liðinu í gær sökum þess að Guðjón Skúlason var staddur erlendis.

„Þetta var mjög góður sigur hjá okkur og við erum að vinna okkur hægt og rólega inn í mótið,“ sagði Pétur í gær.

„Þetta var í raun bara mikill sóknarleikur hér í kvöld og lítið um varnarleik. Við verðum að vinna aðeins í vörninni hjá okkur og það er nægur tími til þess enda vinnur ekkert lið mótið í nóvember. Það sem lagði grunninn að þessum sigri hjá okkur var hversu sterkir við vorum inni í teig. Menn börðust vel og uppskáru mikilvæg fráköst. Ég held einnig að við séum bara með töluvert reynslumeira lið en Fjölnir og ákveðin sigurhefð fylgir okkur,“ sagði Pétur.

„Ég var rosalega ánægður með fyrri hálfleikinn hjá okkur, en við töpuðum þessu í þriðja leikhlutanum,“ sagði Örvar Kristjánsson, þjálfari Fjölnis, eftir leikinn í gær.

„Við misstum buxurnar alveg niður á hæla í síðari hálfleiknum og hættum að spila vörn. Ég er samt sem áður mjög ánægður með liðið því þeir gáfust aldrei upp og börðust alveg þangað til að dómarinn flautaði leikinn af. Keflvíkingarnir eru með gríðarlega reynslu sem var okkur erfið og síðan hafa þeir heldur betur dottið í lukkupottinn þegar þeir fengu nýja leikmanninn en hann er svakalega góður,“ sagði Örvar. **– sáp**





FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**GUNNAR EINARSSON** Átti flottan leik í Grafarvoginum í gær.


pepsi
Tvennu tilboð
2 x 16" pizzur með 2 áleggstegundum, ostabrauðstangir og 2 L af Pepsi
verð aðeins kr.
2990
ef þú sækir
Wilson's PIZZA
ATHUGIÐ
12
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
marineraðir hot wings
verð aðeins kr.
399
ef þú sækir
pepsi
Opið til kl. 04.00
um helgar í Gnoðarvogi
líka heimsending
3 staðir 1 símanúmer
581 15 15
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6



> **Sandra Bullcok**

„Ég á mér mjög dýrt áhugamál: að kaupa hús, gera þau upp og rífa þau svo aftur niður bara til þess að gera þau upp aftur. Mig langar virkilega að gerast arkitekt.“

***Sandra Bullock fer með hlutverk ópolandi yfirmanns í rómantísku gamanmyndinni The Proposal sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER SÁTT VIÐ SKERLÁK

# *Nútíma sakamál í höndum Holmes*

Ný sakamálaþáttaröð hefur hafið göngu sína í Ríkissjónvarpinu. Það væri svo sem ekki í frásögur færandi, nema þarna er gamalkunnur spæjari á ferð, Sherlock Holmes, ásamt félaga sínum Dr. Watson og er sögusvið þáttanna Lundúnaborg dagsins í dag. Ég datt óvart inn á þennan þátt síðasta föstudagskvöld og ákvað að láta á hann reyna. Gerði mér þó litlar vonir en oft þegar á að nútímavæða eitthvað gamalt og gott er það með misjöfnum árangri. Það reyndist þó ekki vera í þetta sinn og ég sat sem límd þáttinn á enda.

Holmes og Watson höfðu ekki fyrr hist en þeir voru komnir á fullt í flókna morðrannsókn og áttu í æsilegum eltingaleik við siðblindan leigubílstjóra um öngstræti Lundúna. Benedict



Cumberbatch fer með hlutverk Holmes og tekst vel að skila hinum skrítna, hégómagjarna, hrokafulla en þó heillandi spæjara. Hlutverk Dr. Watsons er í höndum Martins Freeman sem ferst það vel úr hendi. Samband þeirra félaga verður strax einstakt.

Þátturinn var fullur af húmor og skemmtilegum tilsvörum og tilvísunum í gömlu söguna. Það eina sem fór í taugarnar á mér var að stundum birtist texti inn á miðja mynd sem útskýrði hvað var að gerast. Þegar Holmes og Watson hlupu um götur borgarinnar og styttu sér leið til að komast fyrir vonda leigubílstjórann strikaðist leiðin til dæmis með grænni línu eftir borgarkorti á skjánum. Mér fannst það óþarfi.

Ég bíð þó spennt eftir næsta þætti.

## SJÓNVARPIÐ

**16.30 Í Austurdal** Heimildarmynd um Austurdal í Skagafirði, mannlíf og menningu í einni af náttúruperlum landsins.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Sportið** (e)
**18.00 Manni meistari** (23:26)
**18.25 Frumskógarlíf** (7:13)
**18.30 Frumskógar Goggi** (8:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Dalvíkurbyggðar og Skagafjarðar.



**21.20 Sherlock** (2:3) (Sherlock) Breskur sjónvarpsmyndaflokkur byggður á sögum eftir Arthur Conan Doyle. Atriði í myndunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.55 21 gramm** (21 Grams) Bandarísk bíómynd frá 2003. Hræðilegt slys verður til þess að leiðir fársjúks stærðfræðings, syrgjandi móður og fyrrverandi fanga liggja saman.
**01.00 Fyrir handan** (Auf der anderen Seite) Tyrknesk/þýsk bíómynd frá 2007. Tyrkneskur maður fer til Istanbúl að finna dóttur fyrrverandi kærustu pabba síns. (e)
**02.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Hvellur keppnisbíll, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Lalli, Kalli litli kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Glee** (21:22)
**11.50 Mercy** (6:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (1:8)
**13.50 La Fea Más Bella** (270:300)
**14.35 La Fea Más Bella** (271:300)
**15.20 Gavin and Stacy** (3:7)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Tommi og Jenni, Kalli litli kanína og vinir.
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (20:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (21:21)
**19.45 Auddi og Sveppi**
**20.20 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**21.15 Jurassic Park 3** Lokamyndin í þríleiknum um risaeðlurnar.



**22.45 Outbreak** Spennutryllir um banvænan veirusjúkdóm sem blossar upp í smábænum Cedar Creek í Kaliforníu.
**00.50 The Dying Gaul** Áhrifamikil og djörf kvikmynd þar sem stórleikararnir Patricia Clarkson, Campbell Scott og Peter Sarsgaard fara með aðalhlutverkin.
**02.30 Elizabeth: The Golden Age**
**04.20 Logi í beinni**
**05.10 The Simpsons (21:21)**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Without Bias**
**19.05 Inside the PGA Tour 2010**
**19.30 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur helgaður ungu íþróttafólki.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar.
**21.00 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.
**21.30 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**22.20 Ante Up For Africa 1** Sýnt frá European Poker Tour.
**23.10 Ante Up For Africa 2** Sýnt frá European Poker Tour.
**00.00 24/7 Pacquiao - Margarito** Hitað upp með 24/7 fyrir bardaga Manny Pacquiao og Antonio Margarito.
**00.30 24/7 Pacquiao - Margarito**
**01.00 24/7 Pacquiao - Margarito**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**17.00 Everton - Bolton**
**18.45 Chelsea - Fulham**
**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.00 Football Legends - Batistuta** Gabriel Omar Batistuta er talinn einn besti framherji sögunnar og í þessum þætti verður ferill þessa skemmtilega leikmanns skoðaður.
**22.55 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**23.25 Man. City - Man. Utd.**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (9:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (9:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Friday Night Lights** (10:13) (e)
**19.00 Melrose Place** (4:18) (e)
**19.45 Family Guy** (8:14) (e)
**20.10 Rules of Engagement** (3:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.
**20.35 The Ricky Gervais Show** (3:13) Bráðfyndin teiknimyndasería frá snillingunum Ricky Gervais og Stephen Merchant.
**21.00 Last Comic Standing** (10:14) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.
**21.45 Scream Awards 2010** Upptaka frá einni áhugaverðustu verðlaunahátíðinni í Hollywood.
**23.45 Parks & Recreation** (22:24) (e)
**00.10 Sordid Lives** (10:12)
**00.35 Law & Order: Special Victims Unit** (14:22) (e)
**01.25 Whose Line is it Anyway** (15:20) (e)
**01.50 Premier League Poker II** (15:15)
**03.35 The Ricky Gervais Show** (3:13) (e)
**04.00 Jay Leno** (e)
**05.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.00 JBwere Masters 2010** (2:4)
**12.30 JBwere Masters 2010** (2:4) (e)
**17.05 Golfing World** (e)
**17.55 Golfing World** (e)
**18.45 JBwere Masters 2010** (2:4) (e)
**23.15 Golfing World** (e)
**00.05 PGA Tour Yearbooks** (6:10) (e)
**00.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfreyr.
**19.45 Smallville** (4:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
**20.30 Little Britain USA** (6:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni á að grínast í Bandaríkjunum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS: Los Angeles** (13:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
**22.35 Human Target** (4:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
**23.20 The Forgotten** (17:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**00.05 The Doctors**
**00.45 Smallville** (4:22)
**01.30 Little Britain USA** (6:6)
**01.55 Auddi og Sveppi**
**02.25 Logi í beinni**
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jónu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórninni líst lítið á samráðsbetl tæru vinstri stjórnarinnar.
**21.00 Vogaverk** Það gerist flest í Vogunum sem ekki á að gerast, ný gamanþáttaröð á ÍNN.
**21.30 Ævintýraboxið** Íslendingar í ævintýraleit.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**06.20 The Proposal**
**08.05 Dave Chappelle's Block Party**
**10.00 When Harry Met Sally**
**12.00 The Spiderwick Chronicles**
**14.00 Dave Chappelle's Block Party**
**16.00 When Harry Met Sally**
**18.00 The Spiderwick Chronicles**
**20.00 The Proposal**
**22.00 Taken**
**00.00 Revolver**
**02.00 The Godfather 1**
**04.50 Taken**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25
### Logi í beinni



Það er aldrei lognmolla hjá Loga Bergmann, enda hefur hann einstakt lag á að fá viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu. Gestir hans í kvöld eru Dr. Gunni, Heiða Kristín Helgadóttir, varaformaður Besta flokksins, og fótboltasérfræðingurinn Hjörvar Hafliðason.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Smásaga: Krá á Jótlandi **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Fjölradda sveiflusöngur **21.10** Hringsól 22.05 Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.30** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Absolutely Fabulous **15.45** Last of the Summer Wine **16.15** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** My Family **19.30** QI **20.00** Harry and Paul **20.30** Hustle **21.20** My Family **21.50** QI **22.20** Harry and Paul **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** Keeping Up Appearances

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Med andre øjne - handicappet **13.30** Sporløs **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Karlsson på taget **16.30** Rosa fra Rouladegade **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Ørkenens Sønner - Et skud i tågen **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **21.15** Finding Forrester **23.25** Saved

## NRK 1

**12.15** Sesongåpning Beitostølen **14.30** Levende begravet **15.25** V-cup skoyter **15.55** Sesongåpning Beitostølen **16.10** V-cup skøyter **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.35** Norge rundt **19.00** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen **22.15** Kveldsnytt **22.30** Detektimen **23.20** For en Melody!

## SVT 1

**12.50** Robins **13.20** Veronica Mars **14.05** Starke man **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Hundra procent bonde **16.25** Kinas mat **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Skavlan **21.00** Happy, Texas **22.35** Elvis Costello med gäster **23.25** Sinchronicity





**Við tökum sérstaklega vel á móti öllum hópum í nóvember og sá yngsti velur sér máltíð alveg ókeypis!**

Þetta gildir um alla hópa sem telja fjóra eða fleiri, eina skilyrðið er að allir panti sér máltíð.

AMERICAN STYLE

**American Style** • Bíldshöfði 14 • Dalshraun 13 • Nýbýlavegur 22 • Skipholt 70 • Tryggvagata 26 **www.americanstyle.is**



FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.




Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is



*„Það er Pata Pata með Miriam Makeba og eitthvað gott með pabba á harmóníkunni.“*

Linda Björk Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri líkamsræktarstöðvarinnar Hress.

# Assange stofnar fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi

„Þetta er fyrirtæki sem er stofnað í tengslum við Wikileaks, það er engin starfsemi hafin, við erum ekki komnir með húsnæði og ég veit ekki hvenær starfsemi mun hefjast. Það hafa engir starfsmenn verið ráðnir og ég veit ekki hvað við verðum margir,“ segir Kristinn Hrafnsson blaðamaður. Julian Assange, oftast kenndur við Wikileaks, hefur stofnað fjölmiðlafyrirtækið Sunshine Press Productions hér á landi en þetta er sama fyrirtækjanafn og rekstraraðili Wikileaks notar.

Stofnendur fyrirtækisins ásamt Assange eru Ingi Ragnar Ingason tökumaður, Kristinn, sem hefur verið titlaður talsmaður Wikileaks í erlendum fjölmiðlum, og svo Gavin MacFadyen en sá er prófessor í blaðamennsku og mikill þungavigtarmaður í breskum fjölmiðlum. Hann var meðal annars leikstjóranum Michael Mann innan handar þegar hann gerði The Insider með Al Pacino og Russell Crowe í aðalhlutverkum.

Það hefur lengi verið í deiglunni að Wikileaks stofnaði útibú hér á landi. Assange hefur verið á hálfgerðum hrakhólum eftir að sænsk yfirvöld hófu að rannsaka ásakanir um nauðgun á hendur honum. Í viðtali við svissneska ríkissjónvarpið í byrjun nóvember sagðist Assange vera að velta því alvarlega fyrir sér að sækja um hæli í Sviss en það og Ísland væru einu löndin sem Wikileaks gæti starfað í.

Kristinn vildi ekki ræða fyrirtækið í neinum smáatriðum við Fréttablaðið, sagði tilgang þess vera framleiðslu, útgáfu og dreifingu fjölmiðlaefnis, myndefnis og prentaðs máls auk annarra hluta.

**- fgg**



**WIKILEAKS TIL ÍSLANDS?** Julian Assange hefur stofnað fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi undir sama nafni og rekstraraðili Wikileaks notar. Með honum eru Ingi R. Ingason, Kristinn Hrafnsson og Gavin MacFadyen, prófessor í rannsóknarblaðamennsku.


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 27.11. Kl. 13:00 | U | Sun 5.12. Kl. 11:00 | Ö | Sun 12.12. Kl. 14:30 | Ö |
| Lau 27.11. Kl. 14:30 | Ö | Sun 5.12. Kl. 13:00 | Ö | Lau 18.12. Kl. 11:00 | Ö |
| Sun 28.11. Kl. 11:00 | U | Sun 5.12. Kl. 14:30 | Ö | Lau 18.12. Kl. 13:00 | Ö |
| Sun 28.11. Kl. 13:00 | U | Lau 11.12. Kl. 11:00 | | Lau 18.12. Kl. 14:30 | Ö |
| Sun 28.11. Kl. 14:30 | U | Lau 11.12. Kl. 13:00 | Ö | Sun 19.12. Kl. 11:00 | |
| Lau 4.12. Kl. 11:00 | U | Lau 11.12. Kl. 14:30 | | Sun 19.12. Kl. 13:00 | |
| Lau 4.12. Kl. 13:00 | U | Sun 12.12. Kl. 11:00 | | Sun 19.12. Kl. 14:30 | |
| Lau 4.12. Kl. 14:30 | Ö | Sun 12.12. Kl. 13:00 | | | |

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | U | Sun 28.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 12.11. Kl. 20:00 | U | Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.t. | Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 | |
| Fös 19.11. Kl. 20:00 | Ö | Lau 27.11. Kl. 20:00 | Ö | Sun 5.12. Kl. 20:00 | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.11. Kl. 13:00 | Ö | Lau 20.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 28.11. Kl. 15:00 100 sýn. | U |
| Lau 13.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 21.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 5.12. Kl. 13:00 br. sýn.t. | |
| Sun 14.11. Kl. 13:00 | Ö | Lau 27.11. Kl. 13:00 | | Sun 5.12. Kl. 15:00 | |
| Sun 14.11. Kl. 15:00 | U | Lau 27.11. Kl. 15:00 | Ö | Mið 29.12. Kl. 16:00 br. sýn.t. | |
| Lau 20.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 28.11. Kl. 13:00 | | Fim 30.12. Kl. 16:00 br. sýn.t. | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 11.11. Kl. 20:00 | U | Fös 19.11. Kl. 20:00 | Ö | Lau 27.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 12.11. Kl. 20:00 | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 | Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 | Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið 10.11. Kl. 19:00 | U | Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. | Ö | Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. | Ö |
| Sun 14.11. Kl. 19:00 | U | Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. | Ö | | |
| Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas. | U | Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. | U | | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 | Ö |
| Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. | U | Fim 2.12. Kl. 20:00 Aukas. | | | |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. | U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn | Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn | Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn | Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn | Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 | |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn | Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn | Ö | | |

**Íslandsklukkan – á Akureyri** (Hof, menningarhús)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 19.11. Kl. 20:00 | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | Ö | Sun 21.11. Kl. 14:00 | Ö |


# PÉTUR MARTEINSSON: MIKLIR MÖGULEIKAR FYRIR HENDI

# Gamlar íþróttahetjur opna gistiheimili í kexverksmiðju

Handboltahetjan Dagur Sigurðsson, knattspyrnukappinn Pétur Hafliði Marteinsson og athafnamaðurinn Kristinn Vilbergsson hafa skrifað undir fimmtán ára leigusamning á húsnæðinu sem eitt sinn hýsti kexverksmiðjuna Frón við Skúlagötu. Þar hyggjast þremenningarnar opna ódýrt gistiheimili fyrir erlenda ferðamenn. Pétur, Kristinn, vinir og vandamenn hafa að undanförnu hamast við að rífa niður veggi og breyta og bæta eins og þurft hefur.

„Við erum gamlir félagar úr Versló, reyndar erum við Dagur gamlir vinir úr sextán ára landsliðinu í fótbolta,“ segir Pétur þegar Fréttablaðið nær tali af honum. Hann segir þá hafa verið að skoða möguleika á samstarfi og þá rambað á gamla kexverksmiðjuhúsnæðið sem var nánast að hruni komið. „Þarna var engin starfsemi nema á neðstu hæðinni sem hýsir Nýlistasafnið. Við vildum athuga hvort það væri ekki hægt að bjarga þessu húsi frá því að vera rifið, enda staðsetningin frábær.“ Pétur segir hugmyndina hafa verið nefnda fyrst í gríni en svo þegar þeir hafi byrjað að kasta henni eða sparka á milli sín hafi hún alltaf orðið betri og betri og nú séu þeir bara í vinnugallanum á fullu. Það er að segja allir nema Dagur. „Helvítið hann Dagur. Hann þykist bara vera að þjálfa eitthvað í Þýskalandi,“ segir Pétur en Dagur er þjálfari Füchse Berlin í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta og er með liðið í toppbaráttunni. „En um leið og það fer að halla undir fæti hjá honum verður hann kallaður heim og beðinn um að rífa niður nokkra veggi.“

Pétur segir mikla möguleika fyrir hendi hvað nýtingu húsnæðisins varðar, þeir vilji vera með kaffihús og menningaratburði. „Þannig að þetta verður ekki bara ódýr gistiaðstaða fyrir erlenda ferðamenn heldur líka eitthvað sem Íslendingar geta nýtt sér.“ Pétur segir þá ætla að halda í gamla kexverksmiðjuandann og þess vegna hafi þeir meðal annars ákveðið að nefna það Kex Hostel. Þeir ætli sér að fara varlega, reksturinn sé ekki byggður á lántökum.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**GERA ALLT SJÁLFIR** Pétur Hafliði ásamt félaga sínum Viðari Þór við Skúlagötuna. Pétur hefur verið að hamast við að brjóta niður veggi en Dagur Sigurðsson fær hins vegar bara að þjálfa Füchse Berlin í rólegheitunum í þýsku úrvalsdeildinni enda með liðið í toppbaráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


„Einfaldlega **besta** Artemisbókin hingað til.“

The Irish Independent




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

Nær Artemis vopnum sínum áður en óðir róbótar ráðast á jörðina? Ný og æsispennandi saga um glæpasnillinginn **Artemis Fowl**.


# Skrifar hrylling í fæðingarorlofi

„Ég skrifaði fyrsta uppkastið í sumar, þá kasólétt og maður er jú aldrei viðkvæmari en einmitt þá. En bókin fjallar líka um konur og maður er aldrei meiri kona en með nýfætt barn,“ segir Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona.

Hún hefur skrifað uppkast að kvikmyndahandriti eftir bók Steinars Braga, Konur, sem hlaut einróma lof gagnrýnenda árið 2008. Bókin þótti líka dökk og næstum hryllileg og Nanna Kristín viðurkennir að það hafi tekið svolítið á að skrifa handritið. „Ætli ég komi ekki með þetta kvenlega „touch“ á þetta. Annars gaf Steinar Bragi mér ákveðið frjálsræði.“

Nanna Kristín er nú í fæðingarorlofi, sem er einmitt tíminn þegar flestar mæður svífa um á bleiku skýi yfir nýjasta fjölskyldumeðlimnum. Leikkonan hyggst hins vegar nýta sitt fæðingarorlof í að skrifa næsta uppkast að handritinu eftir þessari bók sem Páll Baldvin, þáverandi gagnrýnandi Fréttablaðsins, lýsti þannig að hún kæmi á endanum illa við sálartetrið og ekki síður líkamlega við lesendur. „Ottó Geir Borg ætlar að vinna þetta með mér og við gerum þetta í sameiningu, það er kominn styrkur frá Kvikmyndamiðstöðinni en ekki leikstjóri,“ segir Nanna Kristín en það er framleiðslufyrirtækið ZikZak sem á kvikmyndaréttinn að bókinni.

Nanna Kristín hefur verið ein af fremstu leikkonum þjóðarinnar undanfarið og hún kveðst ekki alveg vera búin að leggja leikaraskóna á hilluna þótt hún einbeiti sér nú að skrifum. „Þegar maður er kasólétt leikkona eru hlutverkin ekkert á hverju strái. Og eftir kvikmyndirnar Börn og Foreldra langaði mig meira að skrifa og framleiða. Ég fékk bakteríuna endanlega þegar ég vann með Valdísi Óskarsdóttur að Sveitabrúðkaupi og Kóngavegi.“

**- fgg**



**BREYTIR TIL** Nanna Kristín Magnúsdóttir nýtir fæðingarorlofið í að skrifa handrit eftir bók Steinars Braga en það er kannski ekki fyrsta skáldverkið sem fólki dettur í hug að láta nýbakaða mæður lesa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

# Ertu með hæfileika?

## Vertu með uppákomu í strætó í desember.

Áttu **leikatriði, tónlist, gjörning, upplestur, töfrabrögð, ljóð** eða annað **listaverk** sem þú vilt koma á framfæri?

Hvernig ætli það taki sig út í strætó?

Láttu ljós þitt skína og sendu okkur sem fyrst línu á **markadsmal@straeto.is** og við verðum í sambandi.

**Vertu númer - vertu í strætó!**

strætó.is

ÍSLENSKA SIA.IS STR 52047 10.2010

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Omaha hrifið af Stefáni



**Stefán Karl Stefánsson** frumsýndi á þriðjudag söngleikinn Þegar Trölli stal jólunum í Orpheum Theater í Omaha. Og Stefán sló í gegn eins og honum einum er lagið. Gagnrýnandi vefsíðunnar omaha.com, Bob Fischbach, fer fögrum orðum um frammistöðu Stefáns, og skilur vel að Íslendingar skuli kalla hann sinn eigin Jim Carrey því hann sé ekki síðri en Hollywood-stórstjarnan í hlutverki græna tröllsins. Gagnrýnandinn segir jafnframt að Stefáni takist jafn vel upp við að kitla hláturtaugarnar og að hræða minnstu áhorfendurna.

### Einstakur atburður

Þjóðþekktir einstaklingar eru fastagestir í Melabúðinni í vesturbæ Reykjavíkur. En vafalítið er það einstakur viðburður í sögu búðarinnar að tveir landbúnaðarráðherrar hafi gert matarinnkaupin á nákvæmlega sama tíma. Það gerðist á miðvikudagskvöldið þegar þeir **Jón Bjarnason** og **Guðni Ágústsson** stóðu hvor við sinn innkaupakassann. Þeir köstuðu stuttri kveðju hvor á annan en Guðni fjárfesti í hrísgrjónagraut og rjóma en Jón hugðist hafa kjúklingabringur í matinn. **- fgg**



### Mest lesið vísir.is

1. Lasermálið upplýst: 14 ára drengur játaði verknaðinn
2. Bóndakona í Skagafirði sá líka dularfulla ljósið
3. Gefur köttum að éta á meðan hún á mat
4. Fyrrverandi öryggisvörður: Leituðu að sprengjum og eltu bíla
5. Breskur ráðherra biður Íslendinga afsökunar







